



RANGÁRÞING YTRA

AÐALSKIPULAG 2010-2022

Greinargerð



16. desember 2010





RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2010-2022



STEINSHOLT

Gísli Gíslason
Ásgeir Jónsson
Ingibjörg Sveinsdóttir

Mynd á forsiðu er af Norðurnámshrauni, Tungnaá og Kirkjufelli.





RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulag 2010-2022

Aðalskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra

þann 16.12.2010



Rangárþing ytra
Sveitarstjórn

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum

þann 10. janúar 2011

Gudinn S. Gunnarsd.

Þórunn Bj. Almaröttir

Aðalskipulag Rangárþings ytra var staðfest af umhverfisráðherra

þann 2. febr. 2011

Sveindís Sævarsdóttir

Þórunn Bj. Almaröttir

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000.



EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	9
1.1	Meginmarkmið aðalskipulags	9
1.2	Tengsl við aðrar áætlanir	10
1.3	Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi	11
1.4	Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum	12
1.5	Samantekt umhverfisskýrslu	12
1.6	Samráð við hagsmunaaðila.....	14
1.7	Athugasemdir á auglýsingatíma	15
1.8	Afgreiðsla nýrrar sveitarstjórnar	17
1.9	Kortagrunnar og uppdrættir.....	18
	FORSENDUR	19
2.	NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR	19
2.1	Veðurfar	19
2.2	Gróðurfar og landgræðsla.....	20
2.3	Jarðfræði.....	22
2.4	Grunnvatn og lindasvæði	23
2.5	Dýralif	24
2.6	Náttúruvá	25
2.7	Hlunnindi.....	28
2.8	Náttúruminjar.....	28
3.	ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ	29
3.1	Mannfjöldapróun, aldursdreifing og íbúaspár.....	29
3.2	Atvinnumál.....	31
3.3	Landbúnaður	32
3.4	Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga	33
3.5	Fornminjar	34
	DREIFBÝLI.....	35
4.	LANDNOTKUN.....	35
4.1	Landbúnaðarsvæði	35
4.2	Íbúðarsvæði í dreifbýli.....	37
4.3	Frístundabyggð	39
4.4	Íbúðarsvæði.....	43
4.5	Þjónustustofnanir	45
4.6	Verslunar- og þjónustusvæði	46
4.7	Sorpförgunarsvæði.....	47
4.8	Efnistökusvæði og haugsvæði	48
4.9	Óbyggð svæði	52
4.10	Opin svæði til sérstakra nota.....	53
5.	SAMGÖNGUR.....	54
5.1	Vegir	54



5.2	Flugvellir	57
5.3	Reiðleiðir	58
5.4	Göngu- og hjólaleiðir	58
6.	VEITUR	59
6.1	Vatnsveita	59
6.2	Fráveita	59
6.3	Rafveita	60
6.4	Hitaveita	61
6.5	Fjarskipti	62
7.	VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ	63
7.1	Þjóðminjaverndarsvæði	63
7.2	Verndarsvæði neysluvatns	64
7.3	Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns	67
7.4	Náttúruverndarsvæði	67
7.5	Hverfisverndarsvæði	68
7.6	Svæði undir náttúruvá	70
	ÞÉTTBÝLI	72
8.	HELLA	72
8.1	Miðsvæði - miðbæjartengd starfsemi	72
8.2	Íbúðarsvæði	73
8.3	Íðnaðarsvæði	75
8.4	Athafnasvæði	76
8.5	Þjónustustofnanir	77
8.6	Verslunar- og þjónustusvæði	78
8.7	Opin svæði til sérstakra nota	79
8.8	Óbyggð svæði	80
8.9	Vernd	80
9.	SAMGÖNGUR	80
9.1	Vegir	81
9.2	Reiðstígar	82
9.3	Göngustígar	82
9.4	Flugvellir	82
10.	VEITUR	82
11.	ÞYKKVIBÆR	84
11.1	Íbúðasvæði	84
11.2	Íðnaðarsvæði	85
11.3	Þjónustustofnanir	85
11.4	Opin svæði til sérstakra nota	86
11.5	Vernd	86
12.	SAMGÖNGUR	87
13.	VEITUR	87



HÁLENDI.....	88
14. LANDNOTKUN - AFRÉTTIR.....	88
14.1 Óbyggð svæði	88
14.2 Lónaðarsvæði.....	89
14.3 Verslunar- og þjónustusvæði	89
14.4 Sorpeyðing	92
14.5 Efnistökusvæði	92
15. SAMGÖNGUR.....	93
15.1 Vegir	93
15.2 Flugbrautir	95
15.3 Gönguleiðir	95
15.4 Reiðleiðir	96
16. VEITUR.....	97
16.1 Háspennulínur	97
17. VERNDARSVÆÐI	98
17.1 Náttúruverndarsvæði	98
17.2 Hverfisverndarsvæði	99
18. HEIMILDIR.....	101
19. MYNDASKRÁ.....	102
VIÐAUKI I – FORNLEIFAR.....	105
VIÐAUKI II - EFNISTÖKUSVÆÐI	120
VIÐAUKI III - ÞEMAKORT	122



1. INNGANGUR

Sveitarfélögin Djúparhreppur, Holta- og Landsveit og Rangárvallahreppur sameinuðust árið 2002 og er þetta fyrsta sameiginlega aðalskipulagið sem unnið er fyrir Rangárþing ytra.

Vinna hófst sumarið 2007 og skipaði sveitarstjórn stýrihóp aðalskipulags og voru í honum Torfi Jónsson, Sigurbjartur Pálsson og Ólafur E Júlíusson og með þeim störfuðu Örn Þórðarson sveitarstjóri og Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi. Steinholt sf var ráðgjafi með gerð skipulagsins. Leitað var samráðs við helstu hagsmunaaðila auk þess sem skipulagið var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar á vinnslutíma.

Aðalskipulag Rangárþings ytra samanstendur af forsendum aðalskipulags og greinargerð sem skiptist í dreifbýli, þéttbýli og hálendi. Í viðaukum er greint frá fornleifum, úrskurðum umhverfismats og þemakortum sem sýnd eru til frekari skýringar mismunandi landnýtingar. Uppdrættir eru í mælikvarða 1:100.000 fyrir hálendið, 1:50.000 fyrir byggðina og 1:10.000 fyrir þéttbýlin á Hellu og Þykkvabæ og auk þess einnig fyrir þjónustukjarna á Laugalandi. Umhverfisskýrsla er í sérstöku hefti.

1.1 MEGINMARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Markmiðum eru gerð skil í hverjum kafla fyrir sig en leiðarljós skipulagsins er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Lögð er áhersla á eftirfarandi markmið:

- að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu.
- að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi.
- að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda, jarðvarma og vatnsafls.
- að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda sem nýtist íbúum sem best.
- að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð til að stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða og bættar tenginga við þjónustu og atvinnu.
- að stuðla að varðveislu sögu- og náttúruminja og annarra umhverfislegra gæða sem m.a. styrkir búsetuskilyrði og ferðaþjónustu á svæðinu.
- að standa vörð um vernd grunnvatns sem auðlindar, bæði sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- að stuðla að gróðurvernd á hálendinu og að öll landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.
- að standa vörð um að góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- að styrkja svæðið til íþróttar og útivistar m.a. með því að tryggja nægt lóðaframboð til frístundastarfsemi og þjónustu á því sviði.
- að tryggja umhverfisvernd viðkvæmra svæða.
- að tryggja mótvægisáðgerðir við framkvæmdir sem skerða verndarsvæði, votlendi eða önnur viðkvæm vistkerfi.

MEGINMARKMIÐ

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.



AÐRAR ÁÆTLANIR

Tekið er tillit til fjölmargra áætlana við gerð aðalskipulags, hvort heldur þær eru lögbundnar eða leiðbeinandi.



Mynd 1. Veidivatnasvæðið er á náttúruminjaskrá.

1.2 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við gerð aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022, í samræmi við matsáætlun, hefur þess verið gætt að áætlunin sé í samræmi við aðrar áætlanir sem tengjast henni. Þær áætlanir sem um ræðir eru;

Aðalskipulag nágrannabyggðarlaga. Þess var gætt að aðalskipulagið væri í samræmi við stefnumið aðalskipulags nágrannasveitarfélaganna hvað varðar þau atriði sem ná út fyrir sveitarfélagamörk og snerta t.a.m. samgöngumál og veitur. Um er að ræða Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022, Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi, Aðalskipulag Rangárþings eystra 2003-2015, Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014 og Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Vaxtarsamningur Suðurlands en meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á vissum kjarnasvæðum.

Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá. Í náttúruverndaráætluninni og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 hefur verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruminjaskrá.

Landgræðsluáætlun 2003-2014. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að endurheimt gróðurs og skóglendis á fjölmörgum svæðum.

Hekluskógar – endurheimt birkiskóga okt. 2005. Gert er ráð fyrir að unnið verði að endurheimt birkiskóga á ofanverðum Rangárvöllum og Landsveit.

Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020. Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 er í samræmi við stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfisráðuneytisins, *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.*

Samgönguáætlun 2007-2018. Skipulagið er í samræmi við stefnu núverandi samgönguáætlunar sem lögð var fyrir Alþingi 2006 – 2007 og er til ársins 2018.

Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015. Aðalskipulag Rangárþings ytra er í meginráttum í samræmi við staðfest Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015. Breytingarnar snúa einkum að aðlögun að nákvæmari kortagrunni og breytingum á landnotkunarflokkum í samræmi við skipulagsreglugerð, kafla 4. Flokkun hefur einnig riðlast að nokkru, m.a. vegna bættra samgangna er farið að selja þjónustu í skálum sem áður voru utan alfaraleiðar. Þá hefur Vegagerðin, með nýjum vegalögum 2008, breytt flokkunarkerfi vega. Öll orkuvinnslusvæði falla undir iðnaðarsvæði og háspennulínur falla undir veitur.

- Þjónustusvæði ferðamanna eru felld undir landnotkunarflokkinn *verslunar- og þjónustusvæði*. Einstakir undirflokkar þjónustusvæða haldast, en fjallað er um jaðarmiðstöðvar og hálandismiðstöðvar í einum flokki; *miðstöðvasvæði ferðamanna*. Bættar vegasamgöngur sem fyrirsjáanlegar eru á skipulagstímanum gera það að verkum að munur á miðstöðvum minnkar verulega. Skálasvæði og fjallasel eru einnig skilgreind sem *verslunar- og þjónustusvæði*, þar sem þau eru nýtt í þágu almennings og þar er jafnan seld þjónusta, s.s. gisting. Fyrir liggur að samvinnunefnd miðhálandis telur að flokkun verslunar- og þjónustusvæða í undirflokk eigi að fara fram á aðalskipulagsstigi en ekki í svæðisskipulagi.
- Samgöngur. Efnistöð vegna vega, flugbrauta, reið- og gönguleiða eru óbreytt frá Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Flokkun hefur þó breyst m.a. er Fjallabaksleið nyrðri nú skráð sem stofnvegur á hálandi. Þverárbotnaleið, sem liggur um Hungurfit og Sultarfit og yfir Hvítmögu við Krók, flyst úr flokki fjallvega í flokkinn einkavegir og aðrar ökuleiðir.



Fjallabaksleið syðri verður öll í flokki fjallvega, þ.e. um Mælifellssand, Hvanngil að Álftavatni þar um Sátubotna að Laufafelli um Skyggnishlíðar að Hafrafelli. Þessi breyting telst smávægileg og kallar ekki á breytingu á gildandi svæðisskipulagi.

- c. Orkuvinnslusvæði eru felld undir landnotkunarflokkinn iðnaðarsvæði. Háspennulínur eru felldar undir *veitur*. Í bréfi samvinnunefndar miðhálandis frá 29. janúar 2003 kemur fram að breytingum á orkuvinnslu á miðhálandinu er vísað til endurskoðunar svæðisskipulagsins í heild. Í ljósi þess er jarðvarmavirkjun á Torfajökulssvæðinu ekki sett inn á skipulagið. Sveitarstjórn væntir þess hins vegar að rannsóknnum á Torfajökulssvæðinu verði haldið áfram og að þær leiði til þess að hagkvæmt reynist að virkja jarðhita á svæðinu og í sátt við náttúruverndarsjónarmið, eins og fram kemur í kafla 14.2.
- d. Náttúruverndarsvæði, almenn verndarsvæði, vatnsverndarsvæði og þjóðminjaverndarsvæði. Náttúruverndarsvæði sem eru á náttúruminjasrá og njóta verndar skv. náttúruverndarlögum eru felld undir landnotkunarflokkinn *Verndarsvæði*. Náttúruverndarsvæði í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 sem ekki eru á náttúruminjasrá eru felld undir landnotkunarflokkinn *hverfisverndarsvæði* (vegna náttúruverndar og lindasvæða).

1.3 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Endurskoðað aðalskipulag er í meginráttum samræming á skipulagi þeirra þriggja sveitarfélaga sem mynduðu Rangárpíng ytra. Hér er fjallað um helstu breytingar sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir.

Dreifbýli og hálendi

Skipulagið gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum á vegakerfinu. Áfram er gert ráð fyrir brú yfir Þverá sunnan Odda og vegtengingu að henni. Gert er ráð fyrir breikkun Suðurlandsvegur í 2+1 veg í gegnum allt sveitarfélagið í samræmi við Samgönguáætlun. Gerð verður öruggari vegtening af Þykkvabæjarvegi (nr. 25) og Árbæjarvegi (nr. 271) inn á Suðurlandsveg. Nánari útfærsla liggur ekki fyrir.

Unnið er að reiðleiðakorti með Hestamannafélaginu Geysi og hefur reiðleiðum fjölgað.

Hvað varðar veitur verður leitast við að nýlagnir og endurnýjun raflína inn á hálendi verði lagðar í jörð auk þess sem nýjar og endurnýjaðar 33 kV línur og minni munu verða lagðar í jörð. Raflína milli Hellu og Hvolsvallar verður endurnýjuð og lögð í jörð.

Gert er ráð fyrir að góð landbúnaðarsvæði verði ekki tekin til landnota sem skerði ræktunarmögleika þess verulega. Þá verða ekki tekin stærri en 50 ha svæði úr hverri jörð til skipulags fyrir íbúða- eða frístundabyggð og þurfa 2/3 hlutar að byggjast áður en ný svæði eru tekin til skipulags innan viðkomandi jarðar. Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum verði heimilt að byggja allt að 1500 m² húsnæði vegna ferðaþjónustu eða verslunar án þess að skilgreina sérstaklega verslunar- og þjónustusvæði.

Gerð er krafa um sameiginleg hreinsivirki á íbúða- og frístundasvæðum þar sem aðstæður leyfa.

Inn koma ný svæði, ætluð fyrir léttan iðnað og þaueldi alifugla (I1, I2, I13) og opnum svæðum til sérstakra nota fjölgar (O7 og O8). Sorpförgunarsvæði við Strönd stækkar til muna, en starfsemin verður áfram með svipuðu sniði.



Þéttbýli

Í Aðalskipulagi Djúpárhrepps 1998 – 2010, sem nú er fellt úr gildi, voru Þykkvibær og Ægissíða skilgreind sem þéttbýli. Í Holta- og Landsveit var Laugaland skilgreint sem þéttbýli og Hella og Gunnarsholt á Rangárvöllum. Með nýju aðalskipulagi er fellt út þéttbýli í Gunnarsholti, Laugalandi og að hluta til á svæði sem kennt er við Ægissíðu 1 og náði yfir land úr Ægissíðubæjum og Bjargi. Þéttbýlið á Hellu stækkar nokkuð og tekur yfir hluta þess svæðis sem skilgreint var sem þéttbýli í landi Ægissíðu. Svæðið sem skilgreint er sem þéttbýli í Þykkvabæ er minnkað.

Hella

Íbúðarsvæði á Skálum II og Vöðum eru felld út og svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Íbúðarsvæði sunnan og vestan Lundar er fellt undir Lundarreitinn og opnað á þann möguleika að þar verði byggðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Vestan Ytri-Rangár kemur íbúðarsvæði, Bjarg (Í14) þar sem áður var gert ráð fyrir blandaðri landnotkun. Hluti svæðis sem var innan þéttbýlisuppráttar Djúpárhrepps, Ægissíða, fellur nú innan landbúnaðarsvæðis.

Miðbæjarsvæði er stækkað og nær það nú yfir pósthúsið (M1) og bankann (M2). Þar var áður verslunar- og þjónustusvæði. Verslunar- og þjónustusvæði stækkar til austurs, við Kanslarann, yfir tvær óbyggðar lóðir.

Hætt er við áætlaða tilfærslu Suðurlandsvegur gegnum Hellu en skv. núverandi skipulagi var áætlað að færa hann sunnar á um 1 km kafla. Þá munu gerðar öruggari veltengingar austan til, Dynskálar/Suðurlandsvegur og við vesturjaðar þéttbýlis.

Vestan Ytri-Rangár er gert ráð fyrir að tengingar Þykkvabæjarvegur og Árbæjarvegur við Suðurlandsveg verði gerðar öruggari. Austan byggðar er gert ráð fyrir hringtorgi sem tengir Dynskála við Suðurlandsveg.

1.4 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið, s.s. lífríki, vatn, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lögin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt.

Í skipulagsáætlun skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Ennfremur skal koma fram hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og greina frá niðurstöðum þess.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn laga um mat á umhverfisáhrifum en skipulagsstjóri ríkisins annast framkvæmd þeirra. Samkvæmt 7. gr. laganna eru ákvæði sem heimila ráðherra að úrskurða að tiltekna framkvæmdir verði umhverfismatskyldar. Þá getur ráðherra ákveðið að meta eigi umhverfisáhrif framkvæmdar ef talið er að fyrirhuguð framkvæmd geti haft umtalsverð áhrif á umhverfið.

1.5 SAMANTEKT UMHVERFISSKÝRSLU

Endurskoðun aðalskipulagsins er háð mati skv. 3. gr. laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þar sem aðalskipulagsáætlunin markar stefnu sem varðar leyfisveitingu til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

LÖG UM UMHVERFISMAT

Í Umhverfisskýrslu skal sérstaklega gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisskýrsla aðalskipulags er í sérhefti.

Umhverfisskýrsla aðalskipulagsáætlunar er byggð á uppfærðum upplýsingum eldri skipulagsáætlana, ýmsum stefnumiðum tengdra áætlana sem tengd voru þeim áherslum sem fram komu á íbúafundum og hjá stýrihópi aðalskipulags. Helstu viðmið voru stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun ásamt ýmsum skuldbindingum sem stjórnvöld hafa gert.

Helstu breytingar við endurskoðun aðalskipulags samræmast stefnumiðum um sjálfbæra þróun og styðja við ýmsar alþjóða-skuldbindingar. Bættar samgöngur með breikkun á Suðurlandsvegi bæta öryggi almennings. Aukið frambod á svæðum fyrir léttan iðnað og ferðapjónustu styrkir atvinnu og efnahagslíf. Bætt skipulag á hálendis svæðum mun vernda betur viðkvæm svæði samfara því að geta veitt betri þjónustu við þann aukna fjölda ferðamanna sem þangað sækir.

Opin svæði til sérstakra nota

- Stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu til, útivistar, skjóls og landbóta, m.a. með verkefninu Hekluslógar og með Kolviði sem er verkefni sem ætlað er að binda kolefni í skógi og jarðvegi.
- Stefnt er að fjölgun opinna svæða í sveitarfélaginu til útivistar og tómstunda, m.a. akstursíþróttasvæði og skotæfinga-svæði.

Efling skógræktar mun styrkja jaðarsvæði, sérstaklega uppsveitirnar þar sem land hentar síður til þaulræktunar. Almenn bætir skógrækt umhverfi sitt til lengri tíma lítið m.a. hvað varðar loftgæði, vatnsmiðlun og jafnvel veðurfar auk þess sem skógrækt styrkir gróðurþekju svæðisins. Þá styrkir skógrækt á rýrum svæðum alþjóðaskuldbindingar varðandi bindingu kolefnis sem og varnir gegn eyðimerkurmyndun og styður þannig við stefnu stjórnvalda um hnattræn viðfangsefni. Huga þarf að fornminjum og að einhverju leyti náttúruminjum þegar skógur fer að breiðast út á Hekluslógasvæðinu. Stefnt er að því að skráningu fornminja verði lokið árið 2014.

Efling starfsemi á sviði útivistar og tómstundaiðkunar bætir möguleika ferðapjónustu á fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðafólk og samhliða styrkir það byggð á svæðinu þar sem aukin fjölbreytni gerir sveitarfélagið eftirsóknaverðara til búsetu. Útivist á skipulögðum svæðum bætir auk þess öryggi þeirra sem hana stunda. Að lokinni auglýsingu var akstursíþróttasvæði í Þykkvabæjar-fjöru fellt út, en áfram verður stefnt að því að finna svæði fyrir starfseminna innan sveitarfélagsins.

Atvinnusvæði

- Virkjanir í Þjórsá eru í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og er áfram gert ráð fyrir þeim. Um er að ræða Urriðafossvirkjun (efri hluta lóns), Holtavirkjun og Hvammsvirkjun. Þessar virkjanir hafa farið í mat á umhverfisáhrifum og standa þeir skilmálar og úrskurðarorð sem fram komu hjá Skipulagsstofnun og Umhverfissráðneyti (sjá nánar viðauka II í Umhverfisskýrslu). Helstu breytingar frá upprunalegum áætlunum eru dregnar saman og skv. þeim hefur verið dregið úr umfangi framkvæmda, framkvæmdum þjappað á minna svæði og lónhæð verið lækkuð við Urriðafoss.
- Unnið verður að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu. Áætlað er að stækka iðnaðarsvæði á Hellu og einnig er gert ráð fyrir 3 nýjum iðnaðarsvæðum í dreifbýli. Þau eru ætluð fyrir léttan iðnað sem m.a. gæti nýtt þá orku sem til verður á svæðinu.
- Stækkun urðunarsvæðis við Strönd hefur farið í mat á umhverfisáhrifum, en álit Skipulagsstofnunar má sjá í viðauka III í umhverfisskýrslu.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafa mikil áhrif á landnotkun. Sveitarstjórn telur að með framkvæmdamati og úrskurði Skipulagsstofnunar og umhverfissráðherra (sjá Viðauka II) sé búið að fjalla um þau áhrif á fullnægjandi hátt. Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á atvinnuþróun og efnahag á svæðinu meðan á framkvæmdum stendur. Virkjunin hefur ekki veruleg áhrif á



landbúnað og mótvægisáðgerðir framkvæmdaaðila eiga að tryggja að veiðihlunnindi munu ekki verða lakari að framkvæmdum loknum. Verkefnið styrkir tekjugrunn sveitarfélagsins til lengri tíma og eykur möguleika á atvinnuuppbyggingu tengdri orkunýtingu í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er í samstarfi við sveitarfélög við Þjórsá um uppbyggingu atvinnu í tengslum við orkuvinnslu á svæðinu og stefnt er að uppbyggingu innan þess atvinnusvæðis sem eykur atvinnumöguleika íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn telur að mótvægisáðgerðir taki á fullnægjandi hátt á þeim annmörkum sem óhjákvæmilega fylgja svo stórum framkvæmdum. Þá munu vegaframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í tengslum við virkjanir styrkja byggð, ferðaþjónustu og annað atvinnulíf, auk þess sem það bætir öryggi íbúa uppsveitanna með fjölgun akfærra leiða yfir Þjórsá.

Iðnaðarsvæði fyrir léttan iðnað munu styrkja atvinnulíf á svæðinu og auka á fjölbreytni þess. Framkvæmdir breyta iðulega ásýnd lands og kunna að hafa neikvæð áhrif á ýmsa náttúrufarslega þætti en sé þess þörf verður gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða. Þá kann iðnaður í nágrenni við virkjanir í Þjórsá að draga úr þörf fyrir langar háspennulínur sem aftur minnkar neikvæð áhrif á umhverfið.

Samgöngur

- Stefnt er að því að Suðurlandsvegur verði breikkaður í svonefndan 2+1 veg í gegn um sveitarfélagið. Samhliða því þarf að huga að æskilegum vegtengingum inn á veginn.
- Skoðaðir voru möguleikar á tilfærslu Suðurlandsvegar út fyrir Lyngás og Rauðalæk.

Áætlað er að breikka Suðurlandsveg í núverandi vegstæði að mestu leyti. Auk þess mun fækkun vegtenginga inn á Suðurlandsveg valda því að hliðarvegir breytast og þar mun gott landbúnaðarland fara undir veg í einhverjum tilfellum. Breikkun Suðurlandsvegar mun hins vegar auka verulega öryggi vegfarenda og íbúa sem búa í næsta nágrenni. Auk þess sem greiðari samgöngur munu stytta ferðatíma og styrkja þannig byggð, atvinnulíf og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og nágannabyggðum.

Skoðaðar voru hugmyndir um færslu Suðurlandsvegar út fyrir Lyngás og Rauðalæk til að auka umferðaröryggi vegarins og til að auðvelda breikkun hans. Vegurinn kæmi til með að liggja yfir gott landbúnaðarland og nærri friðlýstum hellum við Ægissíðu. Þá myndi vegurinn stytta litið eða um 3-400 m. Sveitarstjórn telur að skoða þurfi þessa útfærslu nánar ásamt því að skoða hvaða lagfæringar eru mögulegar á núverandi leið.

1.6 SAMRÁÐ VIÐ HAGSMUNAAÐILA

Haft hefur verið samráð við fjölmarga aðila sem á einn eða annan hátt tengjast þeim þáttum sem aðalskipulagið tekur til. Hér á eftir er gerð grein fyrir samráði sem skilyrt er skv. skipulagsreglugerð, gr. 3.2.

Haft var samráð við Landgræðsluna, Suðurlandsskóga, Skógrækt ríkisins og Hekluskóga varðandi þá hluta landbúnaðarsvæða sem þessir aðilar tengjast.

Leitað var upplýsinga frá Vegagerðinni varðandi námur og vegi auk þess sem Vegagerðin hefur fengið tillöguna til umsagnar. Þá hefur verið leitað til hestamannafélagsins Geysis varðandi reiðleiðir.

Samráð var haft við Flugstöðir varðandi flugvelli.

Samráð var haft við Heilbrigðiseftirlitið vegna vatnsbóla, frárennismála, flugvalla og fleiri mála, auk þess sem þeim var sent tillagan til umsagnar í vinnsluferlinu.



Haft var samráð við Landsnet og Rarik vegna raflína, Orkustofnun og Vatnsveitu Rangæinga vegna veitulagna, auk þess Mílu, Fjarska og LínuNet varðandi legu strengja.

Samráð hefur verið við nágrannasveitarfélög varðandi mörk og þeim var send tillaga til umsagnar á vinnsluferli.

Tillagan var send út til umsagnar fjölmargra aðila í vinnsluferlinu og bárust formleg svör frá Vegagerðinni, Ásahreppi, Skipulagsstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Rangárþingi eystra, Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Flugstöðum og Fiskistofu. Auk þess var tillagan send til Skógræktar ríkisins, Flugmálastjórnar, Biskupsstofu, Umhverfisstofnunar, Almennavarnarnefndar, auk allra aðliggjandi sveitarfélaga.

Íbúafundir voru haldnir í sveitarfélaginu um einstaka málaflökka í október og nóvember 2008 og síðan var opið hús á Hellu þann 2. desember 2008 þar sem staða verksins og tillögur voru kynntar íbúum. Þá var íbúafundur á Hellu 21. nóvember 2009 til að kynna lokatillögu fyrir íbúum sveitarélagsins.

1.7 ATHUGASEMDIR Á AUGLÝSINGATÍMA

Auglýsing aðalskipulagstillögu

Aðalskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu var auglýst í mars 2010 og athugasemdafrestur var frá 17. mars til 27. apríl 2010. Auglýst var á heimasíðu sveitarfélagsins, í Morgunblaðinu, Lögbirtingarblaðinu og Búkollu, auglýsingariti sem borið er inn á hvert heimili í sýslunni.

Athugasemdir við auglýst aðalskipulag

Alls bárust um 20 athugasemdir frá um 70 aðilum. Skipta mátti athugasemdum upp í nokkra meginþætti:

Landnotkun við Ægissíðu

Gerð var athugasemd við landnotkun í landi Ægissíðu IV þar sem landeigandi telur að landbúnaðarland mæti ekki deiliskipulagi varðandi frístundabyggð og íbúðarhús. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að á lögbýlum sé hægt að stunda ferðabjónustu á landbúnaðarsvæðum og einnig er gert ráð fyrir allt að þrem íbúðarhúsum á jörðum yfir 50 ha. Gert verður ráð fyrir að á jörðinni verði verslunar- og þjónustusvæði og skilgreining í greinargerð var útvíkuð.

Akstursíþróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru

Athugasemd var gerð við fyrirhugað akstursíþróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru, bæði vegna þess að það skerði möguleika á annarri nýtingu og að verkefnið hafi ekki verið unnið í samráði við landeigendur. Sveitarstjórn ákvað að fella út akstursíþróttasvæði í Þykkvabæjarfjöru, en áfram verður hugað að svæði fyrir akstursíþróttir innan sveitarfélagsins.

Brú yfir Hólsá við Djúpós

Bent er á að nauðsynlegt er að hafa greiðfæra leið vestur yfir Hólsá frá Bakkabæjum út frá öryggissjónarmiðum m.a. með tilvísun til eldgoss og jökulhlaupa frá Eyjafjallajökli. Sveitarstjórn tekur undir það, en nauðsynlegt er að skoða það mun betur, m.a. út frá umhverfisáhrifum sem af því kunna að leiða og mun verða farið í að skoða þau mál með viðkomandi stofnunum á næsta skipulagstímabili.



Varnargarður við Djúpós

Bent er á að styrkja þurfi Djúpósstíflu til að standast möguleg flóð sem komið gætu niður Þverá. Veitarstjórn tekur undir að huga þurfi að öryggismálum og mun vinna að því með viðkomandi stofnunum að meta þörfina á að styrkja Djúpósstíflu og hvernig að því verði staðið.

Þéttbýli í Þykkvabæ

Gerð er athugasemd við að þéttbýli í Þykkvabæ sé felld út. Óskað er eftir að Þykkvibær verði áfram skilgreindur sem þéttbýli með tilvísun til þróunar við uppbyggingu staðarins, og eins sögulega vegna þess að Þykkvibær sé elsta sveitaborg landsins.

Sveitarstjórn stefnir að því að Hella verði eina þéttbýlið í sveitarfélaginu, enda uppfylla aðrir byggðakjarnar ekki skilgreiningar fyrir þéttbýli skv. skipulagsreglugerð.

Færsla Suðurlandsveggar frá Brekkum að Rangá við Hellu

Athugasemd er gerð við að felld hafi verið úr aðalskipulagstillögu færsla Suðurlandsveggar, sem í vinnsluferli var áætluð frá Brekkum austur að Rangá. Tillaga um þessa færslu Suðurlandsveggar var kynnt á kynningarfundum við gerð aðalskipulags.

Sveitarstjórn kynnti þessa útfærslu sem mætti mikilli andstöðu nokkurra landeigenda og tillagan hlaut litlar undirtektir íbúa og umsagnaraðila. Því mun áfram skoðað hvaða leiðir séu ásættanlegar til að bæta öryggi vegfarenda og íbúa við Rauðalæk og Lyngás.

Vatnsverndarsvæði í Keldnahrauni

Landeigandi gerir athugasemd við afmörkun vatnsverndarsvæðis í Keldnahrauni og telur að ekki hafi verið staðið nægilega faglega að afmörkun vatnsverndarsvæðis. Sumar lindir sem áætlaðar eru til virkjunar séu ekki með stöðugu rennsli og efnainnihald vatns sé ekki ásættanlegt.

Sveitarstjórn áréttar að vatnsverndarsvæði í Keldnahrauni var afmarkað í samráði við sérfræðinga Orkustofnunar við gerð aðalskipulags 2002-2014 og þeirri afmörkun hefur ekki verið breytt. Tekið er undir að æskilegt væri að rannsaka betur vatnsverndarsvæði í Hekluhraunum.

Þjónustusvæði á hálendinu

Athugasemd barst vegna skipulags ferðaþjónustu á hálendissvæðum sveitarfélagsins. Gerð er athugasemd við þá fullyrðingu að komið sé að þörmörkum í Landmannalaugum og óskað er eftir að Ferðafélagi Íslands verði gert kleyft að auka við starfsemi sína í Landmannalaugum. Ennfremur er ekki bent á nýjan stað fyrir hálendismiðstöð og að ekki hafi verið haft samráð við FÍ við gerð aðalskipulagsins. Þá sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir viðkvæmum svæðum á hálendinu og ekki sé tekið á vaxandi umferð vélknúinna ökutækja um hálendið. Þá sé ekki hugað að öryggisþáttum, s.s. hálendisgæslu og vöktun göngufólks.

Sveitarstjórn tekur undir að bæta þurfi skipulag á hálendissvæðum en tekur á þessu stigi ekki undir hugmyndir FÍ um aukna uppbyggingu í Landmannalaugum. Sveitarstjórn mun vinna rannmaskipulag af hálendissvæðum sveitarfélagsins, sem mun taka mið af umhverfis- og almannahagsmunum.

Ein athugasemd barst vegna umhverfisskýrslu sem sneri að verslunar- og þjónustusvæðum á hálendinu. Var farið fram á að þau væru tekin til mats þar sem þau væru mörg og mikið umleikis á sumum þeirra. Sveitarstjórn tekur ekki undir það því



AÐALSKIPULAG

Skv. lögum nr. 73/1997 ber ráðherra að staðfesta aðalskipulag og ber að setja skipulagið fram í greinargerð og á uppdætti.

ætlast er til að umhverfisskýrsla taki á þeim áhrifum sem áhrif breyttrar landnotkunar hafi á umhverfið. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á verslunar- og þjónustusvæðum á hálendishluta sveitarfélagsins.

Niðurstaða sveitarstjórnar

Stefna og viðmið

Stefna aðalskipulagsins tekur eðlilega mið af þeirri landnýtingu sem nú er á svæðinu. Stefnumið sveitarstjórnar eru borin saman við stefnumið stjórnvalda um velferð til framtíðar og sjálfbæra þróun í viðauka, kafla 5.1, við Umhverfisskýrslu. Meginstefna sveitarstjórnar er að stefna áfram að öflugum landbúnaði með eðlilegum þróunamöguleikum (sbr. kafla 4) án þess að ofbjóða landinu með ofbeit, mengun eða á annan hátt. Þá er stefnt að landnotkun á landbúnaðarlandi sem ekki ógnar landbúnaðarframleiðslu. Matvælaframleiðsla er og verður áfram öflug (sbr. kafla 8.3) og stefnt er að því að auka fjölbeytni atvinnulífs m.a. með fjölbreyttari iðnaðarstarfsemi sbr. kafla 4.4. Ferðaþjónusta verður áfram ein af undirstöðum sveitarfélagsins og verður sérstaklega hugað að skipulagi og verndun hálendissvæða m.a. með sérstöku rammaskipulagi hálendissvæða sem unnið verður á sviði ferðaþjónustu og samgangna. Það verður unnið með það að markmiði að vernda sérstætt náttúruferðislandi því að bæta þjónustu við ferðamenn (sbr. kafla 11).

Ofangreindir þættir samræmast stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun og ekki er talin þörf á sérstakri vöktun umhverfis-þátta vegna þessara stefnumiða.

Mótvægisáðgerðir

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 tekur að mestu upp þá landnotkun sem aðalskipulagsáætlanir eldri sveitarfélaganna þriggja fela í sér. Virkjanir í neðri hluta Þjórsár eru framkvæmdir sem farið hafa í umhverfismat. Áætlanir miða við að umfang framkvæmda sé minna en gert var ráð fyrir í umhverfismati virkjananna. Gert er ráð fyrir fjölþættum mótvægisáðgerðum, eins og fram kemur í viðauka I. Sveitarstjórn mun taka endanlega afstöðu til þeirra við afgreiðslu deiliskipulags og framkvæmdaleyfis. Þá hafa verið afmörkuð ný iðnaðar- og athafnasvæði þar sem gert er ráð fyrir starfsemi sem ekki gengur gegn markmiðum um sjálfbæra þróun eða velferð til framtíðar. Tekin verður afstaða til þess hvort þörf er á mót-vægisáðgerðum við þá landnotkun á deiliskipulagsstigi.

Vöktun umhverfisþátta

Ekki er talin þörf á vöktun umhverfisþátta vegna ákvæða aðalskipulagsins, umfram það sem nauðsynlegt kann að verða vegna framkvæmda við virkjanir á skipulagssvæðinu. Tekin verður afstaða til vöktunaráætlana við afgreiðslu deiliskipulags og framkvæmdaleyfis vegna viðkomandi framkvæmdar.

1.8 AFGREIÐSLA NÝRRAR SVEITARSTJÓRNAR

Að loknum kosningum 2010 kemur ný sveitarstjórn að loka frágangi aðalskipulagsins. Sveitarstjórn fór yfir aðalskipulags-tillöguna og á fundi sínum 16. desember 2010 samþykkti hún fyrirbyggjandi tillögu að nýju aðalskipulagi með eftirfarandi breytingum:

Vatnsverndarsvæði í landi Lækjarbotna í Landsveit var breytt lítillega með samþykki landeiganda.

Á Aðalskipulagi Djúparhrepps 1998 – 2010 var Þykkvabær skilgreindur sem þéttbýli. Á auglýsingartíma gerðu 17 aðilar athugasemd við að Þykkvabær væri ekki áfram skilgreindur sem þéttbýli. Fyrri sveitarstjórn féllst ekki á þessar athugasemdir. Ný



sveitarstjórn tók málið upp og féllst á að afmörkun þéttbýlis verði með svipuðum hætti og er í Aðalskipulagi Djúpárhrepps 1998 - 2010.

Athugasemd frá landeigendum Ægissíðu 3, sem barst á auglýsingatíma misfórst og var því ekki svarað samhliða öðrum athugasemdum. Athugasemdin snýr annars vegar að reiðleið sem merkt er inn á landamerkjum Ægissíðu 2 og Ægissíðu 3, sem óskað er eftir að verði felld út. Hins vegar er gerð athugasemd við að felld sé út stofnanasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarsvæði, sem skilgreind voru á Aðalskipulagi Djúpárhrepps 1998-2010. Sveitarstjórn féllst á að fella út umrædda reiðleið og að halda inni landnotkun fyrir verslun og þjónustu og íbúabyggð.

1.9 KORTAGRUNNAR OG UPPDRÆTTIR

Uppdrættir

Kortagrunnar eru unnir á stafræna kortagrunna frá Landmælingum Íslands í mælikvarða 1:50.000 og loftmyndir frá Hnit ehf. Þéttbýlisuppdættir eru unnir eftir loftmyndum frá Hnit ehf. Skipulagsgögn eru í hnitakerfinu ISN93. Auk skipulagsuppdráttar er skipulagið sett fram á nokkrum séruppdráttum til þess að skýra forsendur og helstu þætti aðalskipulagsins. Skipulagsuppdættir eru þessir:

Aðalskipulagsuppdráttur allt sveitarfélagið í mkv. 1:50.000.

Aðalskipulagsuppdráttur af Hellu í mkv. 1:10.000.

Aðalskipulagsuppdráttur af Þykkvabæ í mkv. 1:10.000.

Aðalskipulagsuppdráttur fyrir Rangárvalla- og Landmannaafreitti í mkv. 1:100.000.

Skýringaruppdráttur fyrir þéttbýli á Hellu í mkv. 1:10.000.

Í Viðauka III eru skýringaruppdættir þar sem eru sýndir ýmsir þættir landnotkunar í sveitarfélaginu. Aðalskipulagsuppdættir gilda ef ósamræmi er milli skýringaruppdráttar og aðalskipulagsuppdráttar.

Landamerki

Í tengslum við aðalskipulagsvinnuna voru dregnar saman ýmsar upplýsingar um landamerki einstakra jarða á svæðinu og þau færð inn á stafrænan uppdrátt. Landamerki hafa m.a. verið unnin af Landnotum ehf og landnýtingardeild RALA (nú LBHÍ) sem vinnur að verkefninu "Nytjaland". Landamerki eru einungis sýnd til skýringar á skipulagsuppdætti, en þau eru víða óviss og ekki tæmandi. Við afmörkun einstakra landnotkunarflokka er þó víða stuðst við landamerki.



FORSENDUR

Hér er fjallað um forsendur sem liggja að baki aðalskipulagstillögunnar. Þetta eru; náttúrufar og náttúruminjar, íbúar, atvinna og byggðaðróun ásamt atvinnumálum, opinberri stjórnsýslu og samstarfi sveitarfélaga.

2. NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR

Fjallað er um helstu þætti í náttúrufari í vesturhluta Rangárvallasýslu, vestan Eystri-Rangár. Megináhersla er lögð á láglendi og þá þætti sem snerta byggð og búsetuskilyrði á svæðinu. Einnig er gefið yfirlit yfir náttúrverndarsvæði í landshlutanum.

Varðandi náttúrur svæðisins var stuðst við vinnu úr eldri greinargerðum þar sem ýmsir aðilar unnu yfirlit yfir mismunandi þætti náttúrufars innan marka sveitarfélagsins. Árni Hjartarson hjá Orkustofnun tók saman yfirlit um jarðfræði og skýrsluna; *Vænlegar vatnsbólalindir í Holta- og Landsveit og í Rangárvallahreppi*. Einar Ó. Þorleifsson og Jóhann Óli Hilmarsson tóku saman greinargerð; *Náttúruverndarstaðir á láglendi Rangárvallasýslu vestan Rangár*. Þá tók Jón Gauti Jónsson landfræðingur saman yfirlit um náttúrufar svæðisins.

2.1 VEÐURFAR

Veðurstofa Íslands rekur veðurstöðvar á Hellu (frá 1957) og Hæli í Gnúpverjahreppi (frá 1932). Þessar stöðvar ættu að gefa allgóða mynd af veðurfarinu í Rangárpíngi, bæði inn til landsins og á láglendinu. Eins og fram kemur í töflu hér að neðan og línuriti þá er meðalhiti ársins nánast sá sami á þessum stöðum. Helsti munurinn kemur fram í 0.3°C hærri meðalhita í júlí á Hellu og talsvert meiri úrkomu. Til samanburðar eru sýndar sambærilegar tölur fyrir Reykjavík og Akureyri. Athyglisvert er við þann samanburð að bæði Hella og Hæll eru hærri en viðmiðunarstöðvarnar þegar kemur að meðaltali hámarkshita yfir sumarmánuðina. Reykjavík er hins vegar með hæsta meðaltal lágmarkshita dagsins, þ.e. minnstar sveiflur í hitafari. Þá er eftirtektarvert að meðaltal hámarkshita hvers dags er heldur herra á Akureyri.


Athyglisvert er hve hlýnað hefur síðustu árin en hafa ber í huga að 6 ára tímabil er vart marktækt þegar horft er til heildarsveiflu í veðurfari.

1961-1990	Hella	Hæll	Reykjavík	Akureyri
ársmeðalhiti °C	3.7	3.6	4.3	3.2
meðalhiti í júlí °C	10.9	10.6	10.6	10.5
meðalhiti í jan. °C	-1.8	-1.8	-0.2	-2.2
ársúrkoma mm	1219	1117	799	490

Tafla 1. Meðalhiti áráanna 1961-1990

1998-2004	Hella	Hæll	Reykjavík	Akureyri
ársmeðalhiti °C	4.4	4.4	5.1	4.2
meðalhiti í júlí °C	11.3	11.1	11.3	11.2
meðalhiti í jan. °C	-0.6	-0.4	0.2	-0.6
ársúrkoma mm	1252	1109	851	540

Tafla 2. Meðalhiti áráanna 1998-2004.



Mynd 2. Meðaltal lágmaks og hámarkshita 1998-2004. (Heimild: Veðurstofa Íslands 2008).

2.2 GRÓÐURFAR OG LANDGRÆÐSLA

Í Rangárvallasýslu eru miklar andstæður í gróðurfari. Láglandið er víðast hvar vel gróið þrátt fyrir mikinn ágang sands á ofanverðri 19. öld einkum á Rangárvöllum og Landsveit sem stefndi byggðinni víða í hættu. Afréttirnir eru hins vegar eitt gróður-snaudasta svæði landsins.

Gróðurfar á láglandi

Ekki hefur verið gefið út gróðurkort af skipulagssvæðinu en hjá Náttúrufræðistofnun eru til handrit af gróðurkortum af afmörkuðum svæðum. Þar er land flokkað upp, nokkuð nákvæmlega, skv. flokkunarkerfi sem í grunninn er byggt á kerfi sem Steindór Steindórsson hannaði. Þá liggur fyrir hjá Landbúnaðarskólanum á Hvanneyri, í handriti, einfaldað yfirlitsgróðurkort, sem byggir á greiningu gervitunglamynda og úttekt á svæðum sem eru valin á tilviljunarkenndan hátt og eru svæði greind í 12 flokka.

Í meðfylgjandi töflu er sú flokkun notuð sem grunnflokkun ásamt greiningu frá Skógrækt ríkisins yfir núverandi og áætluð skógræktarsvæði. Hekluskógaverkefnið svonefnda er þar ekki meðtalið, enda langtíma uppgræðsluverkefni sem byggir mikið á sjálfsáningu og annarri landnýtingu samhliða. Taflan tekur einungis yfir „láglandið“ þ.e. það svæði sem er á byggðaupprættinum. Það sem flokkast sem landbúnaðarland er í flestum tilfellum land sem er auðræktanlegt og með fremur þykkari jarðveg, en land sem flokkast sem rýrt land er ýmiss konar land, m.a. ræktanlegt svæði en eru þá áburðarfrekari enda stundum gróður-rýr og lífrænn jarðvegur mun þynnri. Auðræktanlegt land (*Landbúnaðarland og ræktað land*) er yfir 33.000 ha.

Rangárþing ytra	Stærð ha	% af heild
Landbúnaðarland - óræktað	23.340	20,8
Ræktað land	10.601	9,5
Skóglendi	4.275	3,8
Rýrt land	52.740	47,0
Votlendi	5.271	4,7
Annað land	13.873	12,4
Vatn	2.075	1,8
Heildarstærð	112.175	100,0

Tafla 3. Landnýtingarflokkun á láglandi.

Landgræðsla / Skógrækt

Það var vel við hæfi á fyrstu áratugum síðustu aldar að velja höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins (Sandgræðslu ríkisins) stað í Gunnarsholti á Rangárvöllum, í einu mesta uppblásturshéraði landsins. Þessi mikla gróðureyðing náði hámarki á síðari hluta 19. aldar þegar sandfok eyddi gróðri af þúsundum hektara í Rangárvallasýslu eftir mikið kuldaskið sem staðið hafði frá því um 1860. Þótti jafnvel horfa til þess að sandfokið myndi leggja Landsveit og Rangárvelli að mestu í eyði ef ekkert yrði að gert. Þannig er t.d. talið að á svæðinu, sem nú er land Gunnarsholts hafi fyrir rúmum tveimur öldum verið allt að 17 býli sem öll fóru í eyði af völdum sandfoks. Landgræðslusvæði eru eftirtalin:


Nafn svæðis	Hektarar	Nafn svæðis	Hektarar
Árskógar	20.782	Landmannaafréttur	171
Bjalli / Efra og Neðra Sel	89	Landskógar	2.063
Bolholt	2.532	Langibakki	3
Gunnarsholt ofl. jarðir	8.694	Mörk	3.186
Haukadalur	38	Næfurholt	57
Hraunteigur	123	Rangárvallafréttur	1.874
Hrólfssstaðahellir	146	Skarfaness	965
Húsagarður	133	Stóri-Klofi	1.146
Keldnahraun	4.074	Svinhagi	25
Kot	1.550	Tjörvastaðir	402

Tafla 4. Friðuð landgræðslusvæði í Rangárpíngi ytra. (Heimild: Landgræðsla ríkisins 2008).

Frá stofnun Landgræðslu ríkisins 1907 hefur meira verið unnið að friðun og uppgræðslu í Rangárpíngi en í nokkurri annarri sýslu og árangur víða verið góður, þó enn séu nokkur sandfokssvæði utan girðinga. Í töflu Tafla 4 er yfirlit yfir þau svæði sem nú eru friðuð ásamt upplýsingum um stærð svæða. Þrátt fyrir að fjölmörg uppgræðslusvæði hafi verið afhent úr umsjá Landgræðslunnar eru enn tæplega 50.000 ha enn friðaðir á vegum Landgræðslunnar.

Skógrækt hefur verið að eflast mjög mikið. Allmargir aðilar eru komnir í skógræktarverkefni á vegum Suðurlandsskóga, annað hvort í skógrækt og/eða skjólbeltaræktun. Áætla má að búið sé að taka fyrir um 2000 ha á vegum Suðurlandsskógaverkefnis. Auk þess er Skógræktarfélag Rangæinga og aðrir einstaklingar með öflugt uppgræðslustarf.

Hekluskógar eru mikið uppgræðsluverkefni á um 90.000 ha svæði. Verkefnið hefur það að markmiði að græða upp örfoka land og stöðva þannig sandfok og klæða landið í skóg. Varðandi tegundaval er horft til þess skógar sem áður var á þessu svæði, m.a. Landskógar og Árskógar. Til að ná þessum markmiðum áætla menn að koma af stað skógrækt með sáningu og gróðursetningu samhliða því að vinna að almennri uppgræðslu. Gróðursett verður birki, reyniviður og víðir í trjálundi sem síðar munu stuðla að sjálfsáningu tegunda á svæðinu. Aðilar að verkefninu eru bændur og aðrir landeigendur á Hekluskóga-svæðinu, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, landgræðslu- og skógræktarfélag, Landsvirkjun og fleiri aðilar sem stundað hafa uppgræðslu á svæðinu á undanfönum áratugum.



Mynd 3. Fjöldi landeigenda í samstarfi við Suðurlandsskóga 1999-2008.

2.3 JARÐFRÆÐI

Megin jarðmyndunum í vestanverðri Rangárvallasýslu má skipta í fjóra hluta:

Jarðmyndanir	Aldur, ár	Jarðsögutími
<i>Hreppamyndun</i>	800.000 – 3.000.000	Árpleistósen – Plíósen
<i>Hlýskeiðshraun</i>	100.000 – 800.000	Síðpleistósen
<i>Setlög frá síðjökultíma</i>	9000 – 15.000	Hólósen – Síðpleistósen
<i>Nútímahraun</i>	< 9000	Hólósen

Hreppamyndunin hefur að grunni til 5-10° jarðlagahalla til norðurs. Ofan á henni hvíla hallalausar yngri myndanir. Hreppamyndunin er kennd við Gnúpverja- og Hrunamannahrepp í Árnessýslu en hún teygir sig austur fyrir Þjórsá og kemur fram í holtunum við ána frá Urriðafossi að Búðafossi, svo og í Skarðsfjalli. Elsti sýnilegi hluti hennar er við Kálfholt og er 3 milljón ára. Yngstu lögin eru í norðurenda Skarðsfjalls en þau eru um 2,5 milljón ára. Í Hreppamynduninni skiptast á hraunlög og setlög frá hlýskeiðum ísaldar og móberg og jökulberg frá kuldaskiðum.

Hlýskeiðshraunin svokölluðu eru miklu yngri en hraunlög Hreppamyndunarinnar. Þau setja mikinn svip á land í Holta- og Landsveit og teygja sig allt suður að Hrútsvatni í Ásahreppi og að Ægissíðufossi í Ytri-Rangá. Líklegt er að þau liggi einnig undir söndum Rangárvalla. Þetta eru dyngjuhraun en óvíst er hvaðan þau eru runnin. Þau eru ung, e.t.v. frá síðasta eða næst-síðasta hlýskeiði ísaldar og þá ekki nema 100 – 200 þúsund ára. (Kristján Sæmundsson 1970).

Setlög frá síðjökultíma hlóðust upp fyrir samspil jökla, fallvatna, sjávar og vinda í ísaldarlök. Þau eru að langmestum hluta til mynduð á tímabilinu frá því ísaldarjökullinn fór fyrst að hörfa af svæðinu og til þess tíma er Þjórsárhraunið brann. Þetta gæti hafa staðið í um 6000 ár eða frá því fyrir um 15000 árum og þar til fyrir 8700 árum. Setlögin eru af ýmsum gerðum svo sem jökulurð, sjávarset, straumvatnaset og foksandur.



Mynd 4. Þjórsárhraunið er nútímahraun.

Hin svokallaða Búðaröð liggur þvert um svæðið frá Búðafossi í Þjórsá, suður yfir Holt og yfir Ytri-Rangá við Snjallsteinshöfða og Geldingalæk og þaðan þvert yfir Rangárvelli um Gunnarsholt og yfir Eystri-Rangá norður af Stokkalæk. Þetta er margföld röð jökulgarða sem mynduðust, a.m.k. að hluta til, við síðustu umtalsverðu framsýn Suðurlandsjökulsins í ísaldarlök. Meginefni garðanna er fingerður sandur og méla. Malarlög og linsur eru þó víða innan um sem og stærra grjót. Vötn sem flæddu undan jöklinum mynduðu Rangárvelli en þeir eru að uppruna fornir jökulársandar. Þegar þeirri upphleðslu lauk fyrir um 10.000 árum, varð gífurlegt jökulhlaup í Þjórsá og þykk lög af seti og gosösku settust til á láglendinu við ána. Í kjölfarið hófst mikið sandblástursskeið á Miðsuðurlandi þar sem vindurinn blés á rokgyörnum sandauðnunum. Ummerki um það sjást víða á svæðinu þar sem gríðarmiklir sandskaflar og foksandslög hafa runnið saman í mjúkan gjóskurikan sandstein sem nú er hulinn jarðvegi og gróðri. Manngerðir hellar hafa verið grafnir í sandsteininn á fjölmörgum stöðum á Suðurlandi og þeir stærstu og fegurstu eru á Hellum undir Skarðsfjalli.

Nútímahraun. Þjórsárhraunið mikla, sem rann fyrir um 8600 árum breytti mjög jarðsögu Suðurlands, m.a. lokaði það á upp- og slettur sandfoksins. Þetta hraun er hið stærsta sem brunnið hefur hér á landi bæði að flatarmáli og rúmmáli. Það er jafnframt

talið stærsta hraun sem komið hefur upp í einu gosi á jörðinni síðan ísöld lauk. Það kom upp á Veiðivatnasvæðinu en ekki er vitað nákvæmlega hvar, þar sem eldvörpin eru nú að mestu eða öllu leyti grafin í yngri myndanir. Hraunið flæddi niður með farvegi Tungnaár og síðan Þjórsár og þegar niður fyrir Búrfell kom breiddi það úr sér og huldi mest allt undirlendi Landsveitar. Það umlukti Skarðsfjall, flæddi yfir í Gnúpverjahrepp, rann um farvegi Þjórsár og Kálfár gegnum Búðagarðinn og kaffærði Skeið og Flóa. Meðalþykkt hraunsins er um 25 m í Landsveit.

Hekla, drottning íslenskra eldfjalla, er ógnvaldur en um leið stolt þeirra byggðarlaga sem hér um ræðir og rís fjalla hæst við sjóndeildarhring. Hekla er megineldstöð sem hefur verið virk síðan síðla á ísöld. Í fyrstu hlóðust einkum upp móbergshryggir sem nú mynda undirstöður Heklu sjálfrar, svo sem Norður- og Suðurbjallar, Litla-Hekla, Bjölfell, Selsundsfjall o.fl. Jöklar ísaldar hurfu af Heklusvæðinu fyrir um 10.000 árum. Á fyrstu árpúsundunum þar á eftir urðu allmörg basaltgos á þessum slóðum og teygja basalthraunin sig frá fjallsrótum Heklu og niður um Rangárvelli. Hraunbreiðurnar inn af Gunnarsholti eru hluti af þeim. Víkingslækjarhraun rann lengst þessara hrauna. Það komst að Búðaröðinni við Gunnarsholt og sveigði síðan vestur með henni og náði allt að Ytri-Rangá við Geldingalæk. Önnur stór hraun frá þessum tíma eru Krókahraun og Keldnahraun eða Knafahólahraun við Heklubraut og norður af Keldum.

Saga Heklu eins og við þekkjum hana í dag hófst fyrir um 7000 árum. Í rótum hennar hafði þá myndast kvikuholf sem leiddi til þess að hún fór að gjósa súrum og ísúrum gosefnum einkum líparíti og andesíti. Saga þessa tímabils er best þekkt af vitnisburði öskulaga í jarðvegi, en miklu minna er vitað um hraunrennsli frá henni. Þessi öskulög finnast um allt land þó þau séu þykkust í næsta nágrenni Heklu. Ríkjandi suðlægar áttir hafa valdið því að mun fleiri Heklulög finnast norðanlands en á Suðurlandsundirlendinu. Útbreiddustu og auðþekkjanlegustu Heklulögin eru ljós líparítölög en Hekla hefur einnig gosið dökkum vikri og ösku úr andesíti og basalti.

Mesta gos sem orðið hefur í Heklu (H3) varð fyrir um 2900 árum. Gosmökkinn lagði einkum til norðurs og norðausturs og lagðist sem ljóst teppi yfir um 80% af flatarmáli landsins. Í grennd við fjallið eru vikurlögin frá þessu gosi allt að 6 m þykk. Víkurnámurnar við Ytri-Rangá og austan undir Búrfelli eru frá þessum tíma. Talið er að Hekla hafi gosið yfir 20 sinnum frá því land byggðist og hafa sum gosanna haft veruleg áhrif á byggð og búsetu í nágrenni fjallsins. Hekla gaus árið 1991 og 2000 og voru þau gos lítil og höfðu fremur lítil áhrif á gróður, dýralíf og mannlíf.

Jarðskjálftasprungur er víða að finna á svæðinu. Þær tengjast þverbrotabelti sem sker Suðurland frá austri til vesturs. Sprungusvæðin hafa nú verið kortlögð og koma þá í ljós ákveðin sprungukerfi sem virðast tengjast misgengjum í jarðskorpunni undir niðri (sjá kafla Jarðskjálftar). Jarðskjálftasprungur hafa mikil áhrif á vatnafar, bæði heit og köld grunnvatnskerfi. Þetta á t.d. við um vatnsbólalindir í Holtum, s.s. Götuveitu og Bjálmholtsveitu. Þá eru öll helstu jarðhitasvæði á Suðurlandi talin vera í beinum eða óbeinum tengslum við jarðskjálftasprungur. Fyrir vikið eru grunnvatnskerfin viðkvæm fyrir yfirborðsáhrifum. Í stórum jarðskjálftum getur vatnsmagn lenda aukist eða minnkað eftir atvikum og jarðhiti horfið eða birst á yfirborði.

2.4 GRUNNVATN OG LINDASVÆÐI

Haustið 2000 tók Orkustofnun saman skýrslu um lindir og lindasvæði í Holta- og Landsveit sem og í Rangárvallahreppi í þeim tilgangi að skilgreina möguleg vatnsbólssvæði til framtíðarnota fyrir sveitarfélög í vestanverðu Rangárþingi. Helstu niðurstöður eru þær að víða í Landsveit og um efri hluta Rangárvalla er gnægð lindavatns af góðum gæðum og ættað af hraunasvæðum ofarlega í Landsveit. Hugsanleg framtíðarvatnsból eru talin í lindum við jaðar Merkurhrauns og Flatahrauns, einnig við jaðar Þjórsárrauns á svæðinu frá Lækjarbotnum og að Kerauga. Jafnframt var bent á lindir Geldingalækjar sem ákjósanlegt viðbótarvatnsból fyrir Hellu og byggð austan Ytri-Rangár.



Mynd 5. Vatnslind.



Mynd 6. Himbrimi.



Mynd 7. Rjúpa.

Í skýrslu Orkustofnunar (2000) og ISOR (2008) var gerð nánari athugun og rannsókn á nokkrum völdum lindasvæðum með tilliti til nýtingar. Á grundvelli þessara rannsókna sem gerðar voru á umhverfisaðstæðum, mengunarhættu, efnainnihaldi lindavatns og rennsli falla aðeins tvö hinna rannsökuðu svæða út, vegna mengunarhættu, þ.e. Lækjarbotnar og lindin við Hróarslæk. Á hinum stöðunum, þ.e. Vatnagarðslæk og Tjarnarlæk við Flatahraun, Tvíbytnulæk, Keraugu, Geldingalæk, efstu lindasvæði Hróarslækjar og Stokkalæk við Kirkjuhól, er alls staðar gott vatn í nægu magni, þó líklega best í Vatnagarðslæk og Stokkalæk. Þar er einnig lítil mengunarhætta og auðvelt aðgengi.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags var þessi skýrsla endurskoðuð af ÍSOR í desember 2008. Eldri niðurstöður eru að mestu staðfestar, aðeins er þó breytt mörkum vatnsverndarsvæðis í Merkurhrauni.

Vatnsverndarsvæðum er skipt í þrjá flokka og eru þeir eftirfarandi:

Brunnsvæði hið næsta vatnsbólinu sjálfu. Þar er algjör friðun. Stærð þessa svæðis skal vera minnst 5 m frá vatnsbóli, en stærðargráðan 50 x 50 m er oft æskileg.

Grannsvæði er sá hluti aðrennslissvæðisins sem næst liggur vatnsbólinu. Þar ber að forðast alla aðsteðjandi mengun.

Fjarsvæði er hinn fjarlægari hluti aðrennslissvæðisins. Þar er mengunarhætta minni og ekki er þörf á eins strangri vernd og gildir um grannsvæðin. Þessi svæði eru oft mjög víðfeðm, t.d. þar sem vatnstaka er í áreyrum.

2.5 DÝRALÍF

Fuglar


Nokkuð fjölbreytt fuglalíf einkennir votlendissvæði í vestanverðri Rangárvallasýslu. Um 40 fuglategundir verpa á svæðinu og eru andfuglar og vaðfuglar mest áberandi. Á vorin nýta fuglar sér frjósöm láglend votlendissvæði til undirbúnings fyrir varp en jafnframt eru votlendissvæðin varp kjörlandi nokkurra tegunda.

Af vaðfuglum eru lóupræll, hrossagaukur, stelkur, óðinshani og jaðrakan algengastir varpfugla en heiðlóa, spói og jafnvel tjaldur nýta sér votlendin til fæðuöflunar. Andfuglar eru margir hverjir grasbítar sem lifa við vötn og blautar mýrar. Ált, gæs og buslendur sjást í hópum við Hrútsvatn, Frakkavatn, Rifshalakotsvatn, Austvaðsholt, Flagbjarnarholt, Oddaflóð og Lambhagavatn á vorin og haustin. Hluti þessara andfugla verpir víða á svæðinu og er Lambhagavatn einn helsti varpstaðurinn. Aðrir dvelja skemur við á vorin, t.d. heldur blesgæs áfram ferð sinni til Grænlands og heiðagæsin heldur upp á hálendið ásamt hluta álfanna. Stokkönd, urtönd og rauðhöfðaönd eru algengastir buslanda og hin sjaldgæfa grafönd verpir við Lambhagavatn og e.t.v. við Oddhól. Gulönd er sjaldgæfur varpfugl á Suðurlandi en sést á sumrin á ám og lækjum við Heklurætur, á Hróarslæk og Skarðslæk. Toppönd og straumönd sjást á svipuðum slóðum en straumöndin er algengust á Eystri- Rangá. Skúfönd verpir við nokkrar tjarnir og vötn t.d. við Oddhól og grágæs verpir nokkuð víða. Tvö til þrjú flórgoðapör verpa við Stúfholtstjörn og brandugla verpir í mýrlendum umhverfis Frakkavatn. Báðar þessar fuglategundir eiga höfuðstöðvar sínar á Suðurlandsundirlendinu í Holta- og Landsveit. Talið er að flestum tegundanna, sem hér hafa verið nefndar, hafi fækkað í kjölfar framræslu mýrlendis á Suðurlandi upp úr 1940 og urðu óðinshani og flórgoði líklega verst úti. Þá hefur keldusvín sem fyrrum verpti á svæðinu látið sig hverfa með öllu.

Af öðrum votlendistegundum má nefna svartbak, silamáf og kríu sem verpa m.a. víða með Þjórsá. Hettumáfur finnst m.a. við Austvaðsholt og lómur við Hrútsvatn. Í mólendi eru þúfuttittlingur, spói og heiðlóa algengustu tegundirnar en rjúpa verpir þar einnig. Á melum og öðrum lítt grónum svæðum verpa sandlóa, tjaldur og jafnvel kjói. Við Oddhól er rakt sandlendi þar sem



Mynd 8. Veidimaður í Veidivötnum.



Mynd 9. Fjöldi veiddra laxa í Rangám og Hólsá. (Veidimálastofnun og Textavarp sjónvarps 2007 og 2008).

óvenju mikið er af lóupræl og spóa auk sandlóu, heiðlóu og kjóa. Slíkt sandlendi, og fuglalífið sem það elur, er talið nokkuð einkennandi fyrir Rangárvallasýslu og ber að gefa gaum við ráðstöfun lands.

Spendýr

Villt spendýr innan svæðisins eru eins og víðast er; mýs, minkur og refur. Greni á Rangárvöllum voru kortlögð af Sigurði Ásgeirssyni fyrir og um síðustu aldamót. Almennt er talið að ref hafi fjölgað mikið síðustu ár og sækir refurinn af þeim sökum langt niður í byggðina, allt niður að sjó. Sérfræðingar taka undir þá skoðun að ref hafi fjölgað mikið á sunnan og vestanverðu landinu en ekki er til tölfræði sem sýnir fram á þessa fjölgun. Veiditölur eru nokkuð sveiflukenndar milli ára en geta þó gefið ákveðna vísbendingu.

Lax og silungur

Laxveiði hefur aukist mjög mikið undanfarin ár samfara því að miklu magni seiða hefur verið sleppt í Rangá eystri og ytri. Leyfðar hafa verið 18 stangir í hvorri á síðustu ár og hefur veiðin verið sérstaklega mikil síðustu tvö ár. Eftirfarandi tafla sýnir veiði síðustu 12 árin. Heimild er af heimasíðu Veidimálastofnunar nema síðustu tvö árin en upplýsingar um þau eru af textavarp, laxasíðu og væntanlega óstaðfestar tölur;

1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
2.960	3.848	2.536	3.744	5.466	1.791	3.443	6.285	7.413	6.930	13.874	20.834

Tafla 5. Laxveiði í Eystri- og Ytra-Rangá og Hólsá 1997-2008.

Talsverð sjóbirtingsveiði er í Rangánum (Hólsá) og Fiská en veiðin hefur verið nokkuð sveiflukennd á milli ára skv. tölum frá Veidimálastofnun sem ná til árána 1997 til 2006;

1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
635	468	487	494	547	216	772	934	594	398

Tafla 6. Sjóbirtingsveiði í Rangám og Hólsá 1997-2006.

Fjöldmörg vinsæl veiðisvæði; vötn, ár og lækir eru innan marka sveitarfélagsins, m.a. Veiðivatnasvæðið sem er eitt eftirsóttasta veiðisvæði landsins. Þá er einnig nokkur netveiði í Þjórsá og veiðist þar aðallega lax og sjóbirtingur.

2.6 NÁTTÚRUVÁ

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) kafla 5.6 eru svæði undir náttúruvá skilgreind sem svæði „þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari“. Samkvæmt lögum er það hlutverk Almannaþingis ríkisins að skrá og gera úttekt á hættusvæðum á landinu og framkvæma hættumat. Hingað til hefur þessi vinna nær eingöngu einskorðast við þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Ljóst er að skipulagssvæðið er í hæsta áhættuflokki hvað snertir jarðskjálfta en stórskjálftar hafa riðið yfir Suðurlandsbeltið á 50-100 ára fresti.

Í grófum dráttum má skipta áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlisleg- og efnahagsleg áhrif. Hverjum þessara þátta hefur síðan verið skipt upp í bein áhrif og afleiðd áhrif. Þá er ljóst að náttúruhamfarir geta hafa áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngukerfi skemmast eða eyðileggjast. Það tjón sem einkum hlýst af jarð-

skjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu (heitt og kalt vatn) og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamsfara s.s. skriðufalla og flóða í ám.

Jarðskjálftar

Rangárþing liggur austast á virkasta jarðskjálftasvæði landsins. Þetta skjálftasvæði er hluti af miklu umbrotabelti, sem liggur í gegnum allt landið frá Reykjanestá og norður í Öxarfjörð. Beltið markar flekaskil milli tveggja af stærstu jarðskorpuþekum jarðarinnar. Rek þessara fleka veldur skjálftavirkni þar sem syðri hluti Suðurlandsundirlendisins fylgir Evrasíuflekanum á austurleið sinni meðan norðurhluti þess fylgir Norður-Ameríkuflekanum til vesturs. Vegna þessara hreyfinga safnast fyrir spennan í jarðskorpunni sem að lokum leiðir til þess að hún brestur og hrekkur til. Stærstir verða skjálftarnir á beltinu sem liggur eftir Reykjanesskaganum, um Ölfus og austur í hátt að Heklu. Á þessu beltinu hafa orðið margir stórir skjálftar, allt að 7 á Richter, frá því land byggðist og hafa að minnsta kosti 39 þeirra valdið umtalsverðu tjóni. Sprungu- og misgengishreyfingar á þessu skjálftasvæði eru með nokkuð óvenjulegum hætti. Hver einstakur skjálfti virðist verða vegna hreyfinga á sprungu með N-S stefnu, sem er þvert á sjálft skjálftasvæðið sem er með A -V stefnu. Hreyfingarnar hafa þannig lárétta stefnu að austurbarmur misgengisins hrekkur til suðurs en vesturbarmurinn til norðurs. Nú hefur verið unnið sprungukort af rúmlega 20 km breiðu beltinu sem liggur frá Kömbum allt austur til Heklu. Kortið sýnir sprungusvæði þar sem sprungur sem verið hafa virkar síðustu 10.000 árin. Þó benda sérfræðingar á að virkar sprungur kunni að finnast utan þessa svæðis og hafa þarf það í huga þegar grafið er fyrir nýjum mannvirkjum.

Þá hafa sérfræðingar dregið saman eftirfarandi staðreyndir um skjálftasvæðið í heild sinni.

- Tjónasvæði skjálftanna eru aflöng í N-S stefnu og stefna þannig þvert á skjálftabeltið sjálft. Þetta er í samræmi við það að upptök skjálftanna eru á N-S sprungum.
- Skjálftar á austurhluta svæðisins, þ.e. austan Þjórsár eru stærri (allt að 7 á Richter) en á vesturhlutanum.
- Skjálftavirknin gengur oft yfir í hviðum. Hver hviða byrjar austan til með skjálftum um 7 stig en síðan færir virkinn yfir á vesturhlutann þar sem skjálftar verða heldur minni.
- Hviður ganga yfir á 80 ára fresti að meðaltali. Stysta bil milli hviða er 45 ár en lengst hefur það verið 112 ár. Hviður standa mislengi, frá tveimur dögum til þriggja ára.
- Auk hviðanna verða stundum skjálftar eða skjálftahrinur sem bundnar eru við vestur- eða austurenda svæðisins. Þannig hrinur riðu t.d. yfir Rangárþing árin 1829, 1912 og 1987.

Suðurlands skjálftarnir 17da og 21. júní árið 2000 létu á uppsafnaðri spennu og í skýrslu sem unnin var í kjölfar þeirra áætla þeir Ragnar Stefánsson, Gunnar Guðmundsson og Páll Halldórsson að við skjálftana hafi losnað um fjórðungur þeirrar spennu sem þar hafði byggst upp. Skjálftinn í maí 2008 sem varð í Ölfussi er á vesturhluta svæðisins og hafði lítill áhrif á austurhlutann.

Eldvirkni

Hekla er helsti ógnvaldur byggðarlaga í vestanverðri Rangárvallasýslu. Hún er virk megineldstöð og hefur gosið 18 sinnum frá því land byggðist. Nokkur þessara gosa hafa haft áhrif á byggð og búsetu í nágrenni fjallsins. Þannig er líklegt að í fyrsta stóra gosinu árið 1104 hafi jarðir farið í eyði sem tilheyrðu Rangárvallahreppi og jafnvel Holta- og Landsveit þótt engar heimildir staðfesti það. Í gosinu 1389-90 fór kirkjustaðurinn í Skarði hinu eystra undir hraun svo og Tjaldastaðir og e.t.v. fleiri bæir. Gosið 1510 varð einnig órlagaríkt fyrir byggðir víða um Suðurland ekki síst á Rangárvöllum og í Landsveit, en þá varð gifur-



Mynd 10. Hekla og Valafell.

lega mikið öskugos í háfallinu eftir langt goshlé í norðaustan átt þannig að öskunni rigndi yfir byggðirnar suðvestan við fjallið. Þótt land hafi náð að gróa upp fljótlega eftir gosið varð jarðvegurinn mjög öskublandinn sem auðveldaði vindinum eyðingarstarf sitt á uppblástursskeiðinu mikla á 19. og 20. öldinni þegar Rangárvellir og Land blésu upp svo lá við landauðn.

Í ljósi jarðfræði Heklu, rannsókna og ritaðra heimilda þá stafar byggðinni í grennd við Heklu einkum ógn af henni eftir löng goshlé, en þá eru mestar líkur á kröftugum sprengigosum. Hekla hefur hins vegar verið mjög virk undanfarna áratugi sem dregur mjög úr líkum á miklum gjóskugosum. Þá hefur túlkun jarðfræðinga á niðurstöðum þéttriðins nets jarðskjálftamæla sýnt að gefa má haldgóðar vísbendingar um yfirvofandi eldgos í Heklu.

Þá eru fleiri virkar eldstöðvar í nálægð sveitarfélagsins og má þar m.a. nefna Eyjafjallajökul og Kötlu en íbúum sveitarfélagsins stafar helst hætta af hamfarahlaupum í tengslum við eldsumbrot þar.

Jökulhlaup

Katla í Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökull eru virkar eldstöðvar sem við eldsumbrot geta valdið hamfarahlaupum sem stundum koma niður farveg Markarfljóts og sé um stórhlaup að ræða getur það haft áhrif allt vestur Háfshverfi. Árið 2002 var óskað eftir að unnið yrði hættumat fyrir svæðið allt sem nú hefur verið gert. Þar var gert ráð fyrir að flóð gæti annars vegar verið með hámarksgildi allt að 100.000 m³/sek og hins vegar með hámarksgildi allt að 300.000 m³/sek. Rannsóknir benda til að stærsta hamfarahlaup sem hafi farið við Húsadal hafi verið allt að 250.000 m³/sek. Rannsóknir benda til að síðast hafi hamfaraflóð farið um Markarfljótsaura og m.a. eytt skógi í Drumbabót skómmu fyrir landnám eða á árabílinu 730 til 850. Skv. matinu kann flóð af völdum goss undir jökli að ná að Bakkabæjum á 6 klst. og áhrif flóðs gæti orðið í Þykkvabæ og allt vestur undir Háfshverfi. Gerð hefur verið viðbragðsáætlun og almannavarnaæfing vegna flóðs til vesturs hefur einnig verið haldin enda eru dæmi um flóð til vesturs þótt í flestum tilfellum falli flóð undan Mýrdalsjökli til austurs um Mýrdalssand.



Mynd 11. Svæði þar sem vatnsdýpi verður meira en 2 metrar, miðað við flóð allt að 300.000 m³/s. Mynd úr skýrslu á hættumati vegna Hamfarahlaups úr vestanverðum Mýrdalsjökli.

Aðrar náttúruhamfarir

Í ljósi jarðfræði og jarðsögu svæðisins, landslags og ritaðra heimilda getur staðbundið tjón í byggð enn fremur hlotist af flóðum í ám (tengist m.a. jarðskjálftum), uppblæstri og ofviðri.

2.7 HLUNNINDI

Hagnýt jarðefni

Engin heilstæð úttekt hefur verið gerð á hagnýtum jarðefnum á svæðinu. Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 ber að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku. Gerð er grein fyrir efnistökuðum í greinargerð aðalskipulagsins.

2.8 NÁTTÚRUMINJAR


Skv. Náttúruverndarlögum skiptast friðlýstar náttúruminjar í a) Þjóðgarða b) Friðlönd c) Náttúruvætti d) Friðlýstar lífverur, búsvæði, vistgerðir og vistkerfi. e) Fólkvanga

Friðlýst svæði og minjar eru mjög misjafnar og umgengisreglur einnig. Um sum svæði gilda sérstök lög meðan um önnur svæði eru almennar umgengisreglur. Einnig er misjafnt hvernig eignarhaldi svæðanna er háttað.

Á skipulagssvæðinu er fjöldi náttúruverndarsvæða, bæði á láglendi og á afréttum. Þessi svæði eru auðkennd á skipulags-uppdrætti. Engir þjóðgarðar né fólkvangar eru innan skipulagssvæðisins. Á náttúruverndaráætlun eru bæði stækkun Þjórsárvera og Hekla/Hekluhraun. Þá eru fjölmargar plöntur á váliða sem ekki eru tíundaðar hér en skv. reglum er óheimilt að skerða þær né búsvæði þeirra. Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá eru talin upp í greinargerð aðalskipulagsins.



Mynd 12. Í Friðlandi að Fjallabaki.



Mynd 13. Aldursskipting íbúa í Rangárpíngi ytra borin saman við allt landið. (Heimild: Hagstofan vefsíða 2008).


3. ÍBÚAR, ATVINNA OG BYGGÐ

Eftirfarandi umfjöllun um mannfjölda byggir á opinberum gögnum frá Hagstofu Íslands – heimasíðu 2008. Aðrar upplýsingar tengjast nýjum áhersluþáttum sveitarfélagsins vegna þróunar byggðar.


3.1 MANNFJÖLDAÞRÓUN, ALDURSDREIFING OG ÍBÚASPÁR

Á áttunda áratug 20. aldar fjölgaði íbúum um tæp 25% og má að hluta rekja það til fólksflutninga vegna Heimaeyjargossins og virkjanaframkvæmda á Þjórsársvæðinu. Á 9. áratugnum dró verulega úr fjölgun en þá var hún 2%. Síðasta áratug aldarinnar var fólksfjölgun um 3,5%, sem var svipuð fólksfjölgun og á Suðurlandi, en verulega minna en á landinu í heild.

Í samanburði við aldur þjóðarinnar er aldursskipting íbúa í sveitarfélaginu nokkuð eðlileg. Þó eru íbúar á aldrinum 20 til 40 ára heldur færri en landsmeðaltal sem er svipað og hjá mörgum sveitarfélögum sem fjær búa framhalds- eða háskólasvæðum sbr. skýrslu Bygðastofnunar 2008. Þrátt fyrir að drengir undir 10 ára séu áberandi færri en landsmeðaltal gefur til kynna þá er fjöldi barna og unglunga umfram landsmeðaltal og drengir 10-19 ára eru umtalsvert fleiri.



Mynd 14. Íbúapróun í Rangárpíngi ytra 1. janúar 1998-2009. (Heimild: Hagstofan vefsíða 2008).



Mynd 15. Áætluð íbúðapróun 2008-2022. (Heimild: Hagstofan vefsíða 2009).

Íbúar í Rangárpingi ytra voru 1604 þann 1. jan. 2009 og hafði þeim þá fjölgað um rúm 16% frá 1998. Það er árleg fjölgun um rúm 1,4% á ári sem er svipuð fjölgun og á Suðurlandi, lítið eitt minna en landsmeðaltal sama tímabils sem telst vera innan við 1,5% á ári.

Konum hefur fjölgað heldur meira en körlum svo munar um þrem prósentustigum. Fjölgun innan sveitarfélagsins hefur verið nær eingöngu bundin við Hellu en 1. jan 1998 eru íbúar 1382, þar af 777 utan Hellu en 605 eru á Hellu. Þann 1. jan. 2009 eru íbúar Hellu orðnir fleiri en íbúar dreifbýlis, 806 á Hellu en 798 í dreifbýli og öðrum þéttbýliskjörnum, alls voru íbúar í ársbyrjun 1604. Því hefur íbúum dreifbýlis einungis fjölgað um hálf tannað prósentustig á þessu tímabili þrátt fyrir allmikil umsvif í dreifbýli og talsverðar breytingar á eignarhaldi og ábúðarformi. Íbúum sveitarfélags fjölga lítillega umfram meðaltal Rangárvallasýslu (sjá Tafla 7) og eru rúm 45% íbúa í stað tæplega 43% árið 1998.

Á tímabilinu 2009 til 2022 spáir Hagstofan að landsmönnum fjölgi að meðaltali um rúmlega 0,5% árlega. Þar er áætlað að heldur dragi úr fjölgun landsmanna til 2012 en aukist síðan upp úr því.


Gangi spá hagsofu eftir innan sveitarfélagsins mun fjöldi íbúa verða um 1670 árið 2022 en árleg fjölgun í sveitarfélaginu hefur verið tæplega 1,4% og áætla sveitarstjórn að íbúum fjölgi áfram umfram landsmeðaltal og muni árleg fjölgun verða um 1,5% og íbúar verði um 1900 við lok skipulagstímabils.

Ár	karlar	konur	samtals	Fjöldi í Rang.	Af íbúafjölda í Rangárvallasýslu
1998	717	665	1.382	3.225	42,85%
2002	740	691	1.431	3.216	44,50%
2005	735	711	1.446	3.246	44,55%
2009	808	796	1.604	3.544	45,26%


Tafla 7. Íbúðapróun 1998-2009. (Hagstofan vefsíða 2009).



2000
Fjöldi launþega 779



2006
Fjöldi launþega 824



Mynd 16. Fjöldi starfandi í Rangárþingi ytra árin 2000 og 2006.
(Heimid: Hagstofan 2008).

3.2 ATVINNUMÁL

Gögn um atvinnumál eru ekki áreiðanleg og erfitt er að fá gögn um þau mál sérstaklega eftir sveitarfélögum. Það virðist sem lítið sé skráð um fjölda eftir atvinnugreinum og á grundvelli ársverka.




Hagstofan safnar gögnum um atvinnumál og m.a. er unnin flokkun um atvinnuskiptingu. Hagstofan tekur fram að þessi flokkun er ekki nákvæm. Þessi gögn sýna ekki ársverk heldur „fjölda starfandi“ eins og Hagstofan kys að nefna það, sem búa í viðkomandi sveitarfélagi, því kunna einhverjir að vera í hlutastörfum hjá tveim atvinnurekendum.

Skv. þessum gögnum hefur starfandi einstaklingum fjölgað um tæp 6% frá árinu 2000 í Rangárþingi ytra og miðað við gögn yfir alla sýsluna hefur starfsfólki fjölgað um 7%. Umtalsverð fækkun er innan landbúnaðargeirans þ.e.a.s. í framleiðsluhlutanum en úrvinnsla landbúnaðarafurða flokkast með iðnaði. Síðast þegar Hagstofan skráði ársverk 1996 voru störf í landbúnaðarframleiðslu tæp 30% af heildarstörfum innan þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Rangárþing ytra. Þá voru heildarársverk talin vera 614. Þær tölur eru að vísu ekki að öllu leyti samanburðarhæfar við núverandi gögn sem skrá starfandi aðila innan sveitarfélagsins en hlutfallslega gefa tölurnar vísbendingu um umtalsverða fækkun. Þetta er þróun sem er víða í landbúnaðargeiranum samfara aukinni tæknivæðingu en ætla má að á móti komi að störfum innan hrossabúgreinarinnar hafi fjölgað talsvert.

Milli áranna 2000 og 2006 er heildarsamdráttur innan landbúnaðargeirans um 9 prósentustig. Samdráttur hefur einnig orðið innan fræðslu- og heilbrigðismála og virðist skv. gögnum Hagstofunnar það einkum vera innan fræðslugeirans. Veruleg fjölgun hefur orðið í iðnaði og opinberri stjórnsýslu og einnig hefur orðið talsverð fjölgun innan verslunar- og þjónustu.

	Rangárvallasýsla		Rangárþing ytra	
Landbúnaður	427	337	190	122
Fiskveiðar	15	9	7	4
Lønauður	356	430	155	204
Byggingastarfsemi	139	229	69	85
Verslun og þjónusta	207	237	78	96
Samgöngur	74	64	31	21
Fjármála og fasteignabjónusta	79	103	46	49
Stjórnsýsla	117	175	73	118
Fræðslu- og heilbrigðismál	307	264	131	125
	1721	1848	779	824

Tafla 8. Fjöldi starfandi einstaklinga í Rangárvallasýslu og Rangárþingi ytra árin 2000 og 2006 (Heimild Hagstofan 2008).

**Hross og nautgripir****Sauðfé****Kartöfluframleiðsla****3.3 LANDBÚNAÐUR**

Landbúnaður á Íslandi hefur verið að tæknivæðast mjög ört undanfarin ár og samhliða því hefur störfum fækkað umtalsvert. Það er hins vegar erfitt að fá áreiðanlegar tölur frá yfirvöldum um fjölda ársverka í greininni en tölur um fjölda búpenings og framleiðslu eru fyrir hendi hjá Bændasamtökum Íslands.

Hefðbundinn landbúnaður á víðast hvar undir högg að sækja, bæði vegna fremur mikils framleiðslukostnaðar íslenskrar framleiðslu og meiri áhuga fólks á landi til annarra nota. Þess vegna hefur landverð á vissum svæðum landsins hækkað umtalsvert meira en hefðbundin landbúnaðarframleiðslan getur keppt við og Rangárþing ytra er innan þess svæðis þar sem talsvert hefur verið sótt í land.

Sveitarfélagið er á svæði sem er mjög hentugt til hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu á íslenska vísu og segja má að nær allt láglendi sveitarfélagsins sé hentugt til landbúnaðar.

Nautgripum hefur fækkað um 30% síðustu 20 árin og mjólkurkúm hefur fækkað um rúm 40% á árabilinu frá 1985-2007. Þetta er langt umfram landsmeðaltal þar sem nautgripum hefur einungis fækkað um 3% en mjólkurkúm um rúm 25%.

Hestabúskapur hefur blómstrað mjög undanfarin ár enda landið hentugt til hrossaræktar. Fjöldi hrossa hefur aukist um rúm 70% síðustu 20 árin sem er langt umfram landsmeðaltal en skv. tölum bændasamtakan hefur hrossum fjölgað um rúm 40% síðan 1985.

Sauðfé hefur fækkað um 40% síðan 1985 mest á árunum 1985 til 1995 en lítið hefur fækkað síðustu 10 árin. Fækkunin er heldur meiri en á landsvísi þar sem fækkun frá 1985 er um 35%.

Þá er ótalin kartöfluæktin sem lengi var öflug, sérstaklega í Djúpárhreppnum. Skv. tölum frá Bændasamtökunum var allt fram undir aldamót um eða yfir helmingur af heildarframleiðslunni innan þeirra sveitarfélaga sem nú mynda Rangárþing ytra. Þegar hætt var að skrá kartöfluframleiðslu í forðagæsluskýrslur árið 2002 hafði hlutfall af landsframleiðslu aukist úr þetta 50-60% í ríflega 70%.

Bændasamtökin halda utan um tölur um hversu margir bændur eru á hverjum tíma. Skv. þeim tölum hefur bændum fækkað um tæp 30% á landsvísi. Bændum í Rangárþingi ytra hefur fækkað mun minna eða um 20%.

Augljóst er því að umtalsverður samdráttur er í landbúnaði innan sveitarfélagsins og í mörgum tilfellum mun meiri en landsmeðaltal. Þar er þó hrossaræktin undanskilin en þar virðist vera umtalsverður vaxtabroddur.

Mynd 17. Landbúnaður 1985-2006 (Heimild Bændasamtökin 2008).



Mynd 18. Laugalandsskóli.



Mynd 19. Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra.

3.4 OPINBER ÞJÓNUSTA OG SAMSTARF SVEITARFÉLAGA

Stjórnsýsla

Hella er miðstöð stjórnsýslu fyrir sveitarfélagið. Þar er veitt margvísleg þjónusta fyrir aðliggjandi landbúnaðarhérað í vesturhluta Rangárvallasýslu. Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Rangæinga, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá hefur sveitarfélagið samstarf við nágrannasveitarfélög á fjölmörgum sviðum sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Grunnskólar og leikskólar

Sveitarfélagið rekur tvo grunnskóla; Grunnskólann á Hellu og Grunnskólann á Laugalandi í samstarfi við Ásahrepp. Nemendur í Helluskóla eru um 190 í tíu bekkjardeildum grunnskólans og í Laugalandsskóla eru tæplega 100 nemendur einnig í tíu bekkjardeildum. Sveitarfélagið sér um akstur nemenda til og frá skóla.

Þá rekur sveitarfélagið leikskólann Heklukot, þar sem er rými fyrir ríflega 70 börn í fjórum deildum, þrjár eru á Hellu en Gljábær er í Þykkvabæ. Í samstarfi við Ásahrepp er rekinn leikskóli á Laugalandi þar sem er rými fyrir um 30 börn.

Tónlistarskóli Rangæinga og Fjölbautarskóli Suðurlands

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Rangæinga sem er starfræktur af öllum sveitarfélögum í sýslunni og er kennt í öllum grunnskólum sýslunnar og einnig elsta árgangi í leikskólunum. Ennfremur er sveitarfélagið aðili að Skólaskrifstofu Suðurlands og Fjölbautarskóla Suðurlands, sem staðsett er á Selfossi.

Heilsugæslustöðin á Hellu og Lundur

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum í sýslunni aðili að Heilsugæslu Rangárpings bs. sem starfrækir heilsugæslustöðvar á Hellu og víðar. Sveitarfélagið sér um þjónustu við fatlaða. Þá er sveitarfélagið ásamt Ásahreppi og ríkinu aðili að Lundi, Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Hellu. Á Lundi eru hjúkrunarrými fyrir 22 heimilismenn og dvalarrými fyrir 8 heimilismenn.

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

Sveitarfélagið er aðili að Brunavörnum Rangárvallasýslu bs. ásamt öðrum sveitarfélögum í sýslunni. Slökkvistöðvar eru á Hellu og Hvolsvelli.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Sveitarfélagið er aðili að Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ásamt öðrum sveitarfélögum í Rangárvallasýslu. Sorpi er safnað á móttöku- og urðunarsvæði stöðvarinnar í landi Strandar austan Hellu, en þar er sorp flokkað í neysluúrgang, pappír, timbur og annan grófgerðan úrgang, jarðvegs- og gróðurúrgang, landbúnaðarplast, eitur- og spilliefni og brotajárn. Svæði stöðvarinnar hefur verið stækkað og er nú tæplega 30 ha að stærð.

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er aðili að Sorpstöð Suðurlands sem gert hefur samkomulag við SORPU bs. um móttöku á sorpi til urðunar og móttöku á flokkuðum efnum til endurvinnslu.



Mynd 20. Frá landsmóti hestamanna á Gaddstaðafliótum.

Vatnsveita

Sveitarfélagið starfækir vatnsveitu, í samvinnu við Ásahrepp, sem tekur yfir stóran hluta sveitarfélagsins og í skoðun er að ráðast í stærri samveitu í samstarfi við nágrannasveitarfélög. Vatnsból yrðu væntanlega ofarlega í Landsveit og einnig mögulega ofarlega á Rangárvöllum.

Hitaveita Rangæinga

Hitaveita Rangæinga er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og þjónar fjölmörgum heimilum í sveitarfélaginu ásamt heimilum í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Orkuveitan hefur lagt ljósleiðara í þéttbýli innan sveitarfélagsins.

Skipulagsmál og byggingareftirlit

Rangárþing ytra hefur samstarf við Ásahrepp og Rangárþing eystra um skipulags- og byggingarmál og hefur skipulags- og byggingarfulltrúi aðsetur á Hvolsvelli.

Strandarvöllur og Gaddstaðafliotir

Sveitarfélagið er eignaraðili að Strandarvelli ehf, golfvelli á landi Strandar austan Hellu. Aðrir eignaraðilar eru önnur sveitarfélög í sýslunni ásamt Golfklúbbi Hellu. Gaddstaðafliotir eru hestaþróttasvæði í landi Gaddstaða og er í eigu hestamannafélaga á Suðurlandi. Stofnað hefur verið hlutafélag sveitarfélaga og hestamannafélaga á Suðurlandi um Gaddstaðafliotir þar sem verið er að byggja upp glæsilega aðstöðu. Reiðhöll á svæðinu var vígð 2008.

Byggðasafnið að Skógum

Héraðsnefndir Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu reka Byggðasafnið á Skógum. Þar er einnig staðsett héraðsskjalasafn sýslanna. Árið 2001 var byggt Samgöngu- og tæknimínjasafns Íslands á Skógum og er safnið ein af rekstrar- einingum Byggðasafnsins. Safnið var opnað í nýju húsnæði sumarið 2002 og hafa umsvif safnsins aukist mikið. Haustið 2009 hófust framkvæmdir við byggingu á um 1300 m² geymslu og verkstæðishúsi við Samgöngusafnið, áætlað er að húsið verði tilbúið 2012. Fjölmargir samstarfsaðilar koma að rekstri safnanna s.s. Þjóðmínjasafn Íslands, Vegagerðin, Íslandspóstur, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsbjörg.

3.5 FORNMINJAR

Svæðisskrá fornleifa liggur fyrir, en hún var unnin af Fornleifastofnun árið 1999. Ennfremur liggur fyrir skráning fornleifa á afréttum sem unnin var í tengslum við svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015, sem staðfest var í maí 1999. Í svæðisskráningu felst öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og gagnasöfnum sem gefur til kynna yfirlit og eðli menningarminja á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við í svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um að allar fornleifar 100 ára og eldri séu friðaðar sbr. 9. gr. laganna. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Nú er unnið að fornleifaskrá fyrir allt sveitarfélagið í samræmi við samning sem sveitarfélagið gerði við Fornleifastofnun. Skv. þeim samningi er stefnt að því að ljúka skráningu árið 2014. Í fornleifaskráningunni felst að farið er yfir allt svæðið og leitað fornleifa skv. heimildum og ábendingum og fornleifarnar eru staðsettar og skráðar.



Mynd 21. Dreifbýli í Rangárþingi ytra.

DREIFBÝLI

Megin landnotkun í sveitarfélaginu er landbúnaður, þar með talin skógrækt og landgræðsla. Við hálendisjaðarinn tekur við landnotkunarflokkurinn opin óbyggð svæði þar sem jafnframt eru vatnsverndarsvæði sem ná til lindasvæða og aðrennslis-svæða þeirra. Þar eru einnig víðfeðm landgræðslusvæði, flest í umsjá Landgræðslunnar. Víða eru svæði fyrir fristundabyggð. Stærstu fristundabyggðirnar eru við hálendisjaðarinn og í námunda við lindárnar, einkum Ytri-Rangá, Hróarslæk og Eystri-Rangá.

Syðst eru votlendin Oddaflóð, sem er friðlýst, og Lambhagavatn og Safamýri sem eru á náttúrminjaskrá og flokkast með náttúruverndarsvæðum. Auk þess er fjöldi sögu- og fornminja á svæðinu og eru þau mikilvægustu auðkennd á uppdrætti í flokki verndarsvæða fornminja.

Mörk einstakra jarða eru í megindráttum auðkennd á skipulagsuppdrætti með fyrirvara um að þau eru ekki nákvæm og ekki tæmandi.

Skipulagsuppdráttur fyrir sveitarfélagið er í mkv. 1:50.000

4. LANDNOTKUN

Meginlandnotkun í dreifbýli er til landbúnaðar en landnýting vegna ferðamennsku og til afþreyingar fer vaxandi. Hafin er vinna við útfærslu auðlindastefnu fyrir sveitarfélagið. Henni er m.a. ætlað að taka á landnýtingu til verndunar, samgangna, iðnaðar og orkuframleiðslu samhliða landnýtingu til landbúnaðar og hvernig auðlindanýtingin verði til sem mestra hagsbóta fyrir sveitarfélagið og aðliggjandi svæði.

4.1 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Markmið:


- Góð landbúnaðarsvæði verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður á svæðinu sé stundaður í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Styrkja þarf stöðu landbúnaðar sem atvinnugreinar og leita leiða til uppbyggingar stoðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt.
- Lögð er áhersla á lífræna ræktun í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins, bæði í hefðbundnum greinum svo og í nýjum búgreinum.
- Skógrækt á svæðinu verði eflað til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta en jafnframt verði forðast að setja góð landbúnaðarsvæði undir skógrækt.

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land bújarða sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengjast búrekstri á jörðunum en einnig er heimilt að byggja stök hús á bújörðum. Á landbúnaðarsvæðum er einnig heimilt að starfrækja þjónustu við ferðamenn. (Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).

NÝJAR BÚGREINAR

Nýjar búgreinar svo sem nytjaskógrækt teljast til landbúnaðar í skilningi þessa skipulags. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti.



Mynd 22. Mörk Hekluskóga. (Heimild: Hekluskógar; Hreinn Óskarsson 2009).

Leiðir:

- Unnið verður að nánari skilgreiningu verðmætra landbúnaðarsvæða með það að markmiði að vernda þau sem áframhaldandi landbúnaðarland.
- Leita skal umsagnar sveitarstjórnar varðandi landnýtingar- og skógræktaráætlanir.
- Heimilt er að byggja 3 íbúðarhús sem ekki tengjast búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða sem eru 50 ha eða stærri.
- Ný íbúðar- og/eða fristundasvæði verði ekki stærri en 50 ha innan hvernar jarðar. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.
- Heimilt er að byggja allt að 3 fristundahús á landbúnaðarsvæðum bújarða sem eru stærri en 50 ha.
- Bættar verði merkingar á bújörðum, eyðibýlum og söguslóðum.

Megin landnotkun í sveitarfélaginu er landbúnaður. Gert er ráð fyrir því að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum, eins og skipulagið kveður nánar á um. Stöðu hefðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stöðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt. Stefnt er að eflingu skógræktar á svæðinu.

Skógrækt og landgræðsla

Skipulagið gerir ráð fyrir að skógrækt í tengslum við Suðurlandsskógaverkefnið styrkist sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum og að þátttakendum í verkefninu komi til með að fjölga. Núverandi og áætluð skógræktarsvæði eru sýnd á þemaupprætti IV. Þá er gert ráð fyrir að Hekluskógaverkefnið verði öflugt uppgræðslu- og skógræktarverkefni til endurheimtar skógar á svæðinu. Það er í samræmi við markmið verkefnisins sem er að endurheimta forna skóga m.a. til að verja nálæg svæði fyrir áfoki í kjölfar öskufalls. Skógræktar- og landgræðslusvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á skipulagsupprætti en eru ásamt Hekluskógasvæðinu sýnd á þemaupprætti IV. Einnig er áætlað að taka svæði á Geitasandi til plöntunar með það að markmiði að binda kolefni í gróðri og jarðvegi. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal tilkynna um skógræktaráætlanir sem taka yfir 200 ha lands eða meira, eða skógræktar á verndarsvæðum, til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna, sbr. einnig 3. viðauka laganna. Sama á við um landgræðsluáætlanir á verndarsvæðum. Skógræktaráætlanir sem eru tilkynningaskyldar eru einnig háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- a. Stefnt er að endurheimta landgæða á landbúnaðarsvæðum. Grípa skal til beitarstýringar samhliða uppgræðslu ógróinna og vangróinna svæða sem og gróðurbótum með skógrækt og skjólbeltarækt eftir því sem við á. Vinna skal að því að létta beit af landsvæðum þar sem rof á landi er verulegt. Skal að því stefnt að skilja slík svæði frá landi þar sem ástand er betra og ennfremur að bæta ástand gróðurs á illa förnum svæðum sem liggja að grónu landi.
- b. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar sbr. kafla 7.5, náttúruverndarsvæða sbr. kafla 7.4 og fornminja sbr. kafla 7.1.
- c. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 20 m.
- d. Nytjaskógrækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 30 m og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær vegum en 50 m. Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða háspennulína.
- e. Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. náttúruverndarlaga, sbr. kafla 7.4



Mynd 23. Árskógar. Landgræðslusvæði norðan Heklu.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Bygging einstakra íbúðarhúsa er heimil á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búskap sbr. kafla 4.1 um landbúnaðarsvæði. Íbúðarsvæði þar sem eru fjórar samliggjandi lóðir eða fleiri eru auðkenndar sérstaklega á skipulagsupprætti. (Sjá einnig gr. 4.2 í skipulagsreglugerð).

- f. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í 37. gr. náttúruverndarlaga.
- g. Forðast ber að setja góð jarðræktarsvæði undir skógrækt.

Byggingar á landbúnaðarsvæðum

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri og skulu byggingar vera í samræmi við deiliskipulag sbr. 23 gr. skipulagslaga. Byggja má allt að þrjú íbúðarhús á bújörðum sem ekki tengjast búrekstri, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Leitast skal við að staðsetja ný hús í námunda við þá byggð sem fyrir er til að nýta sem best tengingar við þjóðveg og önnur dreifikerfi sem eru fyrir hendi. Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Heimilt er að starfrækja ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum, s.s. gistingu og greiðasölu. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu húsakosts sem fyrir er á þylum fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Bygging allt að þriggja frístundahúsa á hverri bújörð er heimil þar sem aðstæður leyfa en fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum skilgreindum fyrir frístundabyggð. Heimilt verður, þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu, þ.e. gistiheimili, smáhýsi og byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð þeirra fari ekki yfir 1.500 m². Umfangsmeiri rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir verslun og þjónustu í aðalskipulagi.

4.2 ÍBÚÐARSVÆÐI Í DREIFBÝLI

Markmið:

- Lögð er áhersla á hagkvæma þróun íbúðarbyggðar á rúmum lóðum í dreifbýli.
- Íbúðarbyggð verði sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúru-aðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.

Leiðir:

- Komið verði til móts við mismunandi þarfir íbúa með fjölbreyttu framboði lóða.
- Íbúðarlóðir í dreifbýli verða að jafnaði 1 til 3 ha að stærð og nýtingarhlutfall allt að 0,05.
- Heimilt verður að byggja allt að 3 íbúðarhús sem ekki tengjast beint búrekstri á landbúnaðarsvæðum bújarða sem eru 50 ha eða stærri.
- Huga skal að náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróður-svæði verði fyrir áhrifum framkvæmda. Íbúðarbyggð skal þar sem það á við taka mið af yfirbragði dreifbýlis.



Mynd 24. Á Rauðalæk er íbúðarbyggð í dreifbýli.

Á eftirtöldum stöðum er gert ráð fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli án hefðbundins búskapar.

Nr.	Heiti jarðar	Lýsing
Í1	Ægissíða 3	Gert er ráð fyrir allt að 5 íbúðarlóðum.
Í2	Lyngás	Á svæðinu eru 13 íbúðarlóðir á um 10 ha svæði.
Í3	Rauðalækur og Brekkur	Á svæðinu eru um 15 íbúðarlóðir á um 3 ha svæði.
Í4	Meiri-Tunga	Í deiliskipulagi af svæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 lóðum. Stærð svæðisins er um 10 ha.
Í5	Hvammur	Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum. Stærð svæðisins er um 15 ha.
Í6	Giljatangi	Þegar hafa verið reist tvö parhús á svæðinu sem tengjast rekstri Laugalandsskóla. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir um 20 lóðum. Stærð svæðisins er um 4 ha.
Í7	Pula	Deiliskipulag fyrir allt að 25 lóðir. Stærð svæðisins er um 40 ha.
Í8	Selás	Deiliskipulag fyrir um 15 lóðir. Stærð svæðisins er um 20 ha.
Í9	Ölversholt	Gert er ráð fyrir 2-3 íbúðarlóðum á um 5 ha svæði.
Í10	Árbakki	Deiliskipulag er fyrir um 20 lóðir á um 90 ha svæði.
Í11	Gunnarsholt	Þegar eru á svæðinu 5 einbýlishús. Gert er ráð fyrir allt að 5 húsum til viðbótar. Stærð svæðisins er um 3 ha.

**SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ**

Til frístundabyggðar teljast sumar- og orlofshúsa-svæði, auk veiðihúsa og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli. (Sjá einnig gr. 4.11 í skipulagsreglugerð).



Mynd 25. Eitt af mörgum sumarhúsum í sveitarfélaginu.

4.3 FRÍSTUNDABYGGÐ**Markmið:**

- Gætt verði umhverfissjónarmiða við skipulagningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð.
- Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúru-auðlinda, sögu eða almenns útivistargildis.


Leiðir:

- Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum innan hvernar jarðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Frístundahús verði í samræmi við deiliskipulag.
- Skipulag frístundabyggðar taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum, og tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum. Um ¼ hluti lands á frístundasvæðum verði til almennrar útivistar.
- Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbili ½ - 2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03.
- Heimilt er að byggja allt að 3 frístundahús á landbúnaðarsvæðum bújarða sem eru stærri en 50 ha án þess að skilgreina þurfi svæðið sem frístundasvæði í aðalskipulagi.
- Huga skal að náttúrufari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróður-svæði verði fyrir áhrifum vegna framkvæmda.
- Við skipulag frístundabyggða skal virða helgunarsvæði háspennulína og tryggja að byggingarlóðir verði ekki skipulagðar innan þess svæðis. Jafnframt skal tryggja greiðan aðgang að línun vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða.

Í sveitarfélaginu eru 64 svæði undir frístundabyggð. Á nýjum svæðum skulu lóðir vera a.m.k. 0,5 ha og nýtingarhlutfall ekki hærra en 0,03. Svæði sem eru auðkennd með hringtákn á skipulagsupprætti geta verið allt að 5 ha að stærð. Flest frístundasvæðin eru við hálendisjaðarinn. Nokkur svæðanna eru stór, þau stærstu yfir 100 ha. Skipulagið nær til þegar byggðra frístundasvæða og nokkurra sem enn eru óbyggð.

Í sveitarfélaginu eru eftirtalin svæði skilgreind fyrir frístundabyggð:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
F1	Djúpá	Gert er ráð fyrir allt að 35 lóðum. Stærð svæðisins er um 35 ha.	Nokkrar jarðir
F2	Smáratún	Deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 6 lóðum á um 35 ha svæði.	Miðkot
F3	Rangá	Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 lóðum. Stærð er um 5 ha.	Rangá
F4	Litla-Tunga	Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum á um 10 ha svæði.	Litla-Tunga
F5	Árbæjarhellir	Gert er ráð fyrir allt að 15 lóðum. Stærð svæðisins er um 15 ha.	Árbæjarhellir



Mynd 26. Sumarbústaðasvæði við Varmadalsslæk.

F6	Vatnshólar	Á svæðinu geta verið allt að 15 lóðir. Stærð svæðisins er um 30 ha.	Árbæjarhellir
F7	Árbakki svæði	Gert er ráð fyrir allt að 25 lóðum í deiliskipulagi. Stærð er um 35 ha.	Árbakki
F8	Árbakki svæði 2	Gert er ráð fyrir allt að 15 lóðum í deiliskipulagi. Stærð um 15 ha.	Árbakki
F9	Snjallsteinshöfði	Nýtt svæði þar sem unnið er að gerð deiliskipulags fyrir um 10 lóðir á um 15 ha svæði.	Snjallsteinshöfði
F10	Ölversholt	Gert er ráð fyrir um 10 lóðum. Stærð svæðisins er um 30 ha.	Ölvisholt
F11	Þjóðólfshagi	Deiliskipulag fyrir allt að 35 lóðir. Stærð svæðisins er um 35 ha.	Þjóðólfshagi
F12	Marteinstunga	Gera má ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 10 ha.	Marteinstunga
F13	Gata	Gera má ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 10 ha.	Gata
F14	Hvammur	Gert er ráð fyrir allt að 50 lóðum á um 40 ha svæði.	Hvammur
F15	Eystra - Gíslholtsvatn	Gera má ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 5 ha.	Gíslholt
F16	Vestra - Gíslholtsvatn	Gera má ráð fyrir allt að 10 lóðum. Stærð svæðisins er um 10 ha.	Kambur
F17	Kambur	Gera má ráð fyrir um 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 5 ha.	Kambur
F18	Kiðholt og Breiðavík	Deiliskipulag af um 60 lóðum. Stærð svæðisins er um 90 ha.	Gíslholt / Hagi
F19	Selfjall	Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 20 lóðum á um 15 ha svæði.	Hagi
F20	Reiðholt	Gert er ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 50 ha.	Hagi
F21	Ketilsstaðir	Deiliskipulag er fyrir um 40 lóðir. Stærð svæðisins er um 30 ha.	Ketilsstaðir
F22	Stúfholt	Gera má ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 4 ha.	Stúfholt
F23	Þverbrekka	Gera má ráð fyrir um 2 lóðum. Stærð svæðisins er um 1 ha.	Þverlækur
F24	Skammbeinsstaðir	Gera má ráð fyrir allt að 10 lóðum. Stærð svæðisins er um 20 ha.	Skammbeinsstaðir II
F25	Pula	Nýtt svæði þar sem gert er ráð fyrir allt að 5 lóðum í deiliskipulagi. Stærð svæðisins er um 15 ha.	Pula



F26	Kaldakinn	Gert er ráð fyrir 5-10 lóðum. Stærð svæðisins er um 10 ha.	Kaldakinn
F27	Hallstún	Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum á um 45 ha svæði.	Hallstún
F28	Efra-Sel	Nýtt svæði þar sem unnið er að deiliskipulagi fyrir hluta svæðis. Gert er ráð fyrir 4 lóðum. Stærð svæðisins er rúmlega 15 ha.	Efra-Sel
F29	Efra - Sel	Gert er ráð fyrir allt að 12 lóðum. Stærð svæðisins er um 24 ha.	Efra-Sel
F30	Bjalli	Gert er ráð fyrir 2 lóðum á 2 ha svæði.	Bjalli
F31	Lækjarbrekka	Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum á um 15 ha svæði.	Lunansholt
F32	Minnivallalækur	Gert er ráð fyrir allt að 15 lóðum á um 15 ha svæði.	Múli
F33	Hellar	Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum á um 10 ha svæði.	Hellar
F34	Hellar	Gert er ráð fyrir allt að 10 lóðum á um 10 ha svæði.	Hellar
Stóri-Klofi	Borhola í landi Stóra-Klofa er á Baðsheiði um 4-5 km norðaustur frá bænum. Holan er í eigu Fiskeldisstöðvarinnar Fellsmúla. Auk fiskeldisstöðvarinnar nýta nærliggjandi jarðir vatn til upphitunar; Leirubakki, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Skarð ásamt Skarðskirkju, Króktún og Fellsmúli. Þá eru allmörg sumarhús á framangreindum jörðum tengd veitunni.



FJARSKIPTI

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. (Sjá einnig gr. 4.17 í skipulagsreglugerð).

6.5 FJARSKIPTI

Markmið:

- Haldið verði áfram uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að bættri þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi.
- Fjarskipti innan sveitarfélags verði a.m.k. jafngóð og gert er ráð fyrir í Fjarskiptaáætlun 2005-2010.
- Tryggt verði fjarskiptasamband á helstu vegum og ferðamannasvæðum á hálendinu í samræmi við Fjarskiptaáætlun.

Leiðir:

- Unnið verði að því að öll byggð eigi möguleika á háhraðatengingu í samræmi við fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar.
- Sendum fyrir farsíma verði fjölgað eftir því sem þörf krefur. Lögð verði áhersla á öll býli og helstu ferðamannaleiðir á hálendi og nágrenni Heklu.

Fjarskiptaáætlun 2005-2010 gerir ráð fyrir a.m.k. 100 Mbps inn á hvert heimili en lágmarkshraði var skilgreindur 2 Mbps í útboði ríkisins um tenginu við háhraðanet í strjálbýli. Þar er einnig gert ráð fyrir að gsm sambandi verði komið upp fyrir alla stofnvegi og helstu ferðamannasvæði.

Ljósleiðari Mílu liggur þvert í gegnum sveitarfélagið frá Þjórsárbrú, um Hellu og austur að Hvolsvelli nokkru norðan Suðurlandsvegur.

Frá Hvolsvelli liggur ljósleiðarastrengur yfir Eystri-Rangá við Stóra-Hof, um Gunnarsholt og þverar Ytri-Rangá við Heiði og áfram upp Landsveit og tengist þar lögn sem liggur um Landvegamót, meðfram Landvegi upp hjá Vindási og yfir Þjórsá um Vaðeyri.

Þá liggur nýr ljósleiðari Mílu meðfram suðurströndinni, um Þykkvabæ og Háfshverfi.

Ljósleiðari Línu.Nets liggur með Suðurlandsvegi um Hellu og Hvolsvöll og áfram um Landeyjar til Vestmannaeyja.

Landsnet áætlað að leggja ljósleiðara með öllum nýlögnum í raforkukerfinu.

ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001. (Sjá einnig gr. 4.20 í skipulagsreglugerð).



Mynd 32. Marteinungukirkja er friðuð skv. þjóðminjalögum.

7. VERNDARSVÆÐI OG NÁTTÚRUVÁ

7.1 ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI

Markmið :

- Lokið verði við skráningu fornleifa á skipulagstímanum.
- Á meðan heildarskráningu fornleifa er ólokið skal skráning fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir.
- Taka skal tillit til þekktra fornminja í skógræktaráætlunum.

Leiðir:

- Skráningu fornminja í sveitarfélaginu verði lokið árið 2014.
- Fornminjar verði merktar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja að þeim verði raskað.
- Stefnt er að því að sögu- og fornminjar í Odda verði gerðar aðgengilegar fyrir ferðamenn.
- Merkustu hellum í sveitarfélaginu verði komið í sýningarhæft form.

Gert er ráð fyrir að á deiliskipulagsstigi verði fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar er lagt til að fram fari nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar s.s. vegagerð, háspennulínur og virkjanir.

Þjóðminjalög kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 9. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.“ Á deiliskipulagsstigi verða fornminjar staðsettar í nákvæmum mælikvarða en allar helstu framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar, s.s. svæði fyrir heilsársbyggð, frístundabyggð, iðnaðarstarfsemi o.fl. Á einstökum svæðum þar sem sérstakar aðstæður krefjast mun fara fram nákvæm skráning og kortlagning fornminja. Þá ber að leggja fram yfirlit yfir fornleifar í tengslum við skógræktaráætlanir sbr. kafla 4.1. Einnig eru stórfamkvæmdir umhverfismatsskyldar, s.s. vegagerð, háspennulínur, virkjanir og efnisnámur.

Fjöldi merkra sögu- og þjóðminjastaða eru á svæðinu, skv. skráningu Fornleifastofnunar 1999. Allar friðlýstar fornminjar flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði. Auk þeirra er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakinn er athygli á þeim og þau vernduð í flokki hverfisverndar sbr. kafla 7.5. Unnið er að ýtarlegri fornleifaskráningu í sveitarfélaginu og skal henni lokið árið 2014.

Friðlýstar fornleifar og friðuð hús njóta verndar skv. þjóðminjalögum. Í sveitarfélaginu er fjöldi friðlýstra fornleifa og eru það einkum hellar. Fjórar kirkjur og gamli bærinn á Keldum falla undir friðuð hús skv. aldursákvæðum þjóðminjalaga.

Fornleifarnar eru listaðar upp í Viðauka I og auðkenndar á skipulagsuppdrætti, eins og nákvæmni uppdráttar leyfir.

VATNSVERNDARSVÆÐI

Vatnsverndarsvæðin flokkast í þrjá flokka skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns. Flokkarnir eru brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.21 í skipulagsreglugerð).



Mynd 33. Við Kerauga er gert ráð fyrir framtíðarvatnsbóli fyrir sveitarfélagið.

7.2 VERNDARSVÆÐI NEYSLUVATNS

Markmið:

- Mikilvægt er að vernda grunnvatn sem neysluvatn fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Tryggja þarf nægt framboð neysluvatns fyrir sveitarfélagið.
- Lögð er áhersla á að tryggja vatnsgæði í tengslum við matvælaframleiðslu.

Leiðir:

- Vatnsból verði afgirt og friðuð fyrir óviðkomandi umferð.
- Engar framkvæmdir sem ógnað geti brunnsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.
- Mörk vatnsverndarsvæða verða endurskoðuð þegar betri gögn liggja fyrir um gæði vatnsbóla og aðrennslissvæði þeirra.

Í Rangárpíngi ytra eru starfræktar allnokkrar einkavatnsveitur. Vatnsveita Ásahrepps og Rangárpings ytra er samstarfsverkefni sveitarfélaganna og tekur yfir stóran hluta sveitarfélaganna. Hugsanleg framtíðarvatnsból eru sýnd, því stefnt er að því að ráðast í auka samveitu með virkjunum við Kerauga, Vatnagarðslæk og Geldingalæk. Brunnsvæði eru sýnd á skipulagsupprætti og eru þau yfirleitt á óbyggðum svæðum og/eða landbúnaðarsvæðum, en utan ræktarlands. Ekki er skilgreind vatnsverndarsvæði í flokki II við öll vatnsból, en gert er ráð fyrir að þau muni leggjast af við virkjun öflugri vatnsbóla. Um vatnsveitur í sveitarfélaginu er fjallað í kafla 6.1

Verndarsvæðum vatnsbóla er skipt í þrjá flokka; brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði og eru þau afmörkuð á skipulagsupprætti.

Brunnsvæði

Brunnsvæði ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

Í Rangárpíngi ytra eru eftirtalin brunnsvæði:

Brunnsvæði	Lýsing svæðis	Jarðir
Lindir við Bjálmholt	Bjálmholtsveita nýtir lindir sem eru hluti Vatnsveitunnar.	Bjálmholt
Lindir í Götu	Götuveita nýtir lindir sem eru hluti Vatnsveitunnar.	Gata
Lindir í Kambsheiði	Vatnsgrafarlækjarveita og Kvíarholtsveita. Lindir í Kambsheiði í landi Hreiðurs og Kvíarholts, sem eru hluti Vatnsveitunnar.	Hreiður og Kvíarholt
Tvíbytnulækur	Tvíbytnulækur fær vatn sitt úr lindum við jaðar Þjórsárhrauns. Rennsli er breyti-	Lækjarbotnar



(Gildrulækur)	legt, 0,15 - 0,4 m ³ /s.	
Kerauga	Einstakt lindarauga undir hárri hraunbrún um 1 km austur af Bjalla. Vatnsrennsli er breytilegt, 0,3-0,6 m ³ /s. Aðstæður eru ákjósanlegar til vinnslu og mengunarhætta er lítil. Gert er ráð fyrir að þetta verði framtíðarvatnsból fyrir svæðið.	Bjalli og Tjörvastaðir
Skarðslækur	Lind sem þjónar frístundabyggð í landi Skarðs	Skarð
Vatnagarðslækur	Aðal lindir Vatnagarðalækjar sem koma undan Flatahrauni um 1 km suður af Glöppubrún. Lindirnar gefa um eða yfir 0,6 m ³ /s. Aðstæður eru ákjósanlegar til vinnslu og mengunarhætta lítil. Gert er ráð fyrir að þetta verði framtíðarvatnsból fyrir svæðið.	Vatnagarðar
Hjallanes	Einkaveita í landi Hjallanes	Hjallanes
Akbraut	Einkaveita – verður flutt til þegar virkjað verður	Akbraut
Tjarnarlækur	Tjarnarlækur kemur í tvennu lagi undan Flatahrauni við Glöppubrún. Eystri kvíslin er um 0,5 - 0,6 m ³ /sek. Aðstæður eru ákjósanlegar til vinnslu og mengunarhætta lítil.	Vatnagarðar
Höfðasandur	Vatnsból, borhola, sem þjónar frístundabyggð úr landi Svínhaga og Haukadals.	Svínhagi
Kanastaðabotnar	Lind sem þjónar frísundabyggð úr landi Haukadals.	Haukadalur
Keldur	Einkaveita í landi Keldna	Keldur
Stokkalækur	Lindir Stokkalækjar við Kirkjuhól hjá Rangárvallavegi. Vatnsrennsli er um 700 l/s. Aðstæður eru ákjósanlegar til vinnslu en nokkur mengunarhætta er vegna nálægðar við Rangárvallaveg.	Stokkalækur
Hróarslækur	Efstu lindasvæði Hróarslækjar inn af Reyðarvatni. Vatnsrennsli er 400-500 l/s.	Gunnarsholt
Gunnarsholt	Gunnarsholtsveita sækir vatn í lindir við upptök Gunnarsholtslækjar og lind austan við Kornbrekkur.	Gunnarsholt
Geldingalækur	Lindir Geldingalækjar um 1 km austan við bæinn Geldingalæk. Vatnsrennsli er breytilegt, 400-600 l/s. Aðstæður eru ákjósanlegar til vinnslu og mengunarhætta lítil. Gert er ráð fyrir að þetta verði framtíðarvatnsból fyrir svæðið.	Geldingalækur
Hella	Helluveita sækir vatn í lindir í landi Helluvaðs og Ness u.þ.b. 4 km ofan við byggðina á Hellu.	Helluvað og Nes
Selalækur	Vatnsveita Þykkvabæjar fær vatn úr lindum við Selalæk.	Selalækur

**Grannsvæði vatnsbóla**

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Í Rangárþingi ytra eru eftirfarandi grannsvæði:

Grannsvæði	Lýsing svæðis	Jarðir
Þjórshraun ofan Lækjarbotna og Bjalla	Þjórshraun ofan Lækjarbotna og Bjalla. Svæðið er að hluta innan landgræðslugirðingar.	Lækjarbotnar, Bjalli, Tjörvastaðir, Hrólfsstaðahellir, Húsagarður og Stóru-Vellir
Merkurhraun og Flatahraun	Merkurhraun og Flatahraun, frá Gloppebrún og norður undir Þjórshrauni. Svæðið er að stórum hluta innan landgræðslugirðingar.	Galtalækur og nokkrar eyðijarðir efst í Landsveit
Heiðarhraun - Breknaheiði	Viðfeðmt hraunasvæði ofan byggðar á Rangárvöllum. Svæðið er aðrennslissvæði allra þeirra lindasvæða sem eru skilgreind sem brunnsvæði við hálendisjaðarinn. Svæðið er rúmt afmarkað meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um val á vinnslusvæði neysluvatns.	Nokkrar jarðir, flestar í umsjá Landgræðslunnar

Fjarsvæði vatnsbóla

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða vatnsbóla. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp undir grannsvæði vatnsbóla. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Í Rangárþingi ytra eru eftirfarandi fjarsvæði:

Fjarsvæði	Lýsing svæðis	Jarðir
Sandgilshraun, Selsund, Hekla	Viðfeðmt hraunasvæði ofan byggðar allt að Heklu.	Nokkrar jarðir, margar í umsjá Landgræðslunnar



7.3 SKILGREINING VATNSGÆÐA OG FLOKKUN VATNS

Markmið:

- Vatnsgæði í sveitarfélaginu séu ávallt til fyrirmyndar.

Leiðir:

- Stefnit er að því að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samráði við sveitarstjórn, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns. Vatnasvæðum á að skipta í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Framangreind flokkun á vatnasvæðum í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram.

7.4 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Markmið:

- Stuðlað verði að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. renna styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra.
- Votlendissvæði verði gerð aðgengileg til fuglaskoðunar.

Samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim eins og kostur er. Þessar landslagsgerðir eru:

- a. Eldvörp, gervigigar og eldhraun.
- b. Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- c. Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri
- d. Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- e. Sjávarfitjar og leirur.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær kortlagðar, er skipulagið því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á landslagsgerðum. Um náttúruverndarsvæði gilda að öðru leyti ákvæði náttúruverndarlaga.

NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. Náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. (Sjá einnig gr. 4.19 í skipulagsreglugerð).



Mynd 34. Oddaflóð er mikilvægt friðland fyrir fugla.

Í sveitarfélaginu eru þrjú votlendissvæði með miklu fuglalífi á náttúruminjasrá og eru þau talin upp í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jarðir
N727	Lambhagavatn og Langanes	Lífrik vötn og tjarnir sem eru girtar tjarnarstör. Einn mikilvægasti staður Rangárpings fyrir endur, en þar verpa; stökkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, grafönd og skúfönd auk álfar. Svæðið er um 100 ha að stærð.	Lambhagi og Hjarð-arbrekka
N728	Safamýri	Votlendi sunnan Flóðakeldu og Mýrarskurðar að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlutjörn. Gróðurmikil vötn og mýrlendi, mikilvægur viðkomustaður farfugla. Lagt er til að votlendi Frakkavatns verði endurheimt.	Nokkrar jarðir og jarðapartar
	Oddaflóð	Friðlandið er um 540 ha að stærð. Oddaflóð er á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (BirdLife International). Um friðlandið gilda ákveðnar reglur samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 634/1994.	Selalækur, Sólvellir, Gammabrekka og Langekra

7.5 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Markmið:

- Lögð er áhersla á að varðveita náttúruminjar, fornleifar og aðrar söguminjar, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

Leiðir:

- Markvisst verði reynt að vernda náttúru- og þjóðminjar á svæðinu m.a. með merkingu þeirra.
- Hverfisverndarsvæði eru skilgreind og afmörkuð í aðalskipulagi.
- Stuðlað verði að endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga; hverfisvernd vegna náttúruverndar og hverfisvernd vegna fornleifa.

Hverfisvernd vegna náttúruverndar

Nokkur mikilvæg votlendissvæði og kjarrlendi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs og gróðurs. Auk þess hafa mörg lindavötn á svæðinu og næsta nágrenni þeirra mikið gildi fyrir fuglalíf, sem veiðisvæði og til almennrar útivistar. Dæmi um slík lindavötn eru Minnivallalækur, Skarðslækur, Víkingislækur, Geldingalækur og Hróarslækur.

Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Þar sem um er að ræða vötn eða tjarnir tekur verndarsvæðið, auk þeirra, að lágmarki til 50 m beltis á bökum þeirra.
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um verndun menningar-sögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. (Sjá einnig gr. 4.22 í skipulagsreglugerð).



- c. Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Lögð er til endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
- d. Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

Yfirlit yfir þau hverfisverndarsvæði sem auðkennd eru á skipulagsupprætti er tekið saman í töflu hér að neðan. Þar kemur einnig fram hvaða þættir standa á bak við verndargildi þeirra:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð/jarðir
H1	Hrútsvatn	Mýrlendi Vettleifsholtsbuga, Hrútsvatn, Bakkaflóð að Hellistjörn og Flóðakeldu ásamt Andalæk, Fiskivatni og Háfsós. Samfelt mýrlendi ásamt tjörnum og starengjum, mikið fuglalíf. Lagt er til að votlendi Hrútsvatns verði endurheimt. Vettleifsholtsbugar eru á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (BirdLife International).	Nokkrar jarðir í Rangárpingi ytra og Ásahreppi
H2	Tjarnir við Árbakka	Suðaustur af Árbakka er lítt raskað mýrlendi með þremur tjörnum, sú stærsta nefnist Rolla. Auðugt fuglalíf og fjölbreytt gróðurfar. Ein af fáum heillegum hallamýrum á Suðurlandsundirlendinu. Endurheimt votlendis æskileg.	Árbakki
H3	Kolavatn og Kolvatnsmýri	Lítið stöðuvatn og mýrlendi austan þess. Fjölbreytt fuglalíf s.s. mófuglar, endur, álft og brandugla. Stærð svæðisins er um 2 km ² .	Þjóðólfshagi II og Marteinstunga
H4	Pulutjörn	Lítill og óspillt tjörn með grónum bökkum. Í tjörninni er mikill vatna-gróður. Mikið fuglalíf, einkum endur.	Pula
H5	Hagaleira	Mýri og tjarnir í dalverpi milli holta. Frjósamt votlendi og auðugt fuglalíf; s.s. endur, gæs og álft. Einnig nokkrar tegundir vaðfugla og mófugla. Eitt af fáum óspilltum votlendissvæðum í Holtum. Stærð svæðisins er um 50 ha.	Hagi og Guttormshagi
H6	Stúfholtstjörn	Grunn og gróðurrik tjörn við Stúfholt. Mikið fuglalíf. Mikilvægasti varpstaður flógoða á Suðurlandsundirlendinu.	Stúfholt
H7	Mýri við Heysholt	Mýri og grunnar tjarnir við Heysholt og Flagbjarnarholt. Fjölbreytt votlendisgróður og mikið fuglalíf s.s. endur, vaðfuglar, álft og gæs. Stærð svæðisins er um 0,5 km ² .	Heysholt
H8	Mýrarskógur (Lambhagi – Skarfaness)	Fallegt skóglendi, víðflesjur og mólendi. Svæðið hefur verið friðað fyrir beit um árabíl. Mikið og fjölbreytt fuglalíf, einkum mófuglar. Áhugavert útivistarsvæði. Stærð svæðisins er um 13 km ² .	Skarfaness og fleiri eyðjarðir efst í Landsveit
H9	Merkiholsskógur	Fallegt náttúrulegt skóglendi, mikið og fjölbreytt fuglalíf, einkum mófuglar. Svæðið er í eigu og umsjá Rangárpings ytra.	Merkihovoll



H10	Skógar við Heklurætur	Fallegt náttúrulegt skóglendi, mikið og fjölbreytt fuglalíf, einkum mófuglar.	Næfurholt, Selsund og Haukadalur
H11	Tjörn við Oddhól	Falleg tjörn og umhverfis hana er gróskumikill starargróður og flóðapuntur. Mikið og fjölbreytt fuglalíf.	Oddhóll

Hverfisvernd vegna fornleifa

Auk friðlýstra fornleifa er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem ekki eru staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim og þær settar undir hverfisvernd. Á skipulagsupprætti eru auðkenndar sérstaklega þær jarðir (með tákni og númeri) þar sem eru fornminjar sem taka þarf tillit til áður en til framkvæmda kemur. Númer vísa til svæðisskrár Fornminjastofnunar; Fornleifar í Rangárvallasýslu. Svæðisskrá fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúparhreppi, Ása-hreppi, Holta- og Landsveit. Fornleifar sem njóta hverfisverndar eru taldar upp eftir jörðum í Viðauka I.

Ákvæði hverfisverndar vegna fornleifa eru þessar:

- Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingarleyfissskyldar eða framkvæmdaleyfissskyldar framkvæmdir.
- Skógrækt skal ekki fara nær þekktum fornminjum en 20 m.
- Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar fornleifar.

7.6 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Markmið:

- Helstu jarðskjálftasprungur í sveitarfélaginu verði kortlagðar.
- Íbúðarbyggð og sumarhúsabyggð verði ekki skipulögð á skilgreindum hættusvæðum.
- Tryggja sem best almannavarnir vegna mögulegra jarðskjálfta, eldgosa og flóða.

Leiðir:

- Hættusvæði vegna jarðskjálfta verði kortlögð enn frekar.
- Lagt mat á mögulegar leiðir til að vara ferðamenn við Heklu við gos.
- Veita upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir gegn þeim.
- Unnið verður að öruggari leið frá Bakkabæjum í samráði við íbúa og viðeigandi stofnanir

Í skipulagsreglugerð (nr. 400/1998) gr. 4.18, sem fjallar um svæði undir náttúruvá segir m.a. að í svæðis- og aðalskipulagi skuli auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir byggðum eða fyrirhuguðum varnavirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja. Samkvæmt ÍST 13/1989 er byggðin á álagssvæði 4 og þar gilda sérstakar reglur um burðarþol bygginga.

NÁTTÚRUVÁ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari. (Sjá einnig gr. 4.18 í skipulagsreglugerð.)

Svæði undir náttúruvá hafa ekki verið kortlögð heildstætt í sveitarfélaginu en Ríkislögreglustjóri hefur unnið hættumat vegna hamfarafloða frá Mýrdalsjökli. Djúpsstífla var upphaflega gerð 1923 til að loka farvegi árinna norðan Þykkvabæjar. Fleiri bakkavarnir hafa verið gerðar við Djúpa (Hólsá) m.a. til að verja lönd í Þykkvabæ. Þá hefur þurft að grafa reglulega út ós Djúpár (Hólsár) þegar sandburður stíflar hann. Ljóst er að náttúruhamfarir geta riðið yfir héraðið sbr. kafla 2.6 um náttúruhamfarir í vestanverðri Rangárvallasýslu.

Jarðskjálftar

Á Miðsuðurlandi er mesta jarðskjálftasvæði landsins en jarðskjálftar verða þegar losnar um spennu á þverbrotabeltinu sem liggur frá Bláfjalla-Hengillssvæðinu og austur til Mýrdalsjökuls, þ.e. austarlega á A-V jarðskjálftabeltinu á Suðurlandi. Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili, sbr. Mynd 35. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina $ag = 0,4$ (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og loks 0,1g. Við hönnun mannvirkja þarf því að taka mið af hönnunarhröðun innan hvers svæðis. Veruleg sveiflumögnun getur orðið á hraunlögum ofan á setlögum samanborið við jarðskjálftaáhrif á klöpp. Víða á Suðurlandsundirlendinu háttar þannig til og því ástæða til að sýna sérstaka aðgát við hönnun mikilvægra mannvirkja. Rangárpung ytra er á Suðurlandskjálftabeltinu og í hæsta áhættuflokki, þ.e. 0,4g. Öflugir jarðskjálftar geta því orðið á svæðinu. Eftirfarandi verklagsreglur ættu hins vegar að draga mjög úr tjóni í skjálftahrinum.


- Hafa skal að leiðarljósi að byggja fremur lágreist hús og að ekki verði byggt yfir þekktar jarðskjálftasprungur.
- Ekki verði stofnað til nýrrar byggðar á upptaksvæði stórra skjálfta. Ekki ætti að reisa hús á eða í næsta nágrenni við þekkt upptakamísgengi jarðskjálfta.
- Áður en byggð er skipulögð og byggingarframkvæmdir hafnar á eða við skjálftasvæði skal framkvæmdaaðili kanna bergsprungur á svæðinu. Ekki ætti að reisa mannvirki yfir sprungur eða stalla í berggrunninum.
- Byggingar (íbúðarhús, útihús eða frístundahús) skulu ekki reistar undir hömrum eða hlíðum þar sem hætta kann að vera á grjóthruni eða skriðum í jarðskjálftum.

Eldvirkni - Hamfarahlaup

Byggð er ekki talin stafa bein hætta af eldgosum á svæðinu. Þó getur skapast hætta vegna öskufalls, sérstaklega ofan til á Rangárvöllum og Landi, næst Heklu.

Hætta getur steðjað að ferðafólki sérstaklega við óvænt eldsumbrot og flóð. Á ferðamannatíma, sérstaklega í júlí og ágúst eru daglega fleiri þúsundir ferðamanna á Landmanna- og Rangárvallaafreitti. Mjög mikið er um gönguferðir á Heklu og fleiri svæði þar sem eldgos getur hafist með mjög litlum fyrirvara. Þá getur ferðafólki stafað hætta vegna öskufalls og eitruðu lofttegundum sem fylgja eldgosum. Lagt verður mat á þá hættu sem ferðafólki stafar af skyndilegu eldgosi í Heklu og hvort vinna þurfi upplýsingakerfi eða viðbragðsáætlun til að bregðast við.

Hamfarahlaup af völdum eldgosa í Kötlu getur skapað hættu. Verði hlaup mjög mikið og komi niður Markarfljót mun það m.a. leita í gamla farveg fljótins vestur þverá og niður Hólsá. Það fer eftir hlaupmagni hvort byggð á bökkum ána eða í Þykkvabæ stafi hætta af hlaupi. Almannaavarnadeild Rangárvallasýslu og Ríkisslögreglustjóri hafa unnið hættumat og viðbragðsáætlun vegna Hamfarahlaups. Sú áætlun hefur verið kynnt íbúum svæðisins. Einnig hefur farið fram almannavarnaæfing á svæðinu. Tryggt verður að öllum íbúum svæðisins sem vera kann í hættu mun verða haldið upplýstum komi fram nýjar upplýsingar eða breytingar á viðbragðsáætlun. Upplýsingar um núverandi stöðu má nálgast á heimasíðu Ríkisslögreglustjóra.



Mynd 35. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma. (Heimild: Staðlaráð Íslands, íslenskur staðall).



Mynd 36. Hætta er á öskufalli vegna eldgosa í Heklu.



Mynd 37. Loftmynd af Helli.

MIÐSVÆÐI

Á miðsvæði er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar öllu sveitarfélaginu, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði og íbúðarbyggð á efri hæðum bygginga. (Sjá einnig gr. 4.4. í skipulagsreglugerð).

ÞÉTTBÝLI

Tvö þéttbýli eru skilgreind í Rangárþingi ytra, Hella og Þykkvibær. Hella er á bökkum Ytri-Rangár. Þar er miðstöð stjórnsýslu og helstu þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

8. HELLA

Helstu markmið verða áfram að tryggja fjölbreytt lóðaframboð til íbúðar og að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum.

Markmið:

- Lögð er áhersla á heildstæða og miðlæga byggð og vandaðan frágang lóða.
- Almennigur taki þátt í endurbótum á umhverfi bæjarins.
- Yfirbragð byggðarinnar taki mið af umhverfi sínu.
- Bærinn myndi samfellda byggð með þungamiðju verslunar og þjónustu í miðbæ.

Þungamiðja þjónustu sveitarfélagsins verður á Helli. Byggðin tekur mið af landslagi, hús eru almennt lágreist á einni til tveim hæðum nema á miðbæjarsvæði geta þau verið hærri. Almennig eru um að ræða einbýlis- eða tvíbýlishús og miðað er við að íbúar séu í göngufæri við miðsvæði.

Framsetning á þéttbýlisupprætti er í meginatriðum í samræmi við skilgreiningu og ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. Landnotkunarsvæði eru afmörkuð í grófum dráttum enda gert ráð fyrir að gerð sé nánari grein fyrir afmörkun landnotkunar í deiliskipulagi. Mörk landnotkunarsvæða ákvarðast af götum fremur en lóðamörkum og eru lóðamörk því ekki sýnd á grunni skipulagsuppráttar.

8.1 MIÐSVÆÐI - MIÐBÆJARTENGÐ STARFSEMI

Markmið:

- Miðbæjarsvæði á Helli þjónar öllu sveitarfélaginu sem miðstöð menningar, stjórnsýslu og verslunar.
- Lögð er áhersla á að beina verslun og þjónustu á miðbæjarsvæðið og nágrenni þess til að hraða uppbyggingu þess.
- Góðar gönguleiðir innan miðbæjarsvæðis og tryggja greiða umferð gangandi umferðar.

Leiðir:

- Tryggt verði gott lóðaframboð fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki.
- Merkingar og leiðir fyrir gangandi og hjólandi umferð verði bættar.

Þróun byggðarinnar á Helli tengist Suðurlandsvegi á ákveðinn hátt. Þegar þjóðvegurinn lá yfir gömlu brúna norðan núverandi brúar byggðist þar upp ákveðinn kjarni. Með tilfærslu Suðurlandsvegur um 1960 fluttist með honum ýmis þjónusta á svæðið norðan hans og hefur nú myndast miðbæjarkjarni norðan hans. Mikilvægt er að styrkja þennan kjarna enn frekar með skýrri afmörkun miðbæjarsvæðisins og hafa í huga fjölbreytta blöndu menningar, þjónustu- og atvinnustarfsemi.

Á miðbæjarsvæðinu er að finna stjórnsýslu, heilsugæslu, verslun og ýmsa aðra þjónustu. Gert er ráð fyrir að ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi sem nú er annars staðar á Hellu muni færast inn á miðbæjarsvæðið á næstu árum.

Miðsvæði Hellu er á tveimur reitum sem koma fram í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
M1	Miðbær við Suðurlandsveg	Á þessu svæði eru m.a. bæjarskrifstofur, verslun, veitingasala, heilsugæsla, safnaðarheimili, hótél og pósthús. Stærð svæðisins er um 3 ha.
M2	Miðbær vestan Þrúðvangs	Bankareitur. Stærð svæðisins er innan við hektari.

8.2 ÍBÚÐARSVÆÐI

Markmið:

- Íbúðarhverfi verði í göngufæri við skólasvæðið.
- Íbúðarhverfi verði í góðum tengslum við útivist og þjónustu.
- Lögð er áhersla á nægilegt lóðaframboð og að frágangur lóða sé til fyrirmyndar.
- Áfram verði góðar aðstæður til að ala upp börn og unglinga.

Leiðir:

- Tryggt verði fjölbreytt framboð lóða.
- Áhersla verði lögð á góðan frágang lóða.

Á Hellu eru íbúðarsvæði á þremur svæðum. Elsta svæðið Tún og Skálar er kringum gamla sláturhúsið og liggur upp með Ytri-Rangá. Annað svæði er Vangar sem eru göturnar Freyvangur og Heiðvangur sem liggja á brúninni norður af Dyn- og Þingskálum og er það svæði fullbyggt. Loks eru Sandar og Öldur I og II, en þar hefur verið mesta uppbyggingin á síðustu árum og eru þau svæði fullbyggð. Lausar lóðir eru á Öldum III og stakar lóðir eru lausar innan eldri byggðar. Gert er ráð fyrir fjölgun íbúðarsvæða á Hellu og að tryggja nægilegt framboð íbúðarlóða á skipulagstímanum. Núverandi íbúðarbyggð er á um 30 ha, gert er ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum á um 35 ha. Nýju íbúðarsvæðin eru austan og norðan núverandi byggðar og vestan Ytri-Rangár. Nánast öll íbúðarbyggð á Hellu er og verður innan við kílómeters fjarlægð frá skólasvæðinu sbr. Mynd 38. Til lengri framtíðar litið er gert ráð fyrir að íbúðarbyggðin muni þróast til norðurs beggja vegna Ytri-Rangár.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir minniháttar starfsemi til að þjónusta íbúa viðkomandi hverfis. Hér er átt við starfsemi sem hvorki er ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né draga að sér óeðlilega mikla umferð. (Sjá einnig gr. 4.2. í skipulagsreglugerð).



Mynd 38. Íbúðarsvæði sem eru í innan við 1000 m. fjarlægð frá skólasvæði.

Á þeim svæðum sem teljast til framtíðar íbúðarsvæða er æskilegt að hafa eftirfarandi töflu um nýtingarhlutfall eftir húsagerðum til viðmiðunar þegar unnið er deiliskipulag eða það endurskoðað:

Húsagerðir	Íbúðir / ha	Nýtingarhlutfall
Einbýlishús	10 - 12	0,20 - 0,4
Raðhús	15 - 25	0,35 - 0,6
Fjölbýlishús (2-5 íbúðir)	25 - 35	0,50 - 0,8

Þéttleiki nýrrar íbúðabygðar skal á nýjum íbúðarsvæðum vera á bilinu 10-35 íbúðir á hektara lands brúttó (húsagötur ásamt opnum svæðum innan hverfa meðtaldar).

Núverandi og ný íbúðarsvæði koma fram í eftirfarandi töflu:

Nr.	Nafn	Lýsing	Byggt	Óbyggt
Í1	Skálar	Þetta er elsta íbúðarbyggðin á Hellu í kringum gamla sláturhúsið og norðan við grunnskólann. Flest húsin eru einbýli á einni hæð. Svæðið telst vera fullbyggt. Stærð svæðisins er um 5 ha og nýtingin 10,7 íbúðir/ha.	48	0
Í2	Tún	Svæðið liggur norðan við gamla kjarnann á Hellu. Hér eru nokkrar lóðir óbyggðar. Stærð svæðisins er um 3 ha og nýtingin er um 9,7 íbúðir/ha.	25	7
Í3	Vangar I	Svæðið liggur á brúninni norður af Dynskálum og er það fullbyggt. Flest húsin eru einbýlishús. Stærð svæðisins er um 5 ha og nýtingin 10 íbúðir/ha.	54	0
Í4	Vangar II	Svæðið er norðan núverandi byggðar í Vöngum I og verður aðkoma að því frá nýjum vegi norðan byggðar. Stærð svæðisins er um 3 ha og nýtingin áætluð um 10 íbúðir/ha.	0	26
Í5	Sandar	Svæðið liggur austan við Vanga I að Langasandi. Stærð svæðisins er um 4 ha.	33	1
Í6	Öldur I	Svæðið liggur austan við Sanda, norður af Dynskálum og telst það fullbyggt. Stærð svæðisins er um 4 ha.	21	0
Í7	Öldur II	Svæðið er framhald núverandi byggðar í Öldum I og hefur aðkomu frá Dynskálum og Langasandi. Svæðið telst vera fullbyggt. Stærð svæðisins er um 4 ha.	60	0



Í8	Öldur III	Svæðið er norðan og austan við Öldur II. Á svæðinu verður lágreist og blönduð byggð á 1 hæð; einbýlishús, parhús og raðhús. Aðkoma að svæðinu er frá Langasandi og Eyjasandi. Fyrir liggur deiliskipulag af hluta svæðisins fyrir allt að 70 íbúðir. Stærð svæðisins er um 14 ha.	0	120
Í9	Garður I	Svæðið er sunnan við veg að Helluvaði og heitir Engjagarður. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðisins er um 1 ha og nýtingin áætluð um 9 íbúðir/ha.	0	9
Í10	Bogatún	Svæðið er austan við Lund. Heildarstærð svæðisins er um 3 ha og er svæðið fullbyggt.	27	0
Í11	Nes I	Svæðið er norðan Lunda upp með Ytri-Rangá og með aðkomu frá nýjum vegi í framhaldi af Þrúðvangi. Stærð svæðisins er um 1 ha og nýtingin áætluð um 10 íbúðir/ha.	0	14
Í12	Nes II	Svæðið er norðan Lunda upp með Ytri-Rangá og með aðkomu frá nýjum vegi í framhaldi af Þrúðvangi. Stærð svæðisins er rúm 5 ha og nýtingin áætluð um 10 íbúðir/ha.	0	50
Í13	Nes III	Svæðið er norðan við Nes I og II og upp með Ytri-Rangá. Aðkoma er frá nýjum vegi í framhaldi af Þrúðvangi. Stærð svæðisins er um 4 ha og nýtingin áætluð um 10 íbúðir/ha.	0	40
Í14	Bjarg	Svæði vestan Ytri-Rangár, mörk þess hafa breyst og hætt er við blandaða landnotkun en íbúðarlóðum fjölgað. Stærð svæðisins er um 11 ha og nýtingin áætluð 10-15 íbúðir/ha.	0	110
Samtals			268	377

8.3 IÐNAÐARSVÆÐI

Markmið:

- Áhersla er lögð á fjölbreytt lóðaframboð fyrir iðnfyrirtæki.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnutækifærum.
- Stuðlað verði að góðum umhverfisaðstæðum fyrir fyrirtæki í matvælaframleiðslu.

Leiðir:

- Tryggt verði gott framboð á rúmum iðnaðarlóðum.
- Lögð verði áhersla á að laða að iðnaðarfyrirtæki.

Á Hellu eru iðnaðarsvæði sem ná yfir tæplega 20 ha svæði. Iðnaðarsvæðin eru í jaðri íbúðarbyggðarinnar og sunnan Suðurlandsvegar. Á undanförunum árum hefur helsta uppbygging iðnaðarfyrirtækja verið á Samverksreitnum, niður með Ytri-Rangá sunnan Suðurlandsvegar og við Dynskála. Stefnt er að byggingu hreinsistöðvar fráveitu á svæði 15 suðaustan Gaddstaðafleta.

IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).



Mynd 39. Glerverksmiðjan Samverk á Hellu.

Iðnaðarsvæði koma fram í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
11	Samverksreitur	Svæðið er norðan íbúðarbyggðar á Söndum. Á þessu svæði er m.a. Glerverksmiðjan Samverk og bækistöð Orkuveitunnar. Stærð svæðisins er um 2 ha.
12	Dynskálar	Svæðið er norðan Suðurlandsvegur og austan Langasands. Á reitnum er m.a. kjúklinga-sláturhús. Stærð svæðisins er um 5 ha.
13	Sunnan Suðurlandsvegur	Svæðið er austast á Hellu, sunnan Suðurlandsvegur. Á þessu svæði er gert ráð fyrir stórum iðnaðarlóðum. Deiliskipulag er ekki fyrir hendi. Stærð svæðisins er um 5 ha.
14	Hreinsistöð fráveitu	Svæði fyrir hreinsistöð fráveitu við Ytri-Rangá. Aðkoma er um veginn að Gaddstaðflötum. Stærð svæðisins er um 3 ha.
15	Rangárbakkar	Svæðið er niður með Ytri-Rangá. Á reitnum er m.a. sláturhús. Stærð svæðisins er um 2 ha.
16	Vestan Rangár	Svæðið er vestan Ytri-Rangár. Þar er trésmiðja og spennistöð. Stærð svæðisins er tæpur hektari.
17	Dælustöð v. Rangá	Svæðið er fyrir dælustöð fráveitu að nýju hreinsivirki. Stærð svæðisins er um 0,1 ha.

8.4 ATHAFNASVÆÐI

Markmið:

- Lögð er áhersla á fjölbreytt framboð athafnalóða.

Leiðir:

- Tryggt verði nægt framboð athafnalóða.
- Lögð verði áhersla á að laða að nýja atvinnustarfsemi.

Athafnasvæði á Hellu eru skipulögð á 6 hekturum, flest meðfram Suðurlandsvegi. Athafnasvæði koma fram í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
A1	Áhaldahús og fl.	Á þessu svæði er m.a. áhaldahús sveitarfélagsins. Stærð svæðisins er tæpur hektari.
A2	Dynskálar-vestur	Svæðið er norðan við Suðurlandsveg og austan miðbæjarsvæðisins. Þarna eru t.d. rafmagns- og bílaverkstæði. Stærð svæðisins er um 1 ha.

**ÞJÓNUSTUSTOFNANIR**

Þjónustustofnanir geta m.a. verið skóli, leikskóli, heilsugæslustöð og kirkjustaður. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).



Mynd 40. Leikskóli, skóli og íþróttahús.

A3	Dynskálar- austur	Svæðið er norðan við Suðurlandsveg, milli athafnasvæðisins A2 og iðnaðarsvæðisins I2. Á svæðinu er m.a. dýralæknamiðstöð og matvælafyrirtæki. Stærð svæðisins um 1 ha.
A5	Sunnan Suðurlandsvegur	Svæðið er sunnan Suðurlandsvegur austast í þorpinu. Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt. Stærð svæðisins er um 3 ha.

8.5 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR**Markmið:**

- Grunnskóla- og leikskólalóðir verði í góðum tengslum við íbúðarhverfi og nýtist þannig sem útivistarsvæði.
- Félagsleg þjónusta verði sem mest miðsvæðis og aðgengileg.
- Stefnt er að framhaldsmenntun á Hellu í samstarfi við nágrannasveitarfélög.

Leiðir:

- Góðar tengingar verði við helstu þjónustustofnanir.
- Byggðar verði þjónustuíbúðir í tengslum við Lund.
- Byggður verði framhaldsskóli á Hellu sem staðsettur verður miðsvæðis og í námunda við aðra skóla og miðbæinn.

Opinberar stofnanir á Hellu eru; Grunnskólinn á Hellu, Leikskólinn Heklukot, Tónlistarskóli Rangæinga og Lundur hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra. Heilsugæslan er staðsett á miðbæjarsvæði við Suðurlandsveg, ásamt skrifstofu sveitarstjórnar. Svæði fyrir þjónustustofnanir eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti stofnunar	Lýsing
S1	Skólar	Skólasvæðið er miðsvæðis í byggðinni og í tengslum við miðbæjarsvæðið. Stærð skólalóðar með lóð leikskóla, tónlistarskóla, íþróttahúsi og sundlaug er um 5 ha.
S2	Lundur	Lundur er hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra. Lóðin gefur möguleika á stækkun dvalarheimilisins til norðurs. Innan lóðarinnar er gert ráð fyrir þjónustuíbúðum sunnan og vestan dvalarheimilisins. Lóðin er um 3 ha að stærð.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi, m.a. ferðapjónustu. (Sjá einnig gr. 4.5 og 4.6 í skipulagsreglugerð).



Mynd 41. Hekla – handverkshús.

8.6 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Markmið:

- Lögð er áhersla á gott framboð lóða fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi.
- Stefnt er að uppbyggingu þjónustu fyrir ferðafólk sunnan Suðurlandsvegjar.

Leiðir:

- Gott lóðaframboð verði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi.
- Lögð verður áhersla á góðan frágang lóða.

Auk miðbæjarsvæðisins á Hellu eru nokkur svæði sem falla undir verslunar- og þjónustustarfsemi. Þessi svæði eru flest umhverfis miðbæinn á Hellu og eru vel til þess fallin að stuðla að meiri og fjölbreyttari uppbyggingu á miðbæjarsvæðinu.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
Þ1	Hellubíó og sláturhúsið	Þetta svæði er hluti af gömlu kjarnasvæði á Hellu, hér hefur átt sér stað uppbygging í ferðapjónustu og verslun. Stærð svæðisins er um 1 ha.
Þ2	Prentsmiðja og bókhald	Á þessum reit eru prentsmiðja og bókhaldsfyrirtæki. Stærð svæðisins er innan við hektari.
Þ3	Rangárbakkar	Á þessum reit er blómaverslun og möguleiki á frekari uppbyggingu. Stærð svæðisins er um 1 ha.
Þ4	Rangárbakkar	Svæðið er blanda af þjónustu- og athafnasvæði. Þar er m.a. þjónusta fyrir bifreiðaeigendur og rafmagnsverkstæði. Stærð svæðisins er um 1 ha.
Þ5	Smáhýsasvæði	Um er að ræða gistiaðstöðu í smáhýsum ásamt tjaldstæði og aðstöðu fyrir húsbíla. Gert er ráð fyrir því að á reitnum geti átt sér stað frekari uppbygging. Stærð svæðisins er um 5 ha.
Þ6	Svæði sunnan Suðurlandsvegjar	Gert er ráð fyrir bensínstöð og veitingaaðstöðu sunnan Suðurlandsvegjar sem mundi þjóna vegfarendum og starfsemi á Gaddstaðafötum. Heildarstærð svæðisins er tæpir 3 ha.
Þ7	Dynskálar	Tvær lóðir til verslunar- eða þjónustureksturs, svæðið er um 0,5 ha.

8.7 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Markmið:

- Fjölbreytt aðstaða verði fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs.
- Uppbygging leiksvæða fylgi uppbyggingu nýrra hverfa.
- Stuðlað verði að aukinni skógrækt til útivistar og skjóls.

Leiðir:

- Merkingar verði bættar og lögð áhersla stígagerð á opnum svæðum.
- Haldið verði áfram uppbyggingu á aðstöðu fyrir hestamennsku á Gaddstaðafötum, m.a. með að stuðla að flutningi núverandi hesthúsabyggðar inn á svæðið.
- Almenningsgarður (O2) og Gaddstaðaflatir (O8) verði skipulögð sem eftirsóknarverð útivistarsvæði og haldið opnum möguleika á að stækka íþróttastarfsvæðið til norðurs og að brekkunni.

Á Hellu eru nokkur svæði sem flokkast sem opin svæði til sérstakra nota, þetta eru helst einhvers konar leik- og útivistarsvæði með göngu- og reiðleiðum. Þessi svæði eru samtals um 100 ha, þau stærstu sunnan Suðurlandsvegur. Svæðin eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
01	Skrúðgarður	Skrúðgarðurinn við Þrúðvang. Stærð svæðisins er um 1 ha.
02	Almenningsgarður	Almenningsgarður miðsvæðis í byggðinni sem er í góðum tengslum við byggðina, grunnskólann og íþróttasvæðið. Stærð svæðisins er um 14 ha.
03	Leiksvæði	Eitt leiksvæði er innan byggðarinnar við Þingskála og Freyvang. Auk þess er gert ráð fyrir nýjum svæðum við Öldur II og Vanga I. Stærð þessara svæða er um 1 ha.
04	Hesthús	Núverandi hesthúsasvæði er norðan við Eyjasand. Stærð svæðisins er um 5 ha.
05	Tjaldsvæði	Tjaldsvæðið er sunnan Þjóðvegur og í góðum tengslum við mótssvæði hestamanna á Gaddstaðafötum. Stærð svæðisins er um 5 ha.
06	Gaddstaðaflatir	Skeiðvöllur, og útivistarsvæði. Hluti svæðis nýttur fyrir bílastæði, reiðhöll og ýmsa þjónustu í tengslum við viðburði á Gaddstaðafötum. Stærð svæðisins er um 43 ha.
07	Hesthús á Gaddstaðafötum	Gert er ráð fyrir hesthúsasvæði á hluta svæðisins og það verði þannig í góðum tengslum við Gaddstaðaflatir. Svæðið verður nýtt fyrir ýmsa þjónustu í tengslum við stóra viðburði á Gaddstaðafötum. Stærð svæðisins er um 37 ha.
08	Gaddstaðir	Aldamótaskógur, samstarfsverkefni Skógræktarfélags Rangæinga og Skógræktarfélags Íslands. Stærð samtals um 160 ha beggja vegna Suðurlandsvegur.



Mynd 42. Frá landsmóti hestamanna á Gaddstaðafötum.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru, þar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð. (Sjá einnig gr. 4.13 í skipulagsreglugerð).

SAMGÖNGUR

Undir samgöngur falla öll helstu samgöngumann-virki. (Sjá einnig gr. 4.16. í skipulagsreglugerð).

8.8 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Markmið:

- Þeir útivistarmöguleikar sem Hella og nágrenni býður uppá verði nýttir sem best.

Leiðir:

- Stuðlað verði að bættum merkingum stíga á opnum og óbyggðum svæðum
- Brú á Rangá verði endurbyggð á sínum upprunalega stað sem göngu- og hjólaleið.

Óbyggð svæði eru öll opin svæði innan byggðarinnar og í næsta nágrenni hennar sem ekki eru skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota. Innan óbyggðra svæða er gert ráð fyrir uppbyggingu er lýtur að skógrækt, göngu- og reiðleiðum ásamt lágmarks útivistaraðstöðu og fer það eftir umfangi hvort vinna þurfi deiliskipulag af slíkum svæðum. Óbyggð svæði ásamt svæðum til sérstakra nota mynda samfelldan útivistarvef er teygir sig í gegnum byggðina og umlykur hana.

8.9 VERND

Á Hellu eru nokkur þjóðminjaverndarsvæði og er fjallað um þau í kafla 7.1. Sömu leiðis eru þar fornminjar sem njóta hverfis-verndar. Um hverfisvernd vegna fornminja er fjallað í kafla 7.5. Auk þess eru þessi svæði talin upp í Viðauka I.

9. SAMGÖNGUR

Markmið:

- Lögð er áhersla á vandaðan frágang á umhverfi Suðurlandsvegur í gegnum Hellu.
- Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að ökuleiðir séu stuttar, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnu-tækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.
- Reiðleiðir skulu vera öruggar og utan helstu umferðaræða.
- Göngu- og hjólaleiðir að skólasvæðinu verði góðar og öruggar.
- Tryggt aðgengi verði að flugvelli út frá öryggissjónarmiðum.

Leiðir:

- Lokið verði við Suðurlandsveg gegnum þéttbýlið og allar tengingar við hann.
- Reiðleið verði færð frá þjóðveginum suður fyrir þéttbýlið.
- Göngu- og hjólaleiðir innan Hellu og í næsta nágrenni verði bættar.
- Brú á Rangá verði endurbyggð á sínum upprunalega stað sem göngu- og hjólaleið.
- Gerð verði göngu- og reiðleið með brú á Rangá um Gaddstaðaey og/eða Ægissíðuey.
- Helluflugvöllur er víkjandi á skipulagi sé þörf fyrir landið til annarra nota.



- Verði Helluflugvöllur lagður af á skipulagstímanum mun annar sambærilegur völlur tiltækur til að fullnægja öryggiskröfum.

Gerðar eru nokkrar breytingar á vegum, reið- og göngustígum í og við þéttbýlið á Hellu, einkum í tengslum við ný íbúðarsvæði, færslu Suðurlandsvegur og þeim fyrirætlunum að hann verði breikkaður. Vestan Ytri-Rangár kemur Suðurlandsvegur til með að færast nokkuð til suðurs og gert er ráð fyrir hringtorgi sem tengir Þykkvabæjarveg og Árbæjarveg við Suðurlandsveg.

Tenging tengibrautar um Dynskála við Suðurlandsveg austan iðnaðarsvæðisins I2 færir nokkru austar til að skapa aukið svigrúm fyrir iðnaðarstarfsemi. Reiðstígur við Dynskála færir til norðurs og verður á milli fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar (I7) og iðnaðarsvæðisins (I2). Breytingar á göngustígakerfi á Öldum tekur mið af breyttu vegakerfi. Gert er ráð fyrir undirgöngum fyrir göngu- og reiðleið undir Suðurlandsveg milli athafnasvæðisins A3 og iðnaðarsvæðisins I2. Með þessari tengingu er byggðin í góðum tengslum við útivistarsvæðið á Gaddstöðum.

Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni færir hesthúsasvæðið við Langasand og verði á Gaddstaðafötum í tengslum við þá uppbyggingu sem þar er.

Flokkun gatnakerfisins á Hellu miðast við hefðbundna flokkun gatna í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og húsagötur. Samkvæmt skipulagsreglugerð er einungis gerð grein fyrir stofnvegum og tengivegum á skipulagsuppdrætti. Safnvegir og húsagötur eru einungis sýndar til skýringar á uppdrætti.

9.1 VEGIR

Stofnvegir

Þjóðvegur 1, Suðurlandsvegur er stofnvegur og liggur í gegnum þéttbýlið á Hellu. Hringtorg er á veginum austan Ytri-Rangár og gert er ráð fyrir öðru austast og þá með tengingu við Dynskála. Vestan Ytri-Rangár er gert ráð fyrir því að Þykkvabæjarvegur og Árbæjarvegur tengist Suðurlandsvegi með hringtorgi. Fyrir liggja áætlanir um breikkun Suðurlandsvegur beggja vegna Hellu. Þessar breytingar koma til með að draga úr umferðarhraða og auka öryggi í þéttbýlinu.

Tengivegir

Tengivegir eru aðalumferðargötur bæjarins. Þær tengja bæjarhluta innbyrðis og við stofnvegakerfið. Tengivegir á Hellu eru; Þrúðvangur, Dynskálar og Langisandur, auk vegar að Gaddstaðafötum.

Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir nýrri tengibraut norðan byggðarinnar sem mun tengja saman Langasand og Þrúðvang. Með þessum ofanbyggðavegi fæst hringtenging í byggðinni og ný íbúðarsvæði upp með Ytri-Rangá tengjast betur við núverandi byggð og sömuleiðis íbúðarsvæðin á Öldum.

Húsagötur

Húsagötur eru umferðargötur innan hvers hverfis fyrir sig og tengja byggðina við tengi- og stofnbrautir. Undir þennan flokk falla aðrar götur á Hellu. Gert er ráð fyrir nýjum vegi að Helluflugvelli frá Dynskálum. Sömuleiðis kemur nýr vegur frá hringtorgi við Dynskála til suðurs að athafna- og iðnaðarsvæðunum þar (A5 og I3). Þessi vegur verður jafnframt framtíðartenging frístundabyggðarinnar á Gaddstöðum við Suðurlandsveg.

9.2 REIÐSTÍGAR

Gert er ráð fyrir að umferð hestamanna um Hellu mun aukast samfara uppbyggingu á Gaddstaðafloðum. Núverandi hesthúsabyggð er norðan þjóðvegjar og í góðum tengslum við byggðina. Reiðleiðir um Hellu gera ráð fyrir að umferð hestamanna sé greið og örugg og að íbúar geti reitt sig á að hestamenn noti þær.

Til að auka á öryggi hestamanna og annarra vegfarenda eru undirgöng undir Suðurlandsveg vestan við iðnaðarsvæðið við Dynskála (I2). Þessi undirgöng eru hluti af mikilvægri tengingu milli byggðarinnar og Gaddstaðflata. Skoðað verður með nýja göngu og reiðleið yfir Ytri-Rangá neðan brúar, t.d. um Gaddstaðaei og/eða Ægissíðuey og áfram til vesturs á Bugaveg (nr. 273), með þessu móti færist umferð hestamanna fjær Suðurlandsvegi.

9.3 GÖNGUSTÍGAR

Stuðlað verður að góðum göngutengingum innan byggðarinnar og lögð áhersla á það að gönguleiðir að skólanum verði greiðar og öruggar. Uppbygging á nýjum íbúðarsvæðum miða einnig að því að gönguleiðir skólabarna séu góðar og þær skar-
ist sem minnst við umferðargötur. Auk þess munu göngustígar þjóna öllum íbúum til útivistar og tengja þéttbýlið við aðliggjandi
svæði. Bygð verður göngubrú yfir Ytri-Rangá þar sem gamla brúin var, með því fæst góð tenging við íbúðarsvæðið vestan
Ytri-Rangár.

9.4 FLUGVELLIR

Flugbrautir eru einkum nýttar í þágu sportflugs en völlurinn hefur einnig hlutverk út frá öryggissjónarmiði og þjónar hann sjúkraflugi fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að hann verði víkjandi á skipulagi verði þörf á landinu til annarra landnota en annar flugvöllur, t.d. á Geitasandi, taki við öryggishlutverki hans. Flugbrautir sem sýndar eru á skipulagsuppdætti er haldið við af Flugmálastjórn. Öryggissvæði vegna aðflugs er sýnt á skýringarmynd og hávaðamörk verða innan þess sem kveðið er á um í viðauka reglugerðar nr. 724/2008. Gerð verður samþykkt í sveitarstjórn um notkunartíma vallarins til að draga sem mest úr ónæði af notkun hans án þess að skerða öryggishlutverk hans.

Einnig er gerð er grein fyrir vellingum í kafla 5.2.

10. VEITUR

Markmið:

- Tryggt verði nægt framboð af góðu neysluvatni.
- Tryggð verði öflug fjarskipti í þéttbýlinu.
- Komið verði á viðurkenndri hreinsun á öllu frárennsli frá þéttbýlinu.

Leiðir:

- Unnið verði að virkjun öflugra vatnstökusvæða fyrir þéttbýlið.
- Stuðlað verði að því að öll byggðin hafi öflugra fjarskiptamöguleika, t.d.ljósleiðara.
- Stefnt verði að því að byggja hreinsivirki fyrir Hellu á fyrri hluta skipulagstímans.



Mynd 43. Öryggissvæði fyrir Helluflugvöll.



Fyrirhuguð er bygging hreinsistöðvar fyrir fráveitu suðaustan Gaddstaðafleta. Veitur á Hellu eru talðar upp í eftirfarandi töflu, að öðru leyti er gerð grein fyrir veitum í sveitarfélaginu í kafla 6.

Tegund veitu	Lýsing
Vatnsveita	Vatnsveita á Hellu fær vatn úr lindum í landi Helluvaðs og er miðlunartankur á Hellu.
Fráveita	Áætlanir eru uppi um hreinsistöð fráveitu sem verði staðsett suðaustan Gaddstaðafleta.
Rafveita	Hellulína 2, 66 kV, þverar Ytri-Rangá við brúna. Gert er ráð fyrir að línan verði sett í jarðstreng frá spennistöð við Ægissíðu austur að Hvolsvelli.
Hitaveita	Hitaveita liggur í öll hús á Hellu. Orkuveita Reykjavíkur þjónustar svæðið.
Fjarskipti	Sendar fyrir farsímakerfi eru á vatnstanki austan við Freyvang og ljósleiðari liggur í gegnum Hellu. Lagt hefur verið kapalkerfi í hús og einnig hefur Orkuveita Reykjavíkur lagt ljósleiðara í öll hús á Hellu.



11. ÞYKKVIBÆR

Þykkvibær er talið elsta sveitaport á Íslandi og var eina sveitaport á landinu í 900-1000 ár. Þéttbýlasta svæðið í Þykkvabæ er skilgreint sem þéttbýli, eftir sem áður er gert ráð fyrir að Þykkvibær haldi yfirbragði dreifbýlis þar sem er íbúðarbyggð og búskapur í bland. Íbúar sækja stærstan hluta þjónustu sinnar til Hellu. Svæðið hefur þá sérstöðu að nær allt land innan skilgreinds þéttbýlis er í einkaeign.

11.1 ÍBÚÐASVÆÐI

Markmið:

- Yfirbragð íbúðarbyggðar taki mið af umhverfinu.
- Íbúðasvæði verði í góðum tengslum við útivistarsvæði.
- Áfram verði góðar aðstæður til að ala upp börn og unglinga.

Leiðir:

- Áhersla verði lögð á góðan frágang lóða.
- Huga skal að náttúrfari áður en deiliskipulagsvinna hefst til að koma í veg fyrir að mikilvægar jarðmyndanir og gróður-svæði verði fyrir áhrifum framkvæmda. Íbúðarbyggð skal taka mið af yfirbragði dreifbýlis.

Fjögur íbúðasvæði eru skilgreind innan þéttbýlisins. Utan þeirra eru fjölmörg stök íbúðarhús ásamt geymslu- og útihúsum.

Nr.	Heiti jarðar	Lýsing
Í1	Baldurshagi	Gert er ráð fyrir 4 lóðum á um 1 ha svæði.
Í2	Hábær II	Nokkur stök hús miðsvæðis í Þykkvabæ. Stærð svæðisins er um 2 ha.
Í3	Kirkjuhvoll	Þrjú íbúðarhús á um 0,5 ha svæði.
Í4	Borg	Gert er ráð fyrir um 20 íbúðarlóðum á um 30 ha svæði.

ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst vera íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir minniháttar starfsemi til að þjónusta íbúa viðkomandi hverfis. Hér er átt við starfsemi sem hvorki er ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávæða eða óþrifnaðar né draga að sér óeðlilega mikla umferð. (Sjá einnig gr. 4.2. í skipulagsreglugerð).



Mynd 44. Loftmynd af Þykkvabæ.

**IÐNAÐARSVÆÐI**

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli starfsemi sem talin er geta haft mengun í för með sér. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. (Sjá einnig gr. 4.7 í skipulagsreglugerð).

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er gert ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið. Til þeirra teljast m.a. menntastofnanir, trúarstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins. (Sjá einnig gr. 4.3 í skipulagsreglugerð).

11.2 IÐNAÐARSVÆÐI**Markmið:**

- Áhersla er lögð á lóðaframboð fyrir iðnfyrirtæki.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnutækifærum.
- Stuðlað verði að góðum umhverfisaðstæðum fyrir fyrirtæki í matvælaframleiðslu.

Leiðir:

- Afmörkun og staðsetning iðnaðarsvæða taki mið af þörfum atvinnulífs og sé í góðum tengslum við samgöngur á svæðinu.
- Lögð verði áhersla á að yfirbragð og frágangur iðnaðarsvæða sé vandað og umgengni um þau sé góð.

Tvö iðnaðarsvæði eru í Þykkvabæ:

Nr.	Heiti	Lýsing	Jarðir
I1	Þykkvibær	Kartöfluverksmiðja og svæðið næst henni. Stærð svæðisins er um 5 ha.	Þykkvibær
I2	Gámavöllur	Gámavöllur í Þykkvabæ.	Norður-Nýibær

11.3 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR**Markmið:**

- Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.
- Starfsemi núverandi þjónustustofnana verði efl.

Leiðir:

- Að styrkja og vernda menningarsögulegt umhverfi.

Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili og skólar. Stefnt er að því að styrkja menningarsögulegt gildi svæðisins og leggja áherslu á sögu þess. Þjónustustofnanir í Þykkvabæ eru:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
S1	Þykkvabæjarkirkja	Þykkvabæjarkirkja og kirkjugarður í Þykkvabæ.	Þykkvibær
S2	Þykkvabæjarskóli	Skólahús, íþróttahús og leikskóli.	Þykkvibær

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Í flokki opinna svæða til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við starfsemi sem þar er stunduð. Hér er t.d. um að ræða tjaldsvæði fyrir almenning, golfvelli, íþróttasvæði og skipulögð trjáræktarsvæði. (Sjá einnig gr. 4.12 í skipulagsreglugerð).



Mynd 45. Á tjaldsvæðinu í Þykkvabæ.

11.4 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Markmið:

- Fjölbreytt aðstaða sé fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs.
- Lögð er áhersla á trjárækt innan svæðisins til myndunar skjóls.

Leiðir:

- Auðveldað verði aðgengi að opnum svæðum með góðu skipulagi og leiðbeiningum.

Eitt svæði til sérstakra nota er í Þykkvabæ:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
01	Þykkvibær	Tjaldsvæði við íþróttahúsið í Þykkvabæ, við tjaldsvæðið er leikvöllur. Stærð svæðisins er um 2 ha.

11.5 VERND

Í Þykkvabæ eru fornminjar sem njóta hverfisverndar. Um hverfisvernd vegna fornminja er fjallað í kafla 7.5, auk þess eru þessi svæði talin upp í Viðauka I.



SAMGÖNGUR

Undir samgöngur falla öll helstu samgöngumann-virki. (Sjá einnig gr. 4.16. í skipulagsreglugerð).

12. SAMGÖNGUR

Fjallað er um samgöngur í kafla 5. Gert er ráð fyrir að gera greiðfæra leið niður í Þykkvabæjarfjöru á móts við Snasir og vestan Norður-Nýjabæjar.

Tengivegir

Þykkvabæjarvegur er aðal aðkomuleiðin að Þykkvabæ og tengir hann við Suðurlandsveg.

Vegnr.	Heiti	Lýsing
25	Þykkvabæjarvegur	Liggur af Suðurlandsvegi við Ægissíðu að þéttbýlinu í Þykkvabæ og til austurs að Suður-Nýjabæ.

Héraðsvegir

Einn megin vegur liggur um þéttbýlið í Þykkvabæ. Aðrir vegir liggja að einstökum húsum.

Vegnr.	Heiti	Lýsing
2995	Háfsvegur	Liggur frá megin aðkomu að Þykkvabæ og til vesturs að Háfi.

13. VEITUR

Um veitur er fjallað í kafla 6.



Mynd 46. Rangárvalla- og Landmannaafréttir.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði á afrétti eru opin svæði til almennrar útiveru þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkja-gerð, þ.m.t. landgræðslusvæði. (Sjá einnig gr. 2.1 í skipulagsreglugerð).

HÁLENDI

Afréttarsvæði sveitarfélagsins eru víðfem og fjölfarin sérstaklega yfir sumartímann en einnig er umferð mikil þar yfir vetrartímann.

Hér er fjallað um landnotkun á Rangárvalla- og Landmannaafréttum. Landnotkun á afréttunum er í megindráttum í samræmi við gildandi Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015. Afmörkun svæða og staðsetning mannvirkja er aðlöguð nákvæmari kortagrunni aðalskipulagsins sem er í mkv. 1:100.000 í stað 1:350.000 í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Sérstaklega er tekið fram ef vikið er frá gildandi svæðisskipulagi.

14. LANDNOTKUN - AFRÉTTIR

Landnýting vegna ferðamennsku og afþreyingar fer vaxandi. Mótuð verður stefna til framtíðar varðandi landnýtingu á hálendinu. Hafin er vinna við útfærslu auðlindastefnu fyrir sveitarfélagið sem m.a. er ætlað að taka á landnýtingu til verndunar, samgangna, iðnaðar og orkuframleiðslu og hvernig auðlindanýtingin verði til sem mestra hagsbóta fyrir sveitarfélagið og aðliggjandi svæði.

14.1 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Markmið:

- Umferð um hálendissvæði verði undir þölmörkum viðkvæmra svæða.
- Stefnt er að því að beitarnýting verði í samræmi við landgæði.

Leiðir:

- Unnið verði að rammaskipulagi á hálendissvæðum á sviði ferðaþjónustu og samgangna.
- Mörkuð verður langtímastefna á nýtingu lands og auðlinda í sátt við náttúruna.
- Unnið verði að beitarstýringu í samráði við Landgræðslu ríkisins.

Landnotkunin óbyggð svæði er ríkjandi landnotkun á afréttunum og fer víðast saman með mismunandi verndarsvæðum, s.s. náttúruvernd og hverfisvernd. Beitarnot eru almennt heimil á óbyggðum svæðum, en beitarnýting eru þau landnot sem eiga sér lengsta hefð á hálendinu. Dregið hefur úr beitarálagi á síðustu áratugum vegna breytinga á búskaparháttum og æskilegt að létta enn frekar beit á vangrónum svæðum. Í samvinnu við Landgræðsluna er unnið að beitarstjórn og/eða friðun á viðkvæmstu svæðum afréttanna m.a. á framanverðum Landmannaafrétti þar sem er stór landgræðslugröðing, sem nær frá framanverðu Sölvahrauni inn að Bjallavaði á Tungná.

Mikil umferð er um hálendið og tryggja verður að sú umferð ofbjóði ekki þölmörkum landins. Til að vinna því framgang verður unnið skipulag sem ætlað er að ramma inn stefnu ríkis, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila til lengri tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði um óbyggð svæði eins og skilgreint er í kafla 4.9

ÍÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er fyrst of fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, verksmiðjur og virkjanir.



Mynd 47. Þórisvatn.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Til verslunar- og þjónustusvæða teljast þau svæði sem skilgreind eru sem jaðarmiðstöðvar, hálendis- miðstöðvar, skálasvæði og fjallasel í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

14.2 ÍÐNAÐARSVÆÐI**Markmið:**

- Standa þarf vörð um viðkvæma og sérstæða náttúru hálendisins.

Leiðir

- Ekki verður virkjað á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
- Ný iðnaðarsvæði verði í sem mestri sátt við umhverfið.

Gert er ráð fyrir að rannsóknum á Torfajökulssvæðinu verði haldið áfram og þær leiði til þess að hagkvæmt reynist að virkja jarðhita á svæðinu í sátt við náttúruverndarsjónarmið.

Engin stöðvarmannvirki virkjana eru á afréttunum. Miðlunarlón nokkurra virkjana eru að hluta til á Landmannaafretti, þ.e. Hrauneyjalón, Krókslón og Þórisvatn.

Heiti virkjunar	Lýsing
Sigölduvirkjun	Virkjanamannvirki eru þegar byggð og er Sigöldulón um 13 km ² . Lagaheimild liggur fyrir um stækkun úr 150 MW í 200 MW. Virkjunarsvæðið er að mestu á Holtamannaafretti.
Hrauneyjafoss- virkjun	Virkjanamannvirki eru þegar byggð og er Hrauneyjalón um 9 km ² . Lagaheimild liggur fyrir um stækkun úr 210 MW í 280 MW. Virkjunarsvæðið er að mestu á Holtamannaafretti.
Þórisvatns- miðlun	Orkumannvirki hafa þegar verið byggð og er stærð Þórisvatns um 88 km ² í fullri stærð

14.3 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI**Markmið:**

- Stefnt er að því að draga úr álagi af völdum ferðamanna í Landmannalaugum
- Stefnt er að því að efla þjónustu við ferðamenn á hálendissvæðum, sérstaklega í Friðlandi að Fjallabaki.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir öll helstu ferðaþjónustusvæði á hálendinu.

Leiðir:

- Samhliða því að bæta skipulag ferðaþjónustu í Landmannalaugum verður unnið að því að færa þjónustuna í samráði við hagsmunaaðila.
- Úthlutun lóða á hálendi verður í samræmi við deiliskipulag og eingöngu úthlutað til aðila sem stunda þjónustu og eftirlit.
- Lóðum er ekki úthlutað til einkanota.
- Lagt verði mat á uppbyggingu hálendismiðstöðvar við Fjallabaksleið nyrðri, sem þjóna myndi Friðlandi að Fjallabaki.



- Unnið verði að því að bæta aðstöðu í Landmannahelli, Hvanngili, Álftavatni, í Veiðivötnum, Hungurfit og fleiri stöðum.
- Við gerð deiliskipulags verði skilgreind frekari uppbygging ferðapjónustu á hálendinu.

Verslunar- og þjónustusvæðum er skipt í þrjá flokka; miðstöðvasvæði ferðamanna, skálasvæði og fjallasel:

Miðstöðvasvæði ferðamanna

Undir miðstöðvasvæði flokkast jaðarmiðstöðvar og hálendismiðstöðvar í Svæðisskipulagi miðhálandis 2015. Þar eru jaðarmiðstöðvar skilgreindar sem “þjónustumiðstöðvar á jaðarsvæðum hálendis og efst í byggð við meginleiðir inn á hálendið. Staðir í góðu vegasambandi við þjóðvegi og/eða aðalfjallvegi með möguleika á starfrækslu ferðapjónustu allt árið”. Hálendismiðstöðvar eru hins vegar við aðalfjallvegi hálendisins í samfelldum rekstri yfir sumartímann.

Eitt svæði er í flokknum miðstöðvasvæði ferðamanna:



Mynd 48. Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum.



Mynd 49. Landmannahellir.

Miðstöðvasvæði	Lýsing
Hálendismiðstöðin Hrauneyjar	Alhliða þjónustumiðstöð ferðamanna við Sprengisandsleið, Fjallabaksleið nyrðri og Veiðivatnaleið. Á staðnum er ferðamannaaðstaða með gistihúsi, veitingasölu, verslun, bensínsölu o.fl. Svæðið er skilgreint sem jaðarmiðstöð í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Skálasvæði

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru skálasvæði skilgreind sem “staðir í góðu vegasambandi en þjónusta er minni en á hálendismiðstöðvum. Gistiskálar sem þjóna breiðum hópi ferðamanna, þar á meðal veiðimönnum, göngufólki og hestamönnum, en mörg húsanna eru jafnframt gangnamannahús”. Á þessum svæðum er gert ráð fyrir að byggist upp aukin þjónusta frá því sem nú er. Skálasvæði eru talin upp í eftirfarandi töflu:

Skálasvæði	Lýsing
Skjólkvíar við Heklu	Áningarstaður í tengslum við gönguferðir á Heklusvæðinu. Engin mannvirki eru á staðnum en áformað er að byggja upp þjónustu.
Landmannahellir	Á staðnum er gangnamannaskáli, hesthús og tjaldsvæði, auk nokkurra minni skála. Gott vegasamband er um Landmannaleið. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum á Fjallabakssvæðinu. Stefnt er að því að styrkja staðinn sem þjónustusvæði fyrir ferðafólk. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins.
Tjaldvatn í Veiðivötnum	Miðstöð veiðimanna. Á staðnum er á annan tug svefnskála og þjónustuhús Veiðifélags Landmannafréttar. Fyrirliggjandi er deiliskipulag af þjónustusvæði veiðimanna við Tjaldvatn þar sem gert er ráð fyrir fjölgun gistiskála.
Landmannalaugar	Einn fjölsóttasti ferðamannastaður á hálendinu. Skáli FÍ, hesthús og tjaldsvæði. Gott vegasamband um Fjallabaksleið nyrðri og vinsæll alhliða áningarstaður. Liggur vel við reið- og gönguleiðum á Fjallabakssvæðinu. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr álagi ferðamanna á svæðinu.



Mynd 50. Í Landmannalaugum.



Mynd 51. Áfangagil.

Álftavatn	Á staðnum eru 2 skálar í eigu FÍ. Áningarstaður á gönguleið milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Gert er ráð fyrir að bæta gistiaðstöðu og bæta þjónustu við ferðamenn Unnið er að deiliskipulagi svæðisins.
Hvanngil	Gangnamannahús, skáli, hesthús og hestagerði í eigu FÍ. Alhliða áningarstaður, vegasamband um Fjallabaksleið syðri. Áningarstaður á gönguleiðinni milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Gert er ráð fyrir að bæta gistiaðstöðu og bæta þjónustu við ferðamenn. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins.

Fjallasel

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru fjallasel skilgreind sem staðir í *“takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, einkaskálar, veiðihús og gangnamannahús”*. Fjallasel skulu vera opin fyrir almenningi og eru þau talin upp í eftirfarandi töflu:

Fjallasel	Lýsing
Áfangagil	Á staðnum er gangnamannahús. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum á Fjallabakssvæðinu. Áformað er að bæta gistiaðstöðu á staðnum og að svæðið flytjist í flokk skálasvæða við endurskoðun Svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015.
Rauðaskál	Gert er ráð fyrir nýjum áningarstað í tengslum við gönguleiðir á Heklusvæðinu.
Austurbotn	Á staðnum eru veiðihús Veiðifélags Holtamannafréttar. Áformað er að bæta gistiaðstöðu á staðnum.
Dalakofi	Á staðnum eru 2 hús í einkaeign, gistiskáli og geymsluhús og vinnur Útivist að endurbótum og viðbyggingu við húsin. Áningarstaður á göngu- og reiðleiðum á Fjallabakssvæðinu. Gert er ráð fyrir að svæðið flytjist í flokk skálasvæða við endurskoðun Svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015.
Hrafninnusker	Á staðnum er gönguskáli í eigu FÍ, áningarstaður á gönguleið á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Unnið er að deiliskipulagi svæðisins.
Strútur	Á staðnum er skáli Útivistar. Áningarstaður á gönguleiðum í Hólmsárbotna og á Torfajökul.
Krókur	Á staðnum er gangnamannakofi. Áningarstaður á reiðleiðum á svæðinu. Áformað er að bæta gistiaðstöðu.
Hungurfit	Á staðnum er gangnamannahús. Áningarstaður á reiðleiðum á svæðinu. Áformað er að bæta gistiaðstöðu.



14.4 SORPEYÐING

Markmið:

- Stefnt er að því að viðurkennd ílát til söfnunar og flokkunar úrgangs séu á fjölmönnum ferðamannastöðum og framkvæmdasvæðum.

Leiðir:

- Sorpgámar verði á helstu ferðamannastöðum.

Um meðferð sorps fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð og gildir einu hvort um er að ræða sorp frá ferðamannastöðum eða frá mannvirkjagerð, t.d. vegna framkvæmda tengdri orkuvinnslu eða vegagerð. Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 var mörkuð sú stefna að engin sorpeyðing megi eiga sér stað á hálendinu: „Allt sorp verði flutt til byggða. Opin brennsla og urðun úrgangs er bönnuð skv. mengunarvarnareglugerð hvar sem er á landinu“.

14.5 EFNISTÖKUSVÆÐI

Markmið:

- Standa þarf vörð um viðkvæma og sérstæða náttúru.

Leiðir:

- Efnistaka fari ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruinjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi.

Efnistaka vegna afmarkaðra verkefna á afrétti, s.s. vegna vegagerðar eða orkuframkvæmda, fær skipulagslega meðferð í tengslum við slíkar framkvæmdir. Breytingar á vegum og/eða virkjunum kalla á breytingu á aðalskipulagi. Að öðru leyti er vísað til kafla 4.8 um efnistökusvæði í dreifbýli.

Flestar námur á hálendinu eru nýttar í þágu orkuvinnslu og eru þær auðkenndar á skipulagsupprætti.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
E57	Fossabrekkur	Vikurnáma. Efnismagn er yfir 500.000 m ³ .
E58	Næfurholtsbjallar	Vikurnáma, efnismagn allt að 500.000 m ³ .
E59	Tungnaá	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar- og steypuefni. Mati á umhverfisáhrifum er lokið.
E60	Ármót Köldukvíslar og Tungnaár	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar- og steypuefni. Mati á umhverfisáhrifum er lokið.

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökuastaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malar-nám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.



E61	Sigalda	Grjótnáma. Mati á umhverfisáhrifum er lokið.
E62	Sigalda innri	Grjótnáma. Mati á umhverfisáhrifum er lokið.

15. SAMGÖNGUR

15.1 VEGIR

Markmið:

- Samgöngur á hálendinu verði bættar
- Helstu vegir verði opnaðir fyrir á vorin til að efla ferðaþjónustu á hálendinu.

Leiðir:

- Merkingar vega á afréttunum verði bættar.
- Vegurinn af Landmannaleið um Skjólkvíar að Heklu verði gerður fær öllum bílum.
- Fjallabaksleið nyrðri verði bætt verulega sem stofnvegur.
- Vegir að ferðamannastöðum og þjónustusvæðum á afréttunum verði lagfærðir.

Lega og skilgreining vega er í meginráttum í samræmi við gildandi Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.

Aðalfjallvegir

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru aðalfjallvegir skilgreindir sem “stofnvegir hálendis, byggðir sem fólksbílafærir sumarvegir með brúuðum ám. Þeir tengja saman byggðarlög þvert yfir hálendið og liggja um helstu byggingarsvæði þess”. Fjallabaksleið nyrðri er eini stofnvegurinn á afréttunum.

Fjallvegir

LANDSVEGIR

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra öðrum vegflokkum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru fjallvegir skilgreindir sem „ferðamannaleiðir innan héraða, í mörgum tilfellum e.k. ofanbyggðavegir, jafnan opnir skemur en aðalfjallvegir. Ruddir eða ofanibornir vegir og hættulegustu ár brúaðar”. Á afréttinum eru eftirtaldir vegir í fjallvegaflokki (sem eru ýmist skilgreindir sem stofnvegir á hálendi, landsvegir eða styrkvegir skv. vegalögum):

Vegnr.	Heiti	Lýsing
208	Fjallabaksleið	Liggur af Sprengisandsleið norðan Hrauneyjalóns að Landmannalaugavegi (F224).

SAMGÖNGUR

Til samgangna teljast öll helstu samgöngu-mannvirki s.s. vegir, brýr, göngu- og reiðleiðir, flug-vellir og flugbrautir. Vegum er skipt eftir gæðum og eðli í þrjá flokka; aðalvegi, fjallvegi og einkavegi- og aðrar ökuleiðir.

STOFNVEGIR Á HÁLENDI

Til stofnvega á hálendi teljast vegir sem eru mikil-vægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu.



Mynd 52. Fjallabaksleið nyrðri er stofnvegur á hálendi.

	nyrðri	
F208	Fjallabaksleið nyrðri	Liggur frá Landmannalaugavegi (F224) um Eldgjá að Búlandi. Leiðin er að hluta til í Skaftárhreppi. Leiðin hefur verið færð úr flokki tengivega í stofnvegur á hálendi.
F210	Fjallabaksleið syðri	Liggur frá Snæbýli í Skaftártungu, um Mælifellssand, Hvanngil að Álftavatni þar um Sátu-botna að Laufafelli um Skyggnishlíðar að Hafrafelli. Tengist Rangárvallavegi (264) við Keldur. Gert er ráð fyrir að leiðin frá Keldum inn að Fossi verði lagfærð og sé fær stærst-an hluta ársins.
F224	Landmanna-laugavegur	Liggur frá Fjallabaksleið nyrðri (208) að Landmannalaugum.
F225	Landmannaleið (Dómadalsleið)	Liggur af Fjallabaksleið nyrðri (208) við Frostastaðavatn, um Dómadal og Landmannahelli að Landvegi (26).
F228	Veiðivatnaleið	Liggur af Landvegi (26) sunnan Vatnsfellsvirkjunar inn að Tjaldvatni. Leiðin er að hluta til á Holtamannaafreitti.
F229	Jökulheimaleið	Liggur frá Veiðivatnaleið (F228) í Jökulheima. Leiðin er að hluta til á Holtamannaafreitti.
F261	Emstruleið	Liggur frá Fjallabaksleið syðri (F210) við Hvanngil og til byggða í Fljótshlíð (261).

Einkavegir og aðrar ökuleiðir

Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru einkavegir og aðrar ökuleiðir skilgreindar sem *“fremur fáfarnar leiðir að fjallaseljum, s.s. ýmsir afrétta-, veiði- og línuvegir”*.

Heiti	Lýsing
Áfangagil	Leið af Landmannaleið (F225) og að gangnamannahúsi við Áfangagil.
Valagjá	Leið í Valagjá af Landmannaleið (F225) og áfram umhverfis Valafell í Áfangagil.
Vatnaölduleið	Leið að Skyggnisvatni af Veiðivatnaleið (F228).
Austurbotnaleið	Leið í Austurbotna af Veiðivatnaleið (F228).
Veiðislóðir í Veiðivötnum	Hringleiðir á Veiðivatnasvæðinu sem einkum eru notaðar af veiðimönnum.
Krakatindsleið	Leiðin liggur af Landmannaleið (F225) um Rauðufossafjöll að Krakatindi, austan Sléttafells í Vesturdali og á Fjallabaksleið syðri (F210) við Laufafell.



Reykjadalsleið	Leiðin liggur frá Fjallabaksleið syðri (F210) við Laufafell, um Vesturdali og Reykjadali að Landmannaleið (F225) í Kringlu.
Skyggnisvatn	Leið að Skyggnisvatni frá Fjallabaksleið syðri (F210) við Laufafell.
Þverárbotnaleið	Leiðin liggur af Fjallabaksleið syðri (F210) um Hungurfit og Sultarfit og yfir Hvítmögu við Krók. Þaðan liggur hún um Þverárbotna að Markarfljótsgljúfri á Emstruleið (F261). Leiðin er í flokki fjallvega í Svæðisskipulagi miðhálandis.
Hekluvegur eystri	Liggur milli Landmannaleiðar (F225) og Fjallabaksleiðar syðri (F210). Vegurinn er skilgreindur sem styrkvegur samkvæmt vegalögum.

15.2 FLUGBRAUTIR

Flugbrautir á hálandinu eru einkum nýttar í þágu ferðamennsku, veiðinytja, og landgræðslu. Einnig hafa þeir hlutverk sem öryggisvællir þegar slys ber að höndum. Á Landmannafrétti er skráð ein flugbraut:

Nr.	Heiti vallar	Lýsing
BISV	Skálavatn	Brautin er malarbraut, 718 x 37 m og er um 2 km frá Skálavatni í Veiðivötnum. Lítið skýli er á staðnum.

15.3 GÖNGULEIÐIR

Markmið:

- Byggðar verði upp megin gönguleiðir að áhugaverðum stöðum og milli áningarstaða á afréttunum.

Leiðir:

- Bættar verði merkingar og viðhald á stikum á gönguleiðinni á Heklu.
- Einstaklingar eða félagasamtök verði fengin til að taka að sér að stika og viðhalda stikum á tilteknum gönguleiðum.

Afréttirnir eru einkar áhugaverðir til lengri gönguferða og hafa gönguferðir um svæðið átt vaxandi vinsældum að fagna á seinni árum. Á skipulagsupprætti eru sýndar nokkrar meginleiðir sem tengja saman fjarsvæði, s.s. byggðalög eða merka ferðamannastaði á hálandinu. Leiðirnar liggja á milli áningarstaða ferðamanna þar sem möguleikar verða á gístiaðstöðu og annarri þjónustu í framtíðinni.

Lega gönguleiða á hálandinu er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti þar sem ekki er um eiginlega mannvirkjagerð að ræða.

GÖNGULEIÐIR

Skipulagið nær til helstu gönguleiða sem eru einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti.



Mynd 53. Göngufólk á leið á Bláhnjúk.



REIÐLEIÐIR

Skipulagið nær til helstu reiðleiða, sem eru einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti.

15.4 REIÐLEIÐIR

Markmið:

- Umferð hestamanna valdi sem minnstum spjöllum á gróðurlendi, sögu- og náttúruminum.

Leiðir:

- Að byggt verði upp skilvirkt reiðleiðakerfi milli áningar- og þjónustustaða á afréttunum.
- Stefnt að því að öll umferð fari eftir skilgreindum reiðleiðum.
- Áningarhólf verði útbúið þar sem ekki er hætt á landspjöllum.
- Allt fóður fyrir hesta verði flutt í áningarstaði.

Afréttirnir eru að mörgu leyti vel fallnir til lengri og skemmri útreiðatúra. Ýmsir hringleiðamöguleikar eru úr byggð inn á hálendið sem og milli byggðarlaga. Á skipulagsupprætti eru sýndar helstu reiðleiðir á milli áningarstaða á hálendinu sem eru skilgreindir sem verslunar- og þjónustustaðir. Reiðleiðir eru eingöngu sýndar á svæðum sem eru talðar þola umferð hesta. Lögð er áhersla á að aðskilja svo sem kostur er reiðleiðir frá akandi umferð. Gert er ráð fyrir að fóður verði flutt á flesta áningastaði þar sem óviða er ráðlegt að beita hestum í haga á hálendinu.

Lega reiðleiða á hálendinu er einungis til leiðbeiningar á skipulagsupprætti þar sem ekki er um eiginlega mannvirkjagerð að ræða.



HÁSPENNULÍNUR

Til háspennulína telst stofnkerfi þeirra, þ.e. flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi, ásamt helgunarsvæðum.

16. VEITUR

16.1 HÁSPENNULÍNUR

Markmið:

- Leitast verður við að raflínur á hálendinu verði lagðar í jörð.

Leiðir

- Nýjar línur og við endurgerð eldri lína verði leitast við að leggja þær í jörð.

Á Landmannaafreitti eru eftirtaldar línur: Hrauneyjafosslína 1 og Sigöldulínur 2, 3 og 4. Þessar háspennulínur eru í fullu samræmi við Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015. Gert er ráð fyrir Búðarháslínu 1 í tengslum við Búðarhálsvirkjun. Mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og svæðisskipulaginu hefur verið breytt til samræmis.

Heiti línu	Lýsing
Hrauneyja-fosslína 1	Liggur frá Hrauneyjum að tengivirki við Sultartangastöð. 220 kV.
Sigöldulína 2	Liggur frá Sigöldu að Hrauneyjum. 220 kV.
Sigöldulína 3	Liggur frá Sigöldu að Búrfellsvirkjun. 220 kV.
Sigöldulína 4	Liggur frá Sigöldu að Prestbakka á Síðu, 132 kV. Línan fylgir í megindráttum Fjallabaksleið nyrðri. Línan er hluti af byggðalínakerfinu.
Búðarháslína 1	Fyrirhuguð Búðarhálsvirkjun verður tengd við orkuflutningskerfi Landsnets með um 17 km langri 220 kV háspennulínu, Búðarháslínu 1, frá tengivirki við Búðarhálsvirkjun að tengivirki við Sultartangavirkjun. Gert er ráð fyrir að hún liggji yfir Búðarháls, austan aðkomuvegar að virkjuninni og yfir Tungnaá rétt austan við Hald. Línan mun liggja áfram samsíða Hrauneyjafosslínu 1 og Sigöldulínu 3 að tengivirki við Sultartangavirkjun. Mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og hefur framkvæmdin verið heimiluð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.



NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá.



Mynd 54. Í Friðlandi að Fjallabaki.

17. VERNDARSVÆÐI

Hálendissvæðin eru í eðli sínu mjög viðkvæm þar sem gróðurhula er víða lítil sem engin, lífrænn jarðvegur lítill en mikil gjóska í jarðvegi. Umferð um svæðin er mikil árið um kring.

Markmið:

- Bæta umgengi um viðkvæm svæði hálendisins.
- Stefnt að því að umferð verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.

Leiðir

- Skipuleggja núverandi þjónustusvæði sem þjóna ferðafólki til að sinna betur þörfum og auknum fjölda ferðamanna.
- Koma í veg fyrir utanvegaakstur m.a. með eflingu eftirlits og bættum merkingum.
- Bæta skipulag og merkingar á viðkvæmum svæðum.

17.1 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Náttúruverndarsvæðin ná til mikilvægustu og merkustu náttúruminja hálendisins. Svæðin ná yfir stórar landslagsheildir og lítt röskuð víðerni, s.s. stóra samfellda hluta gosminja á gosbeltinu.

Ekki hefur verið gerð úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum á svæðinu sem ákvæði 37. gr. náttúruverndarlaga taka til, eða þær kortlagðar. Skipulagið er því sett fram með þeim annmörkum. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmda- eða byggingarleyfi er veitt, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, í þeim tilvikum sem framkvæmdir geta haft í för með sér röskun á jarðmyndunum og vistkerfum. Um náttúruverndarsvæði gilda að öðru leyti ákvæði náttúruverndarlaga.

Á afréttunum eru eftirfarandi náttúruverndarsvæði og vísa númer til náttúruminjaskrár, sbr. einnig kafla 7.4 um náttúruverndarsvæði.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
	Friðland að Fjallabaki	Friðland að Fjallabaki var friðlýst skv. náttúruverndarlögum 1979 og er stærð þess um 470 km ² . Torfajökulssvæðið er eitt fjölsóttasta ferðamannasvæði á hálendi Íslands. Um friðlandið gilda ákveðnar reglur eins og lýst er í auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979.
N707	Veiðivötn	Gosminjar, gígaraðir og hraun. Fjöldi lífauðugra vatna, eitt best varðveitta vatnasvæði hálendisins. Mikil lindasvæði. Gróðurvinjar og fjölbreytt fuglalíf.
N730	Hekla	Hekla er eitt þekktasta eldfjall landsins. Hugmyndir hafa komið fram um stofnun þjóðgarðs á svæðinu.
N761	Emstrur og Fjallabak	Tindfjallajökull ásamt aðliggjandi fjallendi. Stórbrotið og fjölbreytt landslag, kjörið til útivistar á jaðri hálendisins. Svæðið er að hluta til í Rangárpingi eystra.

**HVERFISVERNDARSVÆÐI**

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði sem sveitarstjórn setur, s.s. um vernd menningarsögu-legra minja, náttúruminja og lindasvæða, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

17.2 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Hverfisvernd felur í sér alhliða vernd sem tekur til (i) náttúruminja og mikilvægustu lindasvæða og (ii) fornleifa. Mörg þessara svæða hafa mikið útivistargildi, þ.á.m. jaðarsvæði að byggð. Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru hverfis-verndarsvæði ýmist skilgreind sem *almenn verndarsvæði* eða *vatnsverndarsvæði*.

Hverfisvernd vegna náttúrverndar og lindasvæða

Innan náttúruverndarsvæðanna eru víða gjöful lindasvæði sem eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Gjöfulustu lindirnar spretta undan hraunum, víða nálægt jöðrum hálandisins. Helstu lindasvæði eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði og auðkennd á skipulagsupprætti.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar, geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun og beitarstýringu á svæðinu.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Stuðlað verði að almennri útivist, s.s. með byggingum gönguskála (fjallaselja) við helstu gönguleiðir.
- Óheimilt er að raska lindasvæðum sem eru auðkennd sérstaklega á skipulagsupprætti.

Á afréttunum eru eftirtalin náttúruminja- og lindasvæði sem njóta hverfisverndar:

Heiti svæðis	Lýsing
Hrauneyjar – Veiði-vatnahraun	Stór og samfelld óröskuð landslagsheild, gosminjar og vatnasvið Veiðivatna. Lindir í Veiðivötnum, við Blautukvísl, Sigöldugljúfur, Fossöldu, Þóristungur, Þórisvatn og Rangárbotna ytri. Eystri hluti svæðisins, sem nær yfir framanverðan Landmannaafrétt um Sölvahraun inn að Bjallavaði, er skilgreindur sem landgræðslusvæði í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Svæðið nær einnig til Holtamannaafréttar.
Brennivinskvísl	Lindir undir Veðurhálsi og á Mælifellssandi. Vatnsmagn líklega um 1 m ³ /s.
Bláfjallakvísl	Tvö svæði. Lindir í farvegi Bláfjallakvísar. Vatnsmagn um 1 m ³ /s.
Markarfljót	Tvö svæði. Lindir Blautukvísar, Laufalækjar og Hagafellskvísar. Vatnsmagn yfir 1 m ³ /s.
Rangárbotnar eystri	Tvö svæði. Lindir undan hraunbrúnum í Rangárbotnum efri og neðri.



Hverfisvernd vegna fornleifa

Fornminjar á svæðinu eru ekki staðsettar eða metnar á þessu skipulagsstigi, en vakin er athygli á þeim og þær felldar undir hverfisvernd. Númer vísa til skrár Fornleifastofnunar um fornminjar á miðhálandi Íslands. Skráin byggir ekki á vettvangsathugunum og er því ekki tæmandi. Valdir eru þeir staðir þar sem vitað er um umtalsverðar fornleifar, þar með taldar allar minjar um mannabyggð og útilegumannabústaði, auk helstu miðstöðva gangnamanna og merkustu fjallvega.

Allir þeir staðir og svæði sem skilgreind eru sem þjóðminjasvæði í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 eru felld undir hverfisvernd vegna fornleifa.

Ákvæði hverfisverndar eru þessi:

- a. Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingarleyfisskyldar eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- b. Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar fornleifar.

Helstu minjastaðir á afréttunum eru þar sem hafa verið miðstöðvar gangnamanna. Fornleifasvæði sem njóta hverfisverndar eru talin upp í Viðauka I.



18. HEIMILDIR

Aðalskipulag Rangárvallahrepps 2002 - 2014

Aðalskipulag Djúpárhrepps 1998 - 2010

Aðalskipulag Holta- og Landsveitar 2002 – 2014

Alþingi; www.althingi.is Ýmis lög og reglugerðir.

Bændasamtökin 2008; Ólafur Dýrmundsson/Guðlaug Eyþórsdóttir; samantekt tölfraði um búfé.

Fornleifastofnun Íslands 1999; Fornleifar í Rangárvallasýslu. Svæðisskrá fornleifa í Fljótshlíð, Rangárvöllum, Djúpárhreppi, Ásahreppi og Holta- og Landsveit.

Hagstofa Íslands 2009; www.hagstofa.is Mannfjöldi, mannfjöldaspár,

Hagstofa Íslands 2008; Magnús Bergmann, Lárus Blöndal: atvinnuskipting – samantekt tölfraði.

Hekluslógar; Hreinn Óskarsson. Mörk og verkefni Hekluslóga

Hnit ehf 2007: Loftmyndir af Rangárpingi ytra.

Iðnaðarráðuneytið; www.rammaaetlun.is; Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma - drög.

ISOR – íslenskar orkurannsóknir; Árni Hjartarson: Vatnsvernd og grunnvatnsstraumar í Landsveit; des. 2008

Landgræðsla ríkisins; Arna Björk Þorsteinsdóttir, Guðný Indriðadóttir o.fl. Landgræðslusvæði í Rangárpingi ytra

Landmælingar Íslands 2008: Kortgrunnur IS50

Landsnet; Njörður Lúðvíksson: Raflínur, jarðstrengir. Samantekt upplýsinga.

Landsvirkjun; www.lvp.is: Virkjun í neðri Þjórsá – áætlun, umhverfismat, úrskurðir.

Páll Einarsson 2001; Jarðskjálftar í Ölfusi og Flóa 2001. Greinargerð vegna svæðisskipulags fyrir Ölfus, Hveragerði og Selfoss. Maí 2001. Kort af jarðskálftasprungum – óútegefið efni.

Orkustofnun 2000; Lindir og lindasvæði í Holta- og Landsveit og Rangárvallahreppi. Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson. Október 2000.

Ragnar Stefánsson, Páll Halldórsson, Gunnar Guðmundsson 2000; Skýrsla um skjálftana 17da og 20 júní 2000.

Ríkislögreglustjóri - almannavarnadeild; www.almannavarnir.is: Hættumat Katla-vestur. Hættumat vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli.

Ríkisútvarpið 2008; Textavarp: veiðitölur 2007 og 2008

Samband ísl. sveitarfélaga; www.samband.is: Staðardagskrá 21

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Miðhálandis 1999; Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015. Uppdrættir og greinargerð. Umhverfisráðuneytið, maí 1999.



Samgönguráðneytið 2005; www.samgonguraduneyti.is: Fjarskiptaáætlun 2005 - 2010

Samgönguráðneytið; www.samgonguraduneyti.is Samgönguáætlun 2007-2018

Skógrækt ríkisins; www.skogur.is: Hreinn Óskarsson – Hekluskýgar – stærsta endurheimt birkiskóga á Íslandi

Stjórnarráð Íslands; Velferð til framtíðar – stefnumörkun ríkisstjórnar Íslands, áherslur 2006 – 2009

Umhverfisstofnun; www.ust.is Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og náttúruminjar.

Umhverfisstofnun; www.ust.is: Friðland að fjallabaki

Veðurstofan okt. 2008 www.vedur.is veðurfar

Veðurstofan okt. 2008; Einar Sveinbjörns – samantekt veðurupplýsinga

Vegagerðin okt 2008; www.vegagerdin.is; Vegakerfið og skilgreiningar.

19. MYNDASKRÁ

Mynd 4. Þjórásarhraunið er nútímahraun. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir).....	22
Mynd 5. Vatnslind. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir).....	23
Mynd 10. Hekla og Valafell. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir)	26
Mynd 11. Svæði þar sem vatnsdýpi verður meira en 2 metrar, miðað við flóð allt að 300.000 m ³ /s. Mynd úr skýrslu á hættumati	
Mynd 23. Árskýgar. Landgræðslusvæði norðan Heklu. (Mynd Sveinn Runólfsson)	37
Mynd 28. Gunnarsholt á Rangárvöllum. (Mynd Jón R. Björnsson).....	46
Mynd 30. Landréttir í Réttarnesi. (Mynd Erlingur Jensson)	53
Mynd 33. Við Kerauga er gert ráð fyrir framtíðarvatnsbóli fyrir sveitarfélagið. (Mynd Örn Þórðarson)	64
Mynd 36. Hætta er á öskufalli vegna eldgosa í Heklu. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir).....	71
Mynd 45. Á tjaldsvæðinu í Þykkvabæ. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir)	86
Mynd 47. Þórisvatn. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir)	89
Mynd 48. Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir).....	90
Mynd 50. Í Landmannalaugum. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir).....	91
Mynd 54. Í Friðlandi að Fjallabaki. (Mynd Jórunn Eggertsdóttir)	98

Aðrar myndir eru í eigu Steinsholts sf.





VIÐAUKAR

I FORNLEIFAR

II EFNISTÖKUSVÆÐI

III ÞEMAKORT

VIÐAUKI I – FORNLEIFAR

Svæðisskrá fornleifa liggur fyrir, en hún var unnin af Fornleifastofnun árið 1999. Ennfremur liggur fyrir skráning fornleifa á afréttum sem unnin var í tengslum við svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015, sem staðfest var í maí 1999. Í svæðisskráningu felst öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og gagnasöfnum sem gefur til kynna yfirlit og eðli menningarminja á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við í svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um að allar fornleifar 100 ára og eldri séu friðaðar sbr. 9. gr. laganna. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- j. Í fyrirbyggjandi skipulagstillögu eru fornminjar teknar fyrir með tvennum hætti. Annars vegar eru auðkenndar allar friðlýstar fornminjar á svæðinu og þær merktar á uppdrátt eins og nákvæmni uppdráttar leyfir. Og hins vegar eru auðkenndar þær jarðir þar sem aðrar fornminjar hafa fundist. Í þeim tilvikum er vísað til svæðisskrár Fornleifastofnunar frá 1999, eins og fram kemur í meðfylgjandi skipulagsgögnum.

Helstu tegundir menningarminja eru búsetuminjar, minjar um jarðrækt, búnaðarminjar innan túna, búnaðarminjar utan túna, samgönguminjar og samkomuminjar.

- A. Bæjarhólar og bæjarstæði eru þeir staðir þar sem bæir hafa staðið öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld og til dagsins í dag. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta.
- B. Útihús fyrir búpening voru helstu byggingar á hverri jörð fyrir utan sjálf bæjarhúsin. Þau eru víðast hvar dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, nokkuð var um lambhús, en fá fjós og hesthús.
- C. Tún, garðar og akrar. Á 19. öld var rekinn mikill áróður fyrir túngarðshleðslum, en á fyrri hluta aldarinnar voru tún almennt ekki girt á Íslandi. Um aldamótin 1900 voru víða komnir garðar í kringum tún í Rangárvallasýslu. Túngarðar voru gerðir til að verja túnin fyrir ágangi búfjár en einnig þekktist það að hlaða garða til að verja tún og hús fyrir



skriðuföllum og sandfoki. Lítið var um grænmetisrækt á svæðinu. Flestir kálgarðar munu vera frá því um aldamótin 1900.

- D. Stekkir og kvíar. Mjög fór að draga úr fráfærum í Rangárvallasýslu um aldamótin 1900. Stekkir virðast ekki hafa verið algengir en þeir voru fjárréttir þar sem lambakró var hlaðin af innst. Fráfæruæmar voru mjaltaðar í kvíum og voru þær yfirleitt nær bæ, en stekkirnir oftast í túnjaðri. Aðrar minjar sem tengjast fráfærum eru smalakofar en þeir voru yfirleitt á stöðum þaðan sem víðsýnt var.
- E. Beitarhús og sel. Aðeins eru skráð 19 beitarhús á 479 jörðum og því líklegt að beitarhús hafi ekki verið algeng í Rangárþingi. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og býlum sem áttu land til fjalla eða afréttarlanda.
